



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## HUGVÍSINDASVIÐ

---

DEILD ERLENDRA TUNGUMÁLA,  
BÓKMENNTA OG MÁLVÍSINDA

LÝÐRÆÐI Í KÍNVERSKA ALPÝÐULÝÐVELDINU  
OG MÖGULEIKAR Á FREKARI ÚTFÆRSLU ÞESS

Ritgerð til BA-prófs í Austur-Asíufræði

Bergþóra Aradóttir

Janúar 2011

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Austur-Asíufræði

LÝÐRÆÐI Í KÍNVERSKA ALPÝÐULÝÐVELDINU  
OG MÖGULEIKAR Á FREKARI ÚTFÆRSLU ÞESS

Ritgerð til BA-prófs í Austur-Asíufræði

Bergþóra Aradóttir

Kt.: 010986-2819

Leiðbeinandi: Jón Egill Eypórsson

Janúar 2011

## Ágrip

Í þessari ritgerð er leitast við að varpa ljósi á sögu lýðræðis í Kína og möguleikum á frekari lýðræðisþróun. Hugtakið lýðræði fékk á sig jákvæða merkingu í hugum margra kínverskra menntamanna og varð að vinsælu slagorði í pólitískri umræðu í byrjun 19. aldar. Í ljósi þess hafa kínverskir pólitískir leiðtogar þurft að nota lýðræðislegt form ríkisstjórnar og stofnana þrátt fyrir að þeir væru að stofna einveldi. Hugmyndir um lýðveldi, stjórnarskrá, forseta, ríkisstjórn og þing voru aðeins tæki í augum margra kínverskra pólitískra leiðtoga.

Pólitísk saga Kína á 20. öld einkennist af hringrás byltinga og einveldis þar sem óánægðir byltingarsinnar hrifsa til sín völdin í nafni fólksins og stofna ný einveldi, sem skapa reiði og óánægju og leiðir til þess að þeir eru hraktir frá völdum af nýjum byltingarsinum, sem líka stofna einveldi. Allir byltingarsinnaðir andstæðingar valdboðsstjórnar í Kína hafa sagst vera lýðræðissinnar en um leið og þeir hafa komist til valda verða þeir valdboðssinnar. Það sama á við um Mao Zedong sem stofnaði Alþýðulýðveldið Kína árið 1949. Eftir lok Mao tímabilsins, árið 1976, hafa leiðtogar Kína lagst í umfangsmiklar efnahagslegar umbætur og fært Kína nær markaðshyggju, sem hefur skilað þjóðfélaginu örum hagvexti. Trúlega hefur stöðugleiki og vaxandi velsæld átt þátt í auknum kröfum eftir lýðræði. Alþýðulýðveldið Kína hefur síðustu 20 ár staðið í heimsins stærstu grasrótarlýðræðistilraun með því að starfrækja opnar kosningar til nefnda í þorpum, sem er lægsta stjórnsýslueining Alþýðulýðveldisins og jafnvel leyft kosningar til embætta í hærra settum stjórnsýslueiningum.

Kínverski Kommúnistaflokkurinn hvíkar þó enn ekki frá þeirri skoðun sinni að opnar fjölflokka kosningar henti Kína ekki og telja að rétt sé að stefna að umræðupólitík. Núverandi leiðtogar Kína telja að Kína verði að fara sínar eigin leiðir í innleiðingu lýðræðis og líta ekki svo á að sósíalismi og lýðræði útiloki hvort annað. Líklegt virðist að einhver tegund lýðræðis verði komin á innan 60 ára.

## Orðalisti

- Aðalendurskoðandi (e. Auditor General / k. 总审计长)
- Aðalflokksnefnd (e. Primary Party Committee / k. 主要党委)
- Aðalritari (í Fastanefnd Alþýðupings) (e. Secretary-general / k. 秘书长)
- Aðalritari (í Ríkisráði) (e. Secretary-general / k. 秘书长).
- Aðalritari Kínverska kommúnistaflokksins (e. General Secretary / k. 总书记)
- Aðalritari Stjórnardeildar Miðstjórnar (e. Executive Secretary of the Secretariat of the Central Committee / k. 中国共产党中央委员会书记处书记)
- Agæftirlitsnefnd (e. Party Discipline Committee / k. 中共中央纪委监察部)
- Agaráð (e. Central Commission for Discipline Inspection / k. 中央纪律检查委员会)
- Allsherjarmundir Miðstjórnar (e. Central committee Plenary Session / k. 中央全会)
- Almannaöryggis yfirvöld (e. Public Security Bureau / k. 公安局)
- Almannaöryggisráðuneyti (e. Ministry of Public Security / k. 公安部)
- Almenn flokksútibú (e. General Party Branches / k. 共支部)
- Almennir fundir (e. General Meeting / k. 大会)
- Alþýðuping (e. National People's Congress / k. 全国人民代表大会)
- Áróðursdeild Kínverska kommúnistaflokksins (e. Communist Party's Central Propaganda Department - CPD / k. 中央宣传部)
- Borgarsýsla (e. Municipality directly under the Central Government / k. 直辖市)
- Borg (e. Cities / k. 地区)
- Bæjarumdæmi (e. Township / k. 乡镇)
- Bær (e. Town / k. 集镇)
- Deild almennra mála (e. General Affairs Office / k. 总务部)
- Deild alþjóðlegs samstarfs (e. International Liaison Department / k. 国际关系部)
- Fastanefnd Alþýðupings (e. Standing Committee of the National People's Congress / k. 全国人民代表大会常务委员会)
- Flokksnefnd (e. party committee / k. 党委)
- Flokksskóli (e. Central Party School / k. 中央党校)

Flokksútibú (e. Party Branches / k. 支部)

Flokksþing Kínverska kommúnistaflokksins (e. National Congress of the Communist Party of China / k. 中国共产党全国代表大会)

Formaður (e. Chairman / k. 主席)

Formaður Miðstjórnar (e. Chairman of the Central Committee of the Communist Party of China / k. 中国共产党中央委员会主席)

Forseti (e. President / k. 总统)

Forsætisráðherra (e. Premier / k. 总理)

Framkvæmdanefnd Alþýðupings (e. National People's Congress Presidium / k. 主席团)

Fylki (e. Autonomous Region / k. 自治区)

Hreppur (e. County / k. 县)

Hverfi (e. District / k. 地域)

Hæstiréttur (e. Supreme People's Court / k. 最高人民法院)

Höfundarréttarskrifstofa (e. National Copyright Administration / k. 国家版权局)

Kínverska kommúnistaflokkskerfið (e. Chinese Communist Party system / k. 党务系统)

Kínverska pólitíska ráðgjafarþingið (e. The Chinese People's Political Consultative Conference - CPPCC / k. 人民政协)

Kínverska ríkisstjórnin (e. Central People's Government / k. 中央人民政府)

Kínverska þjóðin (e. The Chinese People / k. 中华民族)

Kínverski herinn (e. People's Liberation Army - PLA / k. 人民解放军)

Miðstjórn Kínverska kommúnistaflokksins (e. Chinese Communist Party Central Committee / k. 中共中央)

Nefnd (e. Commission / k. 委员会)

Ráðherra (e. Minister / k. 部长)

Ráðuneyti (e. Ministry / k. 部)

Ráðuneyti borgaralegra mála (e. Ministry of Civil Affairs / k. 民政部)

Ríkisráð (e. State Council / k. 国务院)

Ríkisráðgjafi (e. Member of State Council / k. 国务委员)

Ríkisstjórnarkerfið (e. Government System / k. 政务系统)

Samyrkjubú (e. Commune / k. 公社)

Sjálfstjórnar-héraðsstjóraembætti (e. Autonomous Prefectures / k. 自治州)

Sjálfstjórnarhreppur (e. Autonomous County / k. 自治县)

Sjávarkosning (e. Sea Election / k. 海选)

Skipulagsdeild (e. Organisation Department / k. 组织部)

„Skyldur heimilisins“ kerfið (e. Household Responsibility System / k. 家庭联产承包责任制)

Staðbundin alþýðuþing (e. Local People's Congress / k. 地方人民代表大会)

Staðbundin flokksþing (e. Local Party Congress / k. 党代会)

Staðbundinn ritari flokksútibúa (e. Local Party Branch Secretary / k. 支部书记)

Staðbundin Stjórnardeild (e. Secretariat / k. 书记处)

Staðbundin stofnun ríkisstjórnar (e. Local Government / k. 地方政府)

Staðbundnir Fundir (e. Local Assemblies / k. 地区大会)

Stjórn trúarlegra mála (e. State Administration for Religious Affairs / k. 国家宗教事务局)

Stjórnardeild Miðstjórnarinnar (e. Secretariat of the Central Committee / k. 中国共产党中央委员会书记处)

Stjórnsmálaráð (e. Politburo of the CCP / k. 中国共产党中央政治局)

Stjórnstöð verndunar ríkisleyndarmála (e. National Administration for the Protection of State Secrets / k. 中共中央保密委员会办公室)

Stjórnsýsluskrifstofa (e. Government Administrative Office / k. 政府行政公署)

Sýsla (e. Province / k. 省)

Sýslufundur (e. Provincial Assembly / k. 省级大会)

Sýslumaður (e. Governor / k. 省长)

Upplýsingatækniráðuneyti (e. Ministry of Industry and Information Technology / k. 工信部)

Utanríkisráðherra (e. Foreign Minister / k. 外相)

Varaborgarstjóri (e. Vice-mayor / k. 副市长)

Varaforseti (e. Vice-president / k. 副总统)

Varaforsætisráðherra (e. Vice-premiers / k. 副总理)

Varahreppsstjóri (e. County Deputy Chief / k. 县次长)

Varasýslumaður (e. Vice-governor / k. 副省长)

Þjóðfundur (e. National Assembly / k. 国民大会)

Þjóðlegt bæjarumdæmi (e. Ethnic Township / k. 少数民族乡)

þorp (e. Village / k. 村)

þorpsnefnd (e. Village Committee / k. 村委会)

# Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Saga Lýðræðis í Kína .....	1
2.1 Qing ættarveldið.....	2
2.2 Lýðveldin Kína .....	3
2.3 Þjóðernissinnaflokkurinn - Guomindang.....	4
2.4 Kínverski kommúnistaflokkurinn .....	7
2.5 Mao tímabilið.....	9
2.6 Lýðræðishreyfing 8. áratugarins .....	11
2.7 Lýðræðishreyfing 9. áratugarins .....	11
3. Alþýðulýðveldið Kína .....	12
3.1 Árin 1976 til 2003.....	12
3.2 Kínverski kommúnistaflokkurinn .....	15
3.3 Uppbygging Kínverska kommúnistaflokksins.....	17
3.4 Ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína .....	19
3.5 Stjórnarskrá Alþýðulýðveldisins Kína .....	24
3.6 Kosningar innan Alþýðulýðveldisins Kína.....	25
3.7 Þorpsnefndakosningar .....	28
4. Kína á 20. öld.....	33
4.1 Stofnanavæðing og breyttar áherslur .....	33
4.2 Kínversk þjóðerniskennd og valdboðshneigð.....	35
4.3 Fjölmiðlar og ritskoðun.....	36
4.4 Internetið og pólitísk þátttaka .....	37
4.5 Super Girl .....	40



<b>5. Möguleikar á lýðræði í Alþýðulýðveldinu Kína.....</b>	<b>42</b>
5.1 Líkur á lýðræði í Alþýðulýðveldinu Kína .....	42
5.2 Hvað finnst Kínverjum um lýðræði? .....	45
5.3 Hvaða úrræði eru til staðar fyrir breytingar?.....	50
5.4 Hugsanleg breyting yfir í lýðræði .....	51
<b>6. Hvað stendur í vegi fyrir lýðræði í Kína?.....</b>	<b>54</b>
6.1 Konfúsismi .....	54
6.2 Pólítísk menning, spilling, þróun og bændur .....	57
<b>7. Lokaorð.....</b>	<b>59</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>61</b>

# 1. Inngangur

Í Íslenskri orðabók er lýðræði skilgreint sem stjórnarfar þar sem almenningur getur með (leynilegum) kosningum haft úrslitavald í stjórnarfarsefnum eða sem réttur og aðstaða einstaklinga eða hópa til að láta í ljós vilja sinn og hafa áhrif á öll samfélagsleg málefni (Mörður Árnason, 2007). Almenn er talið að lýðræði samstandi af eftirfarandi fjórum þáttum:

1. Stjórnmalakerfi sem byggist á því að velja stjórnendur í frjálsum og sanngjörnum kosningum.
2. Virkri þátttöku almennings í kosningum og stjórnmalum.
3. Að mannréttindi allra borgara séu tryggð.
4. Að löggjöf gildi jafnt um alla borgara (Hilla University, 2004).

Í Íslenskri orðabók er lýðveldi skilgreint sem þingræðislegt stjórnarfar þar sem æðstu menn eða æðsti maður (forseti) ríkisins er þjóðkjörinn eða kosinn af þjóðkjörnum fulltrúum til tiltekins tíma (Mörður Árnason, 2007). Alþýðulýðveldi hinsvegar, er þjóðfélag sem byggir á kenningum Marx og Lenín þar sem kommúnistaflokkur stjórnar í nafni almennings og með hagsmuni meirihluta almennings að leiðarljósi án þess þó að hafa verið kosinn til þess í frjálsum lýðræðislegum kosningum (Wikipedia, 2010). Kínverski kommúnistaflokkurinn stofnaði Alþýðulýðveldið Kína þann 1. október 1949. Í þessari ritgerð verður reynt að varpa ljósi á lýðræðisþróun og hvort möguleikar séu á frjálsum lýðræðislegum kosningum í Kína.

## 2. Saga lýðræðis í Kína

Fyrir tíma seinni hluta Qing ættarveldisins<sup>1</sup> réttlættu keisarar völd sín með því að þeir hefðu umboð himinsins (Zhao, 2000). Hugtakið umboð himinsins, sem fjallar um lögmæti stjórnenda, á rætur sínar að rekja til fyrri hluta Zhou ættarveldisins (Encyclopædia Britannica, 2011i). Zhou ættarveldið varði frá árinu 1045 - 256 f.Kr. en Zhou-menn réttlættu völd sín með því að vísa til þess að umboð þeirra kæmi frá himnum. Uppfrá því vísuðu allar keisaraættir í Kína til þessa umboðs (Hrannar Baldvinsson, 2009).

---

<sup>1</sup> Qing ættarveldið varði frá árinu 1644 til 1911/12 (Encyclopædia Britannica, 2011h).

## 2.1 Qing ættarveldið

Fyrir fyrsta Ópíumstríðið<sup>2</sup> var Kína mjög einangrað og utanríkisviðskipti takmörkuð. Niðurlægjandi ósigur Kína í Ópíumstríðinu leiddi til Nanjing sáttmálans, fyrsta af mörgum ósanngjörnum milliríkjasamningum, sem miðuðu að því að opna kínverskar hafnir og markaði fyrir vestrænum kaupmönnum (Zhao, 2000). Stjórn Qing ættarveldisins ákvað að aðlagast nýjum og breyttum tímum og setti af stað Sjálfstyrkingarhreyfinguna (Ziqiang Yundong) og hreyfingu til þess að efla vestræn áhrif (Yangwu Yundong). Markmið þeirra var að kynna vestræna tækni og læra af útlendingum til þess að byggja upp sterkt kínverskt ríki sem gæti staðið og dafnað í fjandsamlegu alþjóðlegu samfélagi (Zhao, 2000).

Kínverskir fræðimenn m.a. Yan Fu og Liang Qichao, sem fylgst höfðu með komu vestræns lýðræðis á 19. öld, voru þess sinnis að Kína þyrfti ekki aðeins að fá vestræna tækni að láni heldur einnig frjálslegar vestrænar hugmyndir og gildi þar sem valdamikil lönd væru einnig lýðræðissinnuð (Zhao, 2000). Í byrjun ársins 1898 lögðu fræðimaðurinn Kang Youwei og lærisveinn hans Liang Qichao til að Guangxu keisari ætti að örva iðnhbyggju og fjármagnshbyggju siðferði (e. capitalist ethics) til þess að styrkja landið og tryggja velmegun. Ásamt því lögðu þeir til þingræðislegt (e. parliamentary) kerfi til þess að tengja almenning og stjórnendur saman á virkan hátt og tryggja þáttöku almennings (Zhao, 2000). Í kjölfar tillaga Kang Youwei og Ling Qichao og neyðarlegum ósigri Kína í stríðinu við Japan (1894-5) hrinti Guangxu keisari umfangsmiklum umbótum af stað 11. júní 1898 sem var ætlað að breyta Kína frá toppnum (Encyclopædia Britannica, 2010h). Umbæturnar voru stöðvaðar af íhaldssömum hóp með keisaraynjunni Cixi í fararbroddi, þegar hún steypti Guangxu keisara af stóli og tók við völdum þann 21. september, um hundrað dögum eftir að umbæturnar hófust. Kang Youwei og Liang Qichao flúðu til Japans (Encyclopædia Britannica, 2010a).

Þrem árum eftir hundrað daga umbæturnar gaf Qing stjórnin út keisaralega tilskipun um endurbætur á skipun stofnana til þess að virkja lágaðallinn (e. gentry) og menntastéttina í leiðbeinandi hlutverk til þess að viðhalda Qing ættarveldinu. Tilskipunin var að mestu leyti samstíga áformum hundrað daga umbótanna en í henni var m.a. kveðið á um stofnun utanríkisráðuneytis, stofnun nýrra skóla og skólstyrki fyrir nemendur erlendis (Zhao, 2000). Mikilvægustu endurbætur Qing stjórnarinnar voru undirbúningur stjórnarskrár en árið 1908 gaf Qing stjórnin út uppkast af stjórnarskrá sem hét „Imperial Decree on the Outline of the Constitution“ (Gang, 2009). Samkvæmt því átti að efna til staðbundinna funda (e. local assemblies / k. 地区大会) strax árið 1908, kosningar fyrir sýslufundi (e. provincial assemblies /

---

<sup>2</sup> Fyrsta Ópíumstríðið átti sér stað á árunum 1839 til 1842 (Encyclopædia Britannica, 2011g).

k.省级大会) áttu að fara fram árið 1909 og kosningar fyrir þjóðfund (e. national assembly / k. 国民大会) áttu að fara fram árið 1910. Að lokum átti stjórnarskrá að vera kunngerð árið 1917 (Zhao, 2000). Þetta var í fyrsta skipti í kínverskri sögu þar sem leitast var við að skilgreina keisaravald með pólitískum stofnunum þ.e. stjórnarskrá og fundum í stað umboðs himinsins (Zhao, 2000).

Endurbætur Qing ættarveldisins grófu hinsvegar undan haldlítilli keisarastjórninni og juku spennu milli lágaðalsins og Manchu einveldisins. Landsbyggðar-lágaðall (e. provincial gentry) og kaupmenn breyttu nýstofnuðum fulltrúaþingum (e. representative assembly) Qing ættarveldisins í formlegan vettvang til þess að berjast fyrir lögbundinni (e. constitutional) áætlun um stjórnómálega valddreifingu (Zhao, 2000). Árið 1911 hófu lágaðall, kaupmenn, fyrrum embættismenn, nýir hermenn og ungir róttæklingar uppreisn til þess að stofna lýðveldi undir stjórn Sun Yat-sen, vestrænt menntuðum þjóðernissinna. Sun Yat-sen steypti Qing ættarveldinu af stóli og varð bráðabirgðaforseti fyrsta kínverska lýðveldisins, sem stofnað var á nýársdag 1912 (Zhao, 2000).

## 2.2 Lýðveldin Kína

Lýðveldið Kína varð fljótt að nýrri gerð einveldis. Yuan Shikai, umbótasinnaður hershöfðingi Qing ættarveldisins, hafði nýtt stöðu sína til þess að svíkja Qing ættarveldið með því að neyða keisarann til þess að gefa út keisaralega tilskipun, sem leyfði byltingarsinum að stofna lýðveldi. Auk þess sannfærði hann Sun Yat-sen um að lýðveldið myndi aðeins lifa ef hann yrði gerður fyrsti forseti þess (Zhao, 2000). Eftir að Sun Yat-sen sagði af sér forsetaembættinu í febrúar 1912 (Encyclopædia Britannica, 2010a) leitaðist hann við að hafa hemil á framagirni Yuan Shikai með þingræðislegum (e. parliamentary) meirihluta og ábyrgri ríkisstjórn og krafðist því ríkisstjórnar sem færi með sameiginlega forystu, eins og bráðabirgðastjórnarskrá Lýðveldisins Kína kvað á um (Zhao, 2000).

Fyrstu ár lýðveldisins einkenndust af stöðugri valdabaráttu milli Yuan Shikai og lýðveldisbyltingarsinna (Encyclopædia Britannica, 2010a). Þjóðernissinnaflokkur Sun Yat-sen, Guomindang (GMD), sem stofnaður var þann 25. ágúst 1912, náði meirihluta á þingi árið 1913. Þingræðislegur leiðtogi GMD, Song Jiaoren, ætlaði að leiða GMD ríkisstjórnina og ná aftur völdunum sem Yuan Shikai hafði hrifsað til sín, með því að taka öll völd af forsetanum. Song Jiaoren var hinsvegar myrtur áður en hann náði að hrinda áætlunum sínum í framkvæmd en talið er að Yuan Shikai hafi staðið á bak við morðið til þess að tryggja völd sín. Þegar þingið birti nýja stjórnarskrá sem kvað á um að framkvæmdavald væri í höndum ríkisstjórnar lét Yuan Shikai leysa

upp GMD (Encyclopædia Britannica, 2010a) og vék meðlimum þess af þingi 4. nóvember 1913 (Zhao, 2000). Yuan Shikai kom fram með nýja stjórnarskrá þann 18. febrúar 1914 sem kvað á um að engin pólitísk stofnun gæti haft hemil á forsetavaldinu (Zhao, 2000). Lýðveldið Kína undir stjórn Yuan Shikai varð því fyrsta stjórnarfar í Kína sem var með persónulegt einræði í nafni stjórnskipulegrar (e. constitutional) ríkisstjórnar (Zhao, 2000). Í október 1915 tilkynnti Yuan Shikai að hann myndi endurreisa keisaraveldi í Kína undir nafninu „Glorious constitutionalism“ og gerði hann sig að keisara þann 1. janúar 1916. Sú ákvörðun mætti miklu mótlæti og mikilli mótspyrnu frá öllu Kína og neyddist Yuan Shikai til þess að endurreisa lýðveldið innan þriggja mánaða eða þann 22. mars 1916 (Zhao, 2000). Kínverskur almenningur var orðinn fráhræfður hefðbundnu einræði. Eftir þetta hafa öll einveldi og aðrar tegundir stjórnar þurft að dulbúa sig með stjórnskipulegri ríkisstjórn. Spilling, hernaðaríhlutun og flokkadrættir grófu undan raunverulegu lýðræði, gerðu það að athlægi og lögðu þingræði í rúst. (Zhao, 2000)

Eftir misheppnaða tilraun Yuan Shikai til þess að endurreisa keisaralegt einveldi brotnaði veldið upp og við tók tímabil margra stríðsherra, sem báru litla virðingu fyrir lýðræði (Zhao, 2000). Á árunum 1916 til 1928 stjórnðu hundruðir stríðsherra svæðum innan Kína sem hafði í för með sér óöryggi og upplausn (Hook, 1982). Stríðsherrarnir endurreistu lýðveldið aftur og aftur á þessum tíma og nýttu sér lýðveldisstofnanir til þess að framkvæma sitt vald (Zhao, 2000).

## 2.3 Þjóðernissinnaflokkurinn - Guomindang

Kínverskir stjórnámálflokkar urðu ekki til fyrr en í seinni hluta Qing ættarveldisins. Fyrir þann tíma voru klíkur og samtök bönnuð af keisara og því höfð í leynd. Eftir lýðveldisbyltinguna 1911 byrjuðu hinsvegar að myndast stjórnámálflokkar (Zhao, 2000). Mikil gróska var í stjórnámálum en samkvæmt rannsóknum Zhang Yufa sagnfræðings komu fram 682 stjórnámálflokkar eða samtök á árunum 1911-13, þar af voru um þrjátíu flokkar með tiltölulega mótaðar stefnuskrár (Zhao, 2000). Mikilvægastur þeirra var þjóðernissinnaflokkurinn Guomindang (GMD) (e. Kuomintang - KMT), sem þróaðist út frá fyrsta stjórnámálflokki Kína, Xingzhonghui (e. Revive China Society), sem stofnaður var árið 1894. GMD blandaði saman vestrænum þingræðishugmyndum með byltingarhugmyndum Lenínista og helgaði sig þjóðernisstefnu og lýðveldisstjórnarferi (Zhao, 2000). Fyrst eftir lýðveldisbyltinguna aðhylltist GMD vestrænt þingræði (e. parlamentarism) og innleiðingu þingbundinnar (e. constitutionalism) ríkisstjórnar og keppti af fúsum vilja við aðra flokka (Zhao, 2000). Eftir að spilling, hernaðaríhlutun og flokkadrættir brengluðu kínverskt þingræði og gerðu lýðræðishugmyndir að athlægi ákvað stofnandi GMD, Sun Yat-sen að leiða umfangsmikla endurskipulagningu á GMD árið 1924. Sun Yat-sen hafði, allt frá upphafi Xingzhonghui sem síðar varð GMD, ávallt leitað eftir aðstoð erlendis frá. Þegar Bandaríkin ásamt

öðrum vestrænum ríkjum höfnuðu beiðni Sun Yat-sen um viðkenningu á Guangzhou herríkisstjórninni<sup>3</sup> (e. militarist government) árið 1921 buðust nýstofnuð Sovétríkin til þess að hjálpa Sun Yat-sen og GMD. Sun Yat-sen páði aðstoð frá þeim við endurskipulagningu flokksins og hvernig skyldi endurreisa Kína (Zhao, 2000).

Endurskipulagningin gerði GMD að mun áhrifameira pólitísku afli en áherslur endurskipulagningarinnar voru á flokkshollustu og hlutverk hersins. Huangpu herskóli var m.a. stofnaður eftir fyrirmynd herskóla Rauða hersins í Sovétríkjunum, með Chiang Kai-shek sem yfirmann (e. first commandant) og síðar æðsta yfirmann. Eftir endurskipulagninguna var GMD orðinn mjög líkur Sovéska Kommúnistaflokknum þ.e. með stigveldi. Með hjálp Sovétríkjanna hélt Sun Yat-sen fyrsta þing (e. National Congress) GMD í janúar 1924, sem setti upp stofnanir og gaf út stefnuýfirlýsingu sem lýsti yfir tilhlökkun yfir því að vinna náið með Sovétríkjunum og Kínverska kommúnistaflokknum (CCP) (Zhao, 2000).

Eftir miklar umræður á þriðja þingi Kínverska kommúnistaflokksins í júní 1923, samþykkti Kínverski kommúnistaflokkurinn áætlun Comintern, Alþjóðlegrar kommúnistastofnunar Sovétríkjanna, að kommúnistar ættu að ganga í GMD en Sun Yat-sen, sem hafði hafnað fjölflokka bandalagi, samþykkti að hleypa kommúnistum í GMD. Kínverski kommúnistaflokkurinn var hinsvegar staðráðinn í því að halda aðskildu kennimerki (e. identity) þó meðlimir þess gengu sem einstaklingar inn í GMD (Encyclopædia Britannica, 2010a).

Sun Yat-sen taldi ómögulegt að sameina Kína friðsamlega og hafði verið að undirbúa herferð til Norður-Kína til þess að brjóta á bak stríðsherrana, sem þar réðu ríkjum, (Ragnar Baldursson, 1985) þegar hann lést þann 12. mars 1925 úr lifrarkrabbameini (Encyclopædia Britannica, 2010a). Eftir lát Sun Yat-sen fór að bera á ágreiningi innan GMD vegna áhrifa kommúnista sem skipulögðu m.a. verkalyðsfélög og bændasamtök auk þess sem þeir ýttu undir stéttabaráttu (Encyclopædia Britannica, 2010a). Þann 20. ágúst árið 1925 létu íhaldssamir meðlimir GMD myrða Liao Zhongkai, æðsta yfirmann Huangpu herskólans og helsta talsmann Sovéskra þjóðernissinna (Encyclopædia Britannica, 2010a) en við það varð Chiang Kai-shek æðsti yfirmaður herskólans og Byltingarhers þjóðernissinna (e. National Revolutionary Army) (Zhao, 2000). Eftir að Liao Zhongkai var myrtur voru Chiang Kai-shek, Hu Hanmin og Wang Jingwei einir eftir í biturri deilu um hver ætti að leiða GMD og þjóðernissinnaríkisstjórnina<sup>4</sup> í Guangdong. Wang Jingwei var leiðtogi vinstri hliðar, Hu Hanmin var leiðtogi hægri hliðar og Chiang Kai-shek hélt sig varfærnislega í miðjunni. Þar sem enginn þeirra hafði betur á þessum tíma, myndaðist

<sup>3</sup> Guangzhou ríkisstjórnin var samkeppnisríkisstjórn sem Sun Yat-sen ásamt hluta kínverska flotans og 100 þingmönnum komu á fót 1. september 1917. Herstjórn var komið á og Sun Yat-sen var kosinn yfirhershöfðingi (Encyclopædia Britannica, 2010d).

<sup>4</sup> Ríkisstjórn þjóðernissinna var stofnuð í Guangzhou í Guangdong sýslu þann 1. júlí 1925 (Ragnar Baldursson, 1985).

einskonar valdajafnvægi milli þeirra en Wang Jingwei tók formannssæti í Ríkisstjórnarráði (e. National Government Council) og Hu Hanmin tók sæti við hlið hans. Herinn var hinsvegar undir stjórn Chiang Kai-shek (Zhao, 2000). Leiðtogar Þjóðernissinna og kommúnista héldu áfram að undirbúa herförina til þess að sameina Kína og lagði Chiang Kai-shek af stað í Norður-herförina (e. Northern expedition) með 85.000 manna herlið þann 27. júlí 1926 (Ragnar Baldursson, 1985). Norður-herförin gekk vel en Chiang Kai-shek samdi við stríðsherrana um að innlima heri þeirra í Byltingarher Þjóðernissinna (Lieberthal, 2004). Það tók Þjóðernissinna aðeins níu mánuði að leggja undir sig allt Suður-Kína með aðstoð kommúnista, sem skipulögðu fjöldaverkföll verkamanna og unnu skipulega að því að veikja varnir andstæðinganna (Ragnar Baldursson, 1985). Þegar Guomindang klofnaði vegna áhrifa ört vaxandi kommúnistaflokks, skoraði Chiang Kai-shek opinberlega á Wang Jingwei, þegar hann setti upp samkeppnisríkisstjórn Þjóðernissinna með hægrisinnuðum í Nanjing árið 1927 (Ragnar Baldursson, 1985).

Þjóðernissinnaríkisstjórnin í Nanjing, með Chiang Kai-shek í fararbroddi, lýsti því yfir að Kommúnistaflokkurinn væri ólöglegur í apríl 1927. Í kjölfarið fylgdi harkaleg hreinsun af kommúnistum úr GMD í Nanjing ríkisstjórninni. Nokkrum mánuðum síðar fór Þjóðernissinnaríkisstjórnin í Wuhan<sup>5</sup>, leidd af Wang Jingwei einnig að hreinsa kommúnista úr eigin stöðum í ágúst 1927. Eftir ár af blóðugum baráttum sigraði Chiang Kai-shek loks Wang Jingwei og stofnaði sameinaða ríkisstjórn Þjóðernissinna í Nanjing. Hann tók við stöðu leiðtoga ríkisstjórnar árið 1928 auk þess sem hann var æðsti yfirmaður hersins (Zhao, 2000). Úr þessum valdamiklu stöðum krafðist Chiang Kai-shek endurbóta á stjórnarskrá (e. Organic law) og stofnun forsetaembættis. GMD lýsti formlega yfir pólitískum forræðis (e. tutelage) tíma<sup>6</sup> árið 1928, sem Sun Yat-sen hafði lýst í „Fundamentals of National Reconstruction“, en tilgangur pólitíska forræðisins var að gera GMD kleift að leiðbeina fólki í leit að uppbyggjandi byltingarkenndri hugsun og að GMD ætti að búa yfir æðsta framkvæmdavaldi á meðan pólitísku forræði stæði. Markaði þetta pólitíska forræði stofnun fyrsta eins flokks einræðis í Kína (Zhao, 2000).

Árið 1930 skoraði bandalag Wang Jingwei, Hu Hanmin og Sun Ke<sup>7</sup>, sem stutt var af valdamiklum hernaðarsinum (e. militarist) á Chiang Kai-shek. Var því valdajafnvægi milli Chiang Kai-shek og bandalagsins komið á og Chiang Kai-shek neyddur til þess að samþykkja ráðuneytisríkisstjórn (e. cabinet government) í desember 1931. Ráðuneytisform ríkisstjórnarinnar entist hinsvegar aðeins í fimm ár og var leyst af hólmi af forsetastóli árið 1936 þegar Chiang Kai-shek neyddi Sun Ke, sem

<sup>5</sup> Þjóðernissinnastjórnin var flutt frá Guangzhou í Guangdong sýslu til Wuhan í Hubei sýslu (Encyclopædia Britannica, 2011j).

<sup>6</sup> Í „Fundamentals of National Reconstruction“ segir Sun Yat-sen að byltingin skiptist í þrjá þætti. Fyrst er herstjórn, svo pólitískt forræði og að lokum stjórnskipuleg ríkisstjórn. Á meðan pólitísku forræði stendur verður GMD að fylgja lögum bráðabirgða stjórnarskrár. Að pólitíska forræðinu loknu mun framkvæmdavaldið vera í höndum þjóðkjörins forseta (Kishlansky, 1995, pp. 281-285).

<sup>7</sup> Sun Ke var sonur Sun Yat-sen og háttsettur embættismaður í ríkisstjórn Lýðveldisins Kína (eNotes, 2011).

var yfir myndun nýrrar varanlegrar stjórnarskrár, að gefa eftir kröfum sínum þar sem Wang Jingwei var erlendis að leita sér læknisaðstoðar og Hu Hanmin var fluttur til Hong Kong. Chiang Kai-shek var því einn eftir standandi í valdabaráttunni og var embætti forseta komið á í nýrri stjórnarskrá þann 5. maí 1936. Sem forseti varð Chiang Kai-shek nýr einvaldur í Kína þar til hann neyddist til þess að flýja til Taívan árið 1949 (Zhao, 2000).

## 2.4 Kínverski kommúnistaflokkurinn

Upphaf Kínverska kommúnistaflokksins má rekja til 4. maí hreyfingarinnar, vitsmunalegrar (e. intellectual) byltingar og félagslegrar (e. sociopolitical) umbótahreyfingu (e. reform movement) sem átti sér stað á árunum 1917-21 (Encyclopædia Britannica, 2010j). Alþjóðleg kommúnistastofnun Sovétríkjanna, Comintern, sendi Grigory N. Voytinsky, til Kína árið 1920, en Sovétríkin töldu Kína kjörið fyrir alþjóðlega kommúnistahreyfingu þar sem það var í bráðri þörf fyrir umbætur og stuðning auk þess sem aðstæður fyrir byltingu voru góðar (Gilley, 2004). Voytinsky hjálpaði Marxista-byltingarsinnunum Chen Duxiu, einn af leiðtogum 4. maí hreyfingarinnar og Li Dazhao að koma á fót ungmennahreyfingu jafnaðarmanna (e. socialist youth league) og að leggja grunn að Kínverska kommúnistaflokki (Encyclopædia Britannica, 2010a). Li Dazhao og Chen Duxiu stofnuðu svo Kínverska kommúnistaflokkinn (Zhongguo gongchan dang) árið 1921 (Encyclopædia Britannica, 2010b).

Þrettán fulltrúar mættu á fyrsta þing Kínverska kommúnistaflokksins í júlí 1921 í Shanghai. Meðal þeirra voru skjólstæðingur (e. protégé) Li Dazhou, Mao Zedong og tveir erlendir ráðgjafar frá Hollandi og Sovétríkjunum en Chen Duxiu var valinn leiðtogi flokksins. Flokkurinn eyddi næstu tveimur árum í að safna liði, vekja athygli á Marxisma og skipuleggja verkalyðsfélög (Encyclopædia Britannica, 2010a). Árið 1923 voru meðlimir Kínverska kommúnistaflokksins orðnir yfir 300 og um 3-4000 meðlimir í ungmennahreyfingu jafnaðarmanna (Encyclopædia Britannica, 2010a). Árið 1924 gengu kommúnistar í Þjóðernissinnaflokkinn GMD að ráði Maring (Hendricus Sneevliet), hollenskum ráðgjafa CCP í samráði við Comintern, þar sem GMD var með sterkari grunn og betra skipulag (Encyclopædia Britannica, 2010a). Samstarf Kínverska kommúnistaflokksins og Þjóðernissinna entist aðeins í þrjú ár en eins og áður sagði lýsti ríkisstjórn Þjóðernissinna með Chiang Kai-shek í fararbroddi Kínverska kommúnistaflokki ólöglegan í apríl 1927 eftir Norður-herförina og í kjölfarið fylgdi harkaleg hreinsun af kommúnistum úr GMD (Encyclopædia Britannica, 2010a).

Kínverski kommúnistaflokkurinn, sem hafði fjölgað úr 130 meðlimum árið 1922 í yfir 60.000 árið 1927 áttaði sig á því að til þess að verða valdamikill þyrfti hann að hervæðast og verða miskunnarlaust pólitískt afl. Kínverski kommúnistaflokkurinn þurfti að hafa her, svæði og



ríkisstjórn m.ö.o. stofna ríki innan ríkis (Gilley, 2004). Það var fljótt ljóst að Kínverski kommúnistaflokkurinn var vinsælli og líklegri til þess að lifa af í landsbyggðinni en Mao Zedong sagði:

... Innan skamms tíma, munu hundruðir milljóna bænda í mið, suður og norður sýslum Kína rísa eins og stormur, eins og fellibylur, svo skjótt og ákaft afl að ekkert vald, hversu mikið sem það er, getur haldið aftur af því ... Það eru þrír möguleikar. Að leiða þá áfram? Að elta þá og gagnrýna? Eða standa í vegi fyrir þeim? Allir Kínverjar hafa frelsi til að velja, en atburðir munu neyða ykkur til að ákveða ykkur strax ...<sup>8</sup>(Guillermaz, 1972, bls. 116).

Rauði herinn, sem stofnaður var 1927, safnaði því liði í sveitum (Gilley, 2004) og voru fjölmargar ólíkar bækistöðvar stofnaðar um allt Kína ásamt Jiangxi Soviet<sup>9</sup> ríkisstjórn þann 7. nóvember 1931. Kommúnistar tryggðu sér stuðning lágstéttar með því að taka land eignarnámi og dreifa (e. redistribute) því jafnt (Encyclopædia Britannica, 2010b). Á árunum 1930 til 1934 lögðu herir Chiang Kai-shek fast að kommúnistum en þeir fóru í fimm herferðir til þess að tortíma Jiangsi Soviet ríkisstjórn kommúnista í Suðaustur-Kína. Kommúnistum tókst að verjast fyrstu fjóru herferðunum með skæruhernaði Mao Zedong. Þjóðernissinum tókst ætlunarverk sitt í fimmtu herferðinni en Miðstjórn Kínverska kommúnistaflokksins (e. CCP Central committee / k.中共中央), sem hafði hrakið Mao frá völdum árið 1934 og hætt við skæruhernað, hafði tekið upp hefðbundna hernaðartækni sem olli þeim miklum skakkaföllum gegn fjölmennari her þjóðernissinna. Í október 1934 lögðu kommúnistar af stað í Gönguna löngu. Í desember 1936 komu þeir til Yan'an í Shaanxi sýslu og settu upp bækistöðvar (Encyclopædia Britannica, 2010i). Gangan langa staðfesti með afgerandi hætti leiðtogastöðu Mao Zedong en hetjuskapur tengdur 10.000 km langri göngunni fékk marga til þess að ganga í Kínverska kommúnistaflokkinn (Encyclopædia Britannica, 2010i).

Chiang Kai-shek ætlaði hinsvegar ekki að gefast upp og fyrirskipaði Mansjúríuhernum undir stjórn Zhang Xueliang og Norðvesturhernum undir stjórn Yang Hucheng að ráðast á kommúnistaflokkinn í Shaanxi. Margir hermenn hans fundu hinsvegar samúð með slagorðum

---

<sup>8</sup> „... In a very short time, in China's central, southern and northern provinces, several hundred million peasants will rise like a mighty storm, like a hurricane, a force so swift and violent that no power, however great, will be able to hold it back. ... There are three alternatives. To march at their head and lead them? To trail behind them, gesticulating and criticizing? Or to stand in their way and oppose them? Every Chinese is free to choose, but events will force you to make the choice quickly" (Guillermaz, 1972, bls. 116).

<sup>9</sup> Mao Zedong og Zhu De stofnuðu kommúnistaríkisstjórn í Jiangsi í Suðaustur-Kína. Þar öðlaðist Mao reynslu í skæruhernaði sem hann notaði síðar til þess leggja undir sig Kína (Encyclopædia Britannica, 2011c).

kommúnista „Kínverjar berjast ekki við Kínverja" og vildu frekar berjast við Japani, sem höfðu byrjað að færa út yfirráðasvæði sitt árið 1931. Zhang Xueliang handtók því Chiang Kai-shek 12. desember 1936 (Encyclopædia Britannica, 2010a). Zhang Xueliang sleppti Chiang Kai-shek 25. desember, eftir að hann samþykkti að hann myndi hætta við borgarastríðið og sameinast Kínverska kommúnistaflokknum í baráttunni við Japanina (Encyclopædia Britannica, 2010a).

Kínverski kommúnistaflokkurinn stóð sig vel á vígvellinum gegn Japan með herkænsku og skæruhernaði og stórkjók styrk sinn (Gilley, 2004). Við lok stríðsins árið 1945 taldi yfirráðasvæði þeirra yfir 100.000.000 manns og var her þeirra orðinn reyndur og skipulagður auk þess sem þeir höfðu komið á starfhæfu pólitísku sambandi milli bænda, verkamanna, miðstéttarfolks og auðvaldssinna (e. small capitalists) (Encyclopædia Britannica, 2010b)

Borgarastríðið, sem braust út milli Kínverska kommúnistaflokksins og Þjóðernissinnaflokksins árið 1946 lauk með sigri Kínverska Kommúnistaflokksins og stofnun Alþýðulýðveldisins Kína 1. október 1949 en Chiang Kai-shek og ríkisstjórn þjóðernissinna flúðu til Taívan (Encyclopædia Britannica, 2010a).

## 2.5 Mao tímabilið

Mao og hugmyndafræði hans hafði gífurleg áhrif á Kína eftir stofnun Alþýðulýðveldisins og er tímabilið frá árinu 1949 til ársins 1976, þegar hann lést, kennt við Mao (Lieberthal, 2004). Forysta Mao Zedong var staðfest og lögum Kínverska kommúnistaflokksins breytt, svo að æðsti yfirmaður hans væri formaður en ekki aðalritari, á sjöunda landsþingi flokksins í mars 1945 (Ragnar Baldursson, 1985). Eftir sigur Kínverska kommúnistaflokksins á þjóðernissinum í borgarastríðinu kom Kínverska pólitíska ráðgjafarþingið (e. The Chinese People's Political Consultative Conference - CPPCC / k. 人民政协) saman í fyrsta skipti í Beijing þann 21. september 1949 og ákvað að stofna skyldi Alþýðulýðveldið Kína auk þess sem það kaus ríkisstjórn undir forsæti Mao formanns (Ragnar Baldursson, 1985).

Mao hafði leitt flokkinn í gegnum erfiða tíma Göngunnar löngu og sigrað bæði Japani og þjóðernissinna á aðeins 14 árum. Staða Mao sem formanns Kínverska kommúnistaflokksins var ekki skilgreind en engin lög eða hömlur takmörkuðu vald og ábyrgð formanns flokksins. Ásamt því að gegna stöðu formanns tók Mao að sér forystu hersins og táknræna stöðu forseta Alþýðulýðveldisins Kína (Lieberthal, 2004). Mao nýtti sér ýmsa tækni til þess að tryggja vald sitt yfir stefnumótun flokksins. Til dæmis áskildi hann sér rétt til þess að draga saman umræður í lok funda á vinnuráðstefnum Miðstjórnar sem stóðu yfir vikur og jafnvel mánuði í einu. Samantekt

hans varð að formlegum niðurstöðum fundarins þótt hún væri oft ekki í samræmi við umræður fundarins. Á svipaðan hátt gaf hann út tilskipun í mars 1953 sem kvað á um að ekkert skjal sem gefið væri út af Miðstjórninni væri gilt nema hann hefði persónulega lesið og samþykkt það fyrst (Lieberthal, 2004). Þessir einræðistilburðir Mao sýna virðingarleysi hans fyrir stjórnskipulaginu en hafa trúlega ekki farið illa í kínversku þjóðina til að byrja með þar sem hún var vön einræði keisara.

Mao nýtti sér nánast ótakmarkað vald sitt til þess að hraða iðnþróun í Kína t.d. með Stóra stökkinu framávið árið 1958. Stóra stökkið átti að koma Kína í hóp fremstu iðnaðarríkja heims á örfáum árum með því að virkja frumkvæði alþýðunnar. Á örskömmum tíma voru nánast allir bændur skipulagðir í samyrkjubú til þess að auka framleiðslu og framleiðni svo milljónir bænda gætu snúið sér að iðnaðarframleiðslu með sérstakri áherslu á þungaiðnað (Ragnar Baldursson, 1985). Því miður misheppnaðist Stóra stökkið framávið og hafði í för með sér hörmulegar afleiðingar. Í stað þess að bæta hag þjóðarinnar versnuðu lífsskjör mjög mikið og andstaða við Mao gróf um sig í forystu flokksins. Mao lét þó gagnrýnisraddir flokksmanna sem vind um eyru þjóta og frestaði Flokksþingi ítrekað (Ragnar Baldursson, 1985).

Mikil óánægja ríkti meðal hluta flokksmanna vegna mistaka Stóra stökksins auk þess sem mikil reiði gróf um sig meðal námsmanna. Mao af sinni alkunnu herkænsku nýtti sér þessa stöðu og lýsti yfir stuðningi við námsmenn og beindi reiði þeirra gegn þeim flokksbræðrum hans sem höfðu gagnrýnt hann. Þetta uppgjör leiddi til Menningarbyltingarinnar en skólum var lokað og námsmenn streymdu til Beijing í milljóna tali til þess að gera byltingu. Árin 1966 til 1969 var baráttan sérstaklega víðtæk og hörð en Kínverjar telja hana hafa staðið til 1976 og lokið með algerum sigri Mao og stuðningsmanna hans (Ragnar Baldursson, 1985).

Valdi Mao var ekki ógnað aftur fyrr en með misheppnuðu tilræði Lin Biao<sup>10</sup> og háttsettra herforingja árið 1971 (Encyclopædia Britannica, 2011d). Tilræðið gerði Mao tortrygginn út í þá menn sem Lin Biao hafði komið til valda í Menningarbyltingunni og þurfti Mao að snúa sér aftur til fyrri félaga, sem hann hafði hrakið frá völdum í Menningarbyltingunni, t.d. Deng Xiaoping (Encyclopædia Britannica, 2010c). Mao Zedong lést 9. september 1976 (Encyclopædia Britannica, 2011f).

---

<sup>10</sup> Lin Biao var hægri hönd Mao í Menningarbyltingunni og varð arftaki hans í stað Liu Shaoqi árið 1966. Það var hinsvegar ekki gert formlegt fyrr en í nýrri stjórnarskrá árið 1969 (Encyclopædia Britannica, 2011d).

## 2.6 Lýðræðishreyfing 8. áratugarins

Í kjölfar harmleiks Menningarbyltingarinnar árin 1966-76, sem leiddi í ljós veikleika Kínverska kommúnismans og kom óorði á lýðræði jafnaðarmanna (e. socialist democracy) í Kína, var Democracy wall hreyfingunni hrundið af stað af menntamönnum í Beijing veturinn 1978 (Zhao, 2000). Democracy wall hreyfingin fordæmdi Menningarbyltinguna en þátttakendur hreyfingarinnar voru aðallega háskólanemendur og menntaðir borgarbúar sem skildu ekki afhverju Kína var ennþá svona vanþróað og töldu lýðræði geta hjálpað til við að nútímavæða Kína. Wei Jingsheng, fyrrum Rauðliði (e. Red guard) og þekktasti leiðtogi Democracy Wall hreyfingarinnar birti fjölmargar greinar um lýðræði, nútímavæðingu og gagnrýni á Marxista hugmyndafræði sem og alla kínversku kommúnistastjórnina í andófstímariti sínu Tansuo (Zhao, 2000).

Þóttu aðgerðasinnar Democracy wall hreyfingarinnar skoruðu á einræði Kínverska kommúnistaflokksins og hugmyndafræði Marxisma var afstaða þeirra til lýðræðis oft einfeldningsleg og byggð á háleitum hugsjónum. Ein frægasta hugmynd þeirra, sem Wei Jingsheng birti í Tansuo, var að lýðræði ætti að vera fimmta stig nútímavæðingar Kína, til viðbótar við fjögur stig nútímavæðingar Deng Xiaoping í landbúnaði, vísindum og tækni, iðnaði og hervörnum. Wei Jingsheng birti þrjár ástæður fyrir lýðræði. Sú fyrsta var að lýðræði væri andstæða einræðis og verndaði mannréttindi fólks en Wei var sannfærður um að lýðræði viðurkenndi jöfn réttindi allra og leysti öll þjóðfélagsleg vandamál með samvinnu. Önnur ástæðan var að lýðræði bæri með sér velmegun, þar sem lýðræði væri forsenda skjótrar efnahagslegrar nútímavæðingar. Þriðja og síðasta ástæðan var sú að lýðræði hefði frelsi í för með sér, þar sem lýðræði ýtti undir velmegun (Zhao, 2000). Hugsanlega notuðu aðgerðarsinnar Democracy wall hreyfingarinnar þessar einföldu og háleitu hugsjónir um lýðræði til þess að auðvelda þeim að gagnrýna einvaldsstefnu Kínverska kommúnistaflokksins en þeim varð lítið ágengt og sáu litlar sem engar framfarir eftir lok 8. áratugarins (Zhao, 2000).

## 2.7 Lýðræðishreyfing 9. áratugarins

Þátttakendur lýðræðishreyfingar 9. áratugarins voru flestir háskólanemendur og leiðtogar þeirra, virtir menntamenn, sem margir voru raunvísindamenn. Meðal leiðtoga hreyfingarinnar var eðlisfræðingurinn Fang Lizhi, sem var rekinn úr Kínverska kommúnistaflokknum 1987 fyrir ræður hans um akademískt frelsi. Gagnrýni Fang Lizhi á kommúnistastjórnina hjálpaði til við mótun andrúmsloftsins fyrir mótmælin á Torgi hins himneska friðar árið 1989. Leiðtogar þessarar lýðræðishreyfingar börðust fyrir stofnun lýðræðislegra stofnana og starfshátta til þess að hafa hemil á valdi og töldu lýðræði geta haft velmegun í för með sér. Leiðtogar hreyfingarinnar

einblíndu hinsvegar á hvað lýðræðislegar stofnanir og starfshættir gætu gert fyrir Kína en ekki hvernig stofnanir og starfshættir þetta ættu að vera (Zhao, 2000).

Mikilvægur þáttur lýðræðishreyfingar 9. áratugarins var hversu hart leiðtogar hennar sóttu að kínverskri menningu. Fang Lizhi kenndi kínverskri lénsskipulagsmenningu um alræðisstjórn, þröngsýni og þörf fyrir yfirvald. Yan Jiaqi, stærðfræðingur, kenndi því sem hann kallaði Drekaþinginu um áframhaldandi einveldi og persónugert vald. Rithöfundurinn Andrew Nathan bendir hinsvegar á að lýðræðissinnar, með gagnrýni sinni á kínverskri menningu, væru sammála þeirri opinberu skoðun að Kínverjar væru of vanþróaðir (e. backwards) til þess að geta öðlast lýðræðið sem lýðræðissinnarnir kröfðust. Þar sem lýðræði fæli í sér að bændur og verkamenn, sem gætu verið á móti vestrænum áhrifum, vísindum og menntun samkvæmt menningarlegri gagnrýni, færu með völd. Þetta viðhorf gagnvart lýðræði var að vissu marki ábyrgt fyrir því að aðskilja lýðræðislegar hugsjónir og pólitíska framvindu kínverskra lýðræðissinna, þar sem lýðræðisleg lögmál voru auðveldlega hunsuð þegar þau virkuðu ekki þeim í hag (Zhao, 2000).

Lýðræðishreyfing 9. áratugarins náði hámarki vorið 1989 með mótmælum á Torgi hins himneska friðar þegar tugir þúsunda nemenda söfnuðust saman og kröfðust m.a. lýðræðislegra endurbóta (Encyclopædia Britannica, 2010k). Dæmi um að leiðtogar hreyfingarinnar hunsuðu lýðræðisleg lögmál átti t.d. sér stað þegar Wu'er Kaixi, leiðtogi nemenda, sagði við Li Peng forsætisráðherra að ef einn fastandi nemandi neitar að fara af torginu þá munu hinir þúsund fastandi nemendur ekki heldur fara (Zhao, 2000). Kínverski kommúnistaflokkurinn lýsti yfir herlögum og sendi skriðdreka ásamt þungvopnuðum hermönnum til Torgs hins himneska friðar sem skutu og keyrðu yfir alla sem á vegi þeirra urðu. Þegar þeir komu að Torgi hins himneska friðar flúðu nokkur þúsund eftirliggjandi mótmælendur í burtu (Encyclopædia Britannica, 2010k).

### **3. Alþýðulýðveldið Kína**

#### **3.1 Árin 1976 til 2003**

Eftir Menningarbyltinguna og fráfall Mao Zedong þann 9. september 1976 gekk Kínverski kommúnistaflokkurinn undir mikla uppstokkun og endurskipulagningu undir stjórn Deng Xiaoping, pólitísku leiðtoga Kína. Deng Xiaoping var 74 ára gamall og þalreyndur í flokkspólitík en hann hafði tvisvar sinnum verið hrakinn (e. purged) úr stöðum sínum innan Kínverska kommúnistaflokksins (Brown, 2009). Fyrst af stuðningsmönnum Mao Zedong í

Menningarbyltingunni og seinna af fjórmenningaklíkunnvið dauða Zhou Enlai<sup>11</sup>, forsætisráðherra (e. premier) Kína en Zhou Enlai hafði fengið hann aftur til liðsinnis við flokkinn nokkrum árum áður. Deng Xiaoping snéri aftur til starfa í júlí 1977 með samþykki arftaka Mao Zedong, Hua Guofeng<sup>12</sup> en Kínverski kommúnistaflokkurinn var í sárrí þörf fyrir bjargvætt eftir hörmungar Menningarbyltingarinnar (Encyclopædia Britannica, 2010c). Deng Xiaoping reyndist vera mikill raunsæismaður og hagsýnn meginleiðtogi annarrar valdakynslóðar Alþýðulýðveldisins Kína. Hann var aðalhöfundur þversagnar kínverskrar 20. aldar pólitíkur, sósíalísma með kínverskum einkennum, sem enn er við lýði í dag. Vert er að taka fram að Deng Xiaoping gengdi aldrei formlega embætti þjóðhöfðingja eða leiðtoga ríkisstjórnar (Brown, 2009).

Árið 1981 gaf Kínverski kommúnistaflokkurinn út ályktun (e. resolution) af sögu sinni. Ályktunin viðurkenndi og útskýrði mistök fortíðarinnar en steypiti Mao formanni ekki af stóli sem frábærum leiðtoga. Ályktunin sagði Menningarbyltinguna vera vinstrisinnuð mistök fámenns hóps fólks, sem villti um fyrir og stjórnaði Mao Zedong formanni. Mao Zedong skyldi enn vera dáður og dýrkaður í flokknum því þó hann hefði gert mistök í Menningarbyltingunni vegur framlag hans til kínversku byltingarinnar og uppbyggingu flokksins mun þyngra. Deng Xiaoping gerði síðar fræga, í ræðum sínum og yfirlýsingum, formúluna um að Mao Zedong hefði gert 70% rétt og 30% rangt (Brown, 2009).

Á þriðja allsherjafundi 11. Flokksþings Kínverska kommúnistaflokksins (e. National Congress of the CCP / k. 中国共产党全国代表大会), í desember 1978, ákvað nýja ríkisstjórnin með Hua Guofeng í stjórn að nútímavæða Kína. Deng Xiaoping setti fram fjögur stig nútímavæðingar í hervörnum, tækni og vísindum, landbúnaði og iðnaði auk þess sem Kína skyldi opna sig fyrir umheiminum. Í kjölfar þess var 45% af vergri þjóðarframleiðslu Kína fjárfest í járnbrautum, byggingum og skipulagsgerð (e. infrastructure) auk þess sem flugvellir voru endurbyggðir og tekið var á orkuskorti. Kína stofnaði til diplómatisks sambands við Bandaríkin árið 1979 (Brown, 2009). Pólitískir hæfileikar Deng Xiaoping og almennur stuðningur fengu Hua Guofeng til þess að afsala sér völdum til Zhao Ziyang og Hu Yaobang, skjólstæðinga Deng Xiaoping árið 1980 (Brown, 2009). Zhao Ziyang tók við forsætisráðherraembættinu af Hua Guofeng og varð síðar aðalritari flokksins (e. general secretary / k. 总书记) árið 1987 þegar Hu Yaobang var neyddur til að segja af sér (Encyclopædia Britannica, 2010l). Hu Yaobang varð aðalritari flokksins árið 1980 og formaður (e. Chairman of the Central Committee of the Communist Party of China / k. 中国

---

<sup>11</sup> Zhou Enlai var mikill áhrifamaður í Kínverska kommúnistaflokknum auk þess sem hann var forsætisráðherra (e. premier / k. 总理) árin 1949 til 1976 og utanríkisráðherra (e. foreign minister / k. 外相) árin 1949 til 1958 (Encyclopædia Britannica, 2011k).

<sup>12</sup> Hua Guofeng var forsætisráðherra Alþýðulýðveldisins Kína árin 1976 til 1980 og formaður Kínverska kommúnistaflokksins árin 1976 til 1981 (Encyclopædia Britannica, 2011b).

共产党中央委员会主席) árið 1981 (Encyclopædia Britannica, 2010f). Deng Xiaping studdi setningu laga sem takmörkuðu þörum að eiga aðeins eitt barn vegna gifurlegrar fólksfjölgunar seint á 8. áratugnum (Encyclopædia Britannica, 2010c). Árið 1984 voru stofnuð sérstök efnahagsleg svæði en þau drógu að evrópskar, norður-amerískar og asískar fjárfestingar.

Á tólfta Flokksþingi Kínverska kommúnistaflokksins, árið 1982, kynnti Deng Xiaping í fyrsta skipti hugtakið sósíalisma með kínverskum einkennum þ.e. að Kína skuli vera opið fyrir fjárfestingum og markaðsumbótum, síðar kallað markaðs sósíalismi. Á næstu árum voru hömlum og takmörkunum á viðskiptum létt og reglugerðum og reglum hagrætt og slakað svo markaðurinn gæti þróast eðlilega, en Deng Xiaoping sagði: „Leyfum fyrst fáum að verða ríkir og látum svo restina fylgja.“<sup>13</sup> (Brown, 2009, bls. 102). Eins umbótasinnaður og Deng Xiaoping var, vildi hann að flokkurinn stjórnaði umbótunum sjálfur í stað þess að þær kæmu neðan frá. Það viðhorf útskýrir ef til vill hörð viðbrögð hans við mótmælunum á Torgi hins himneska friðar þann 4. júní 1989 þegar hann studdi notkun hervalds. Líklegt er að hann hafi talið að ný Menningarbylting væri í uppsiglingu og álitid, miðað við reynslu hans af Menningarbyltingunni, að ný bylting væri ekki það sem kínversku þjóðina vantaði á þessum tímamarki. Það voru hinsvegar ekki aðeins hugmyndafræðileg vandamál sem steðjuðu að. Ríkisstjórnin undir dyggri stjórn Deng Xiaoping setti upp margar stofnanir til þess að tryggja það að aldrei aftur gæti ein manneskja stjórnað flokknum á sama hátt og Mao Zedong gerði. Einnig vann ríkisstjórnin hörðum höndum að því að koma á lagaveldi (e. rule of law) í stað eins manns ákvörðunarveldis (e. rule of one man). Uppsetning lagaramma frá grunni reyndist mjög erfitt, en lítill grunnur var í Kína fyrir t.d. einkamálarétti og verslunarrétti. Dómstólar voru taldir hliðhollir flokknum og nutu einskis trausts þar sem stjórnarskrárbundinn (e. constitutional) réttur borgara var oftast virtur að vettugi (Brown, 2009).

Jiang Zemin var gerður forseti Kína árið 1993 en áður hafði hann tekið við stöðu Zhao Ziyang sem aðalritari flokksins, árið 1989. Jiang Zemin vildi viðhalda einsflokkakerfinu en halda frjálsum markaðsumbótum áfram en hann hóf að einkavæða ákveðinn opinberan iðnað árið 1997 (Encyclopædia Britannica, 2010g). Á valdatíma Jiang Zemin komu Hong Kong<sup>14</sup> og Macau<sup>15</sup> aftur undir stjórn Alþýðulýðveldisins og Taívan kom á lýðræði (Brown, 2009). Hu Jintao, núverandi forseti Kína, tók við af Jiang Zemin sem aðalritari flokksins árið 2002 og sem forseti árið 2003 (Encyclopædia Britannica, 2010e). Áherslur Hu Jintao eru uppræting spillingar og jöfnun lífsgæða

<sup>13</sup> „First let a few grow rich and then let the rest follow“ (Brown, 2009, bls. 102).

<sup>14</sup> Hong Kong kom aftur undir stjórn Alþýðulýðveldisins Kína þann 1. júlí 1997 og er nú sjálfstjórnarsvæði (e. Special Administrative Region / k. 特别行政区) í Kína (Encyclopædia Britannica, 2011a).

<sup>15</sup> Macau kom aftur undir stjórn Alþýðulýðveldisins Kína þann 20. desember 1999 og er nú sjálfstjórnarsvæði í Kína (Encyclopædia Britannica, 2011e).

þar sem tekjuskipting er mjög ójöfn en undanfarin ár hefur verið ólga í sveitum vegna spillingar og óréttlætis fulltrúa ríkisvaldsins (Sigrún Harðardóttir, 2006).

## 3.2 Kínverski kommúnistaflokkurinn

Í dag er Kínverski kommúnistaflokkurinn stærsti stjórn málaflokkur í heimi en hann er talinn hafa um 76 milljón meðlimi (Bureau of East Asian and Pacific Affairs, 2010). Samkvæmt stjórnarskrá Kínverska kommúnistaflokksins geta allir kínverskir verkamenn, bændur, meðlimir hersins, menntamenn og allir aðrir nútímalegir (e. advanced) menn sem náð hafa 18 ára aldri, samþykkja efnisskrá og stjórnarskrá flokksins, eru viljugir til að ganga í og vinna í einni af stofnunum flokksins, framkvæma ákvarðanir hans og borga félagsgjöld reglulega, sótt um aðild (China Internet Information Center, 2010b). Flokkurinn ætlast til þess að meðlimir séu kommúnískir og sérfræðingar en meiri áhersla er lögð á fagmennsku og menntun en hugmyndafræði (GlobalSecurity.org, 2005). Fræðilega séð gengur Kínverski kommúnistaflokkurinn ekki í stað ríkisstjórnar heldur starfar hann samkvæmt stjórnarskrá og lögum Alþýðulýðveldisins Kína. Allir flokksmeðlimir og almennir borgarar eru jafnir fyrir lögum (ChinaToday.com, 2010).

Fyrirverandi forsætisráðherra Zhao Ziyang, sem settur var í stofufangelsi fyrir að styðja mótmælin á Torgi hins himneska friðar árið 1989, sagði árið 1993 að það virtist sem Kína þyrfti sterka og valdsmannlega stjórnendur vegna þess hversu gríðarstórt umráðasvæði Kína væri og hversu seinþroska Kínverjar væru í þróun efnahags og menningar. Zhao sagði að öldungaræði (e. gerontocracy) hefði myndast í löngum byltingaráttökum sem enduðu með stofnun Alþýðulýðveldisins Kína og að Kína væri í raun stjórnað af eldri pólitíkusum (t.d. Deng Xiaoping). Zhao benti enn fremur á hvað Kínverski kommúnistaflokkurinn og keisarar Kína eiga sameiginlegt. Í hefðbundnum ættarveldum stjórnaði keisarinn sjálfur landinu sem hann átti eða fól öðrum rekstur þess og tók fjölskylda hans við stjórn eftir dauða keisarans. Svipað samband er á milli Kínverska kommúnistaflokksins og ríkisstjórnar í nútíma Kína. Hægt er að líta á Kínverska kommúnistaflokkinn sem eiganda Alþýðulýðveldisins Kína, þar sem hann stofnaði það og ríkisstjórnina sem framkvæmdastjóra ríkisins. Í hefðbundnu ættarveldi myndi staða keisara veikjast með ríkisstjórn en Kínverski kommúnistaflokkurinn, svokallaður skipulags keisari (e. organisational emperor), hefur meiri möguleika en allir aðrir keisarar í kínverskri sögu að leita uppi og viðhalda yfirráðum sínum yfir ríkisstjórninni. Vegna opunar Kína og hraðrar efnahagsþróunar Kína hefur flokkurinn sífellt endurskipulagt tengsl sín við ríkisstjórnina til þess að lifa af í nýju umhverfi. Mikilvægt er að átta sig á sambandi flokksins og ríkisins til þess að skilja kínverska pólitík en í stjórnarkerfi Kína eru tvö samhliða kerfi, Kínverski kommúnistaflokkurinn (k. 党务系统) og ríkisstjórnin (k. 政务系统) sem bæði ná frá



miðstýringu niður í gegnum sýslur (e. province / k. 省), hreppi (e. county / k. 县) og bæjarumdæmi (e. township / k. 乡镇) (Zheng, 2010).


Að Kínverska kommúnistaflokksnum frátöldum eru átta lýðræðislegir flokkar í Kína<sup>16</sup>. Þessir átta flokkar eru: The Revolutionary Committee of the Chinese Kuomintang, The China Democratic League, The China Democratic National Construction Association, The China Association for Promoting Democracy, The Chinese Peasants and Workers Democratic Party, The China Zhi Gong Party, September 3rd Society, og the Taiwan Democratic Self-Government League (Gov.cn, 2006c).

Samvinna þessara flokka undir forystu Kínverska kommúnistaflokksins er grunnurinn að stjórnmalakerfi Kína en Kínverski kommúnistaflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur pólitískt vald. Samkvæmt stjórnarskrá Alþýðulýðveldisins Kína eru allir flokkarnir jafnir en raunin er sú að Kínverski kommúnistaflokkurinn stjórnar hinum átta lýðræðislegu flokkum. Sambandið milli þessara flokka og Kínverska kommúnistaflokksins byggist á pólitískri samvinnu í stað samkeppni. Hinir átta lýðræðislegu flokkar hafa komist að samkomulagi við Kínverska kommúnistaflokkinn um að kommúnismi sé pólitískur grunnur fjölflokka samvinnu. Sumir meðlimir þessara átta flokka eru skipaðir í stöður innan ríkisins og eru meðlimum þeirra boðið að vera viðstaddir Flokksþing Kínverska kommúnistaflokksins. Pólitísk ráðgjafarþing Kínverja (e. The Chinese People's Political Consultative Conference - CPPCC) er aðal vettvangur samstarfs milli Kínverska kommúnistaflokksins og hinna átta flokka (Gov.cn, 2006b). Með því að samþykkja forystu Kínverska kommúnistaflokksins taka flokkarnir þátt í málum er varða ríkisstjórnina en aðal hlutverk þeirra er að koma með tillögur og gagnrýni og taka að sér lýðræðislegt eftirlit (Gov.cn, 2006c).

---

<sup>16</sup> Í lok 2003 voru meðlimir þessara átta flokka yfir 600.000 (Gov.cn, 2006b).

### 3.3 Uppbygging Kínverska kommúnistaflokksins



Mynd 3.1: Uppbygging Kínverska Kommúnistaflokksins (China.org.cn, 2003b).

Valdamesta stofnun Kínverska kommúnistaflokksins er Flokksþingið (e. National Congress of the Communist Party of China / k. 中国共产党全国代表大会). Flokksþingið er haldið er á fimm ára fresti en Miðstjórnin (e. Central Committee / k. 中共中央) kallar það saman. Hlutverk Flokksþingsins er m.a. að fara yfir skýrslur Miðstjórnar og Agaráðs (e. Central Commission for Discipline Inspection / k. 中央纪律检查委员会), ræða og taka ákvarðanir í mikilvægum málum flokksins, endurskoða stjórnarskrána og kjósa í Miðstjórn og Agaráð (China.org.cn, 2003a). Þegar Flokksþingið er ekki að störfum stjórnar Miðstjórnin allri vinnu flokksins og kemur fram fyrir hans hönd. Kjörtímabil Miðstjórnar er 5 ár en Miðstjórnin ákveður hverjir séu meðlimir

Hermálaráðs (e. Central Military Commission / k. 军委) (China.org.cn, 2003a). Undir Miðstjórnina heyra svo deildir eins og Deild almennra mála (e. General Affairs Office / k. 总务部), Skipulagsdeild (e. Organisation Department / k. 组织部), Áróðursdeild (e. Propaganda Department / k. 宣传部) og Deild alþjóðlegs samstarfs (e. International Liaison Department / k. 国际关系部) (China.org.cn, 2003a) eins og sést á mynd 3.1. Fundir Miðstjórnar eru kallaðir allsherjafundir (e. Central committee plenary session / k. 中央全会) og eru þeir haldnir einu sinni á ári. Auk allsherjafunda eru haldnir aðrir fundir þar sem stefnur eru settar fram sem síðar eru staðfestar á allsherjafundi (GlobalSecurity.org, 2005). Miðstjórn kýs meðlimi Stjórnsmálaráðs (e. Politburo of the CCP / k. 中国共产党中央政治局), fastanefndar (e. standing committee / k. 常务委员会) þess og aðalritara flokksins (e. general secretary / k. 总书记) á allsherjafundum (China.org.cn, 2003a).


Næst í valdastiganum eru Stjórnsmálaráð, fastanefnd þess og aðalritari flokksins. Þegar Miðstjórnin er ekki að störfum gegnir Stjórnsmálaráð og fastanefnd þess hlutverki Miðstjórnar. Stjórnardeild Miðstjórnarinnar (e. Secretariat of the Central Committee / k. 中国共产党中央委员会书记处) sér um framkvæmdavald Stjórnsmálaráðs og fastanefndar þess. Aðalritari flokksins kallar saman Stjórnsmálaráð og fastanefnd þess auk þess sem hann er yfirmaður Stjórnardeildar Miðstjórnarinnar (China.org.cn, 2003a). Öll almenn vinna flokksins er framkvæmd og stjórnað af Stjórnardeild og fjölmörgum deildum hennar, sem allar eru undir stjórn Stjórnsmálaráðs og fastanefndar þess (GlobalSecurity.org, 2005). Kínverski kommúnistaflokkurinn tryggir yfirráð sín yfir hernum með Hermálaráði en árið 1982 var stofnað ríkishermálaráð til þess að sýna að herinn heyri undir ríkið en ekki flokkinn (Saich, 2001).

Næst í röðinni eru staðbundin flokksþing (e. local party congress / k. 党代会), agaeftirlitsnefndir (e. party discipline committee / k. 中共中央纪委监察部), flokksnefndir (e. party committees / k. 党委) og stjórnardeildir (e. secretariat / k. 书记处) flokksins í sýslum (e. province / k. 省) og hreppum (e. county / k. 县) og almennir fundir (e. General meeting / k. 大会), flokksnefndir og stjórnardeildir í bæjarumdæmum (e. township / k. 乡镇) (Saich, 2001). Helsta verk agaeftirlitsnefnda er að tryggja hlýðni og framkvæmd stjórnarskrárinnar, laga, stjórnsýslureglna og reglugerða í tilsvarendi stjórnsýslusvæðum (China.org.cn, 2003e). Staðbundnar agaeftirlitsnefndir vinna undir sameiginlegri forystu flokksnefnda á sama stigi og agaeftirlitsnefnda stigi ofar (China.org.cn, 2003a). Neðst í valdakerfinu starfrækir flokkurinn yfir


þrjár og hálf milljón stofnana (Saich, 2001) sem skiptast í þrjár tegundir: almenn flokksútibú (e. general party branches / k. 共支部), aðalflokksnefndir (e. primary party committees / k. 主要党委) og flokksútibú (e. party branches / k. 支部) (GlobalSecurity.org, 2005). Þessarar stofnanir eru m.a. starfræktar á vinnustöðum, í skólum, skrifstofum, hverfum og þar sem fleiri en þrjú flokksmeðlimir koma saman (Saich, 2001), að gefnu samþykki viðeigandi flokksnefnda (GlobalSecurity.org, 2005). Allir flokksmeðlimir verða að vera meðlimir flokksútibúa. Flokksútibú og meðlimir þeirra á grasrótastigi eru uppistaða flokksins en þar á nýliðun og brottrekstur meðlima sér stað. Meðlimir útibúa skiptast á skoðunum um málefni, eru upplýstir um markmið flokksins og stefnur og læra að meðtaka flokksaga (GlobalSecurity.org, 2005)

### 3.4 Ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína

Skipulagsmeginregla (e. organizational principle) Kínverskra stjórnmalakerfisins er lýðræðisleg miðstýringarstefna (e. democratic centralism). Innan flokksins er krafist þátttöku og álits á stefnumálum á öllum stigum en flokkurinn treystir á stöðugt ferli ráðgjafar og rannsóknar. Á sama tíma krefst miðstýringarstefna flokksins að lægri stjórnsýslustig fylgi fyrirmælum hærra settri stjórnsýslu. Þegar umræða hefur náð æðsta stigi og ákvarðanir hafa verið teknar þurfa allir flokksmeðlimir að styðja Miðstjórnina (GlobalSecurity.org, 2005). Stjórnsýslustofnanir Alþýðulýðveldisins Kína eru bæði miðjustofnanir (e. central organisation) og staðbundnar stofnanir (e. local organisations), sjá mynd 3.2. Miðjustofnunin er ríkisstjórnin (e. Central People's Government / k. 中央人民政府), sem kölluð er Ríkisráð (e. State Council / k. 国务院) (China Internet Information Center, 2010c). Samkvæmt stjórnarskrá Alþýðulýðveldisins Kína skiptist landið í sýslur (e. province / k. 省), fylki (e. autonomous regions / k. 自治区) og borgarsýslur (e. municipalities directly under the central government / k. 直辖市) eins og sést á mynd 3.2. Sýslur og fylki skiptast svo í sjálfstjórnar-héraðsstjóraembætti (e. autonomous prefectures / k. 自治州), hreppi (e. counties / k. 县) sjálfstjórnarhreppi (e. autonomous counties / k. 自治县) og borgir (e. cities / k. 地区). Hreppir og sjálfstjórnarhreppir skiptast svo í bæjarumdæmi (e. township / k. 乡镇), þjóðleg bæjarumdæmi (e. ethnic townships / k. 少数民族乡) og bæi (e. town / k. 集镇). Borgarsýslum hinsvegar er skipt niður í hverfi (e. districts / k. 地域) og hreppi. Sjálfstjórnar-héraðsstjóraembættum er skipt niður í hreppi, sjálfstjórnarhreppi og borgir (Fifth National People's Congress, 1982).



Mynd 3.2: Uppbygging og samband Kínverska Kommúnistaflokksins og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína (Zheng, 2010).



Mynd 3.3: Stjórnsýslueiningar í Alþýðulýðveldinu Kína (Saich, 2001).

Alþýðuþing (e. National People's Congress / k. 全国人民代表大会) er æðsta og valdamesta stofnun ríkisvaldsins samkvæmt stjórnarskrá. Kjörtímabil Alþýðuþings er 5 ár. Allsherjarfundur Alþýðuþingsins er haldinn einu sinni á ári en hægt er að kalla það sérstaklega saman undir ákveðnum kringumstæðum. Fulltrúar Alþýðuþingsins eru kosnir úr sýslum, fylkjum, borgarsýslum og hernum (*China.org.cn, 2003g*). Samkvæmt stjórnarskrá hefur Alþýðuþing eftirfarandi réttindi. Réttinn til að setja fram og endurskoða stjórnarskrána og hafa eftirlit með framkvæmd og útfærslu hennar ásamt því að lögleiða og endurskoða lög (*China.org.cn, 2003f*) en Alþýðuþing er æðsta löggjafarvald Kína (*GlobalSecurity.org, 2005*). Stjórnarskráin kveður einnig á um að Alþýðuþing hefur rétt til að breyta eða ógilda óhentugum ákvörðunum sem fastanefnd (e. Standing Committee of the National People's Congress / k. 全国人民代表大会常务委员会) þess tekur. Alþýðuþingið kýs m.a. forseta (e. president / k. 总统), varaforseta (e.

vice-president / k. 副总统), formann (e. chairman / k. 主席) Hermálaráðs, forseta Hæstaréttar (e. Supreme People's Court / k. 最高人民法院) og meðlimi fastanefndar Alþýðupingsins. Alþýðupingið hefur einnig rétt á að víkja þessum sömu aðilum úr embættum. Alþýðupingið rannsakar einnig og samþykkir efnahags- og þjóðfélagsþróunaráætlanir, fjárhagsáætlanir og skýrslur um framkvæmd þeirra. Alþýðuping samþykkir þar að auki stofnun sýslna, fylkja og borgarsýslna auk þess sem það gegnir öðrum viðeigandi hlutverkum æðstu stofnunar ríkisvalds (*China.org.cn, 2003f*). Eins og áður sagði kýs Alþýðupingið formlega forseta, varaforseta o.fl. en í reynd hefur fastanefnd Alþýðupingsins yfirumsjón með kosningunum og ákveður fundarefni og verklag Alþýðupingsins en fastanefndin heyrir beint undir fastanefnd Stjórnáráðs. Almennt eru kosningar og fundarefni Alþýðupinga á öllum stigum stjórnsýslu undir strangri stjórn Kínverska kommúnistaflokksins (*GlobalSecurity.org, 2005*).

Fastanefnd Alþýðupingsins er varanleg (e. permanent) stofnun æðsta ríkisvaldsins, Alþýðupingsins, og samanstendur af formanni, varaformanni, aðalritara (e. secretary-general / k. 秘书长) og öðrum meðlimum sem ekki mega gegna öðrum stöðum hjá ríkinu. Kjörtímabil fastanefndar Alþýðupingsins er fimm ár eins og hjá Alþýðupinginu sjálfu og mega formaður og varaformaður ekki gegna starfi sínu lengur en í tvö kjörtímabil. Venja er að kalla fastanefndina saman á tveggja mánaða fresti og sjá formaðurinn, varaformaðurinn og aðalritari um mikilvæg hefðbundin verk ríkisstjórnar (*China.org.cn, 2003g*).

Ríkisráð Alþýðulýðveldisins Kína er æðsta framkvæmda- og stjórnunarvald ríkisvaldsins. Ríkisráðið samanstendur af forsætisráðherra (e. premier / k. 总理), varaforsætisráðherrum (e. vice-premiers / k. 副总理们), ríkisráðgjöfum (e. Members of State Council / k. 国务委员), ráðherrum (e. minister / k. 部长) ráðuneyta (e. ministries / k. 部) og nefnda (e. commissions / k. 委员会), aðalendurskoðenda (e. auditor general / k. 总审计长) og aðalritara (e. secretary-general / k. 秘书长). Forsætisráðherra Ríkisráðs er tilnefndur af forseta, yfirfarinn af Alþýðupingi og að lokum skipaður af forseta. Aðrir meðlimir Ríkisráðs eru tilnefndir af forsætisráðherra, yfirfarnir af Alþýðupingi eða fastanefnd þess og skipaðir af forseta. Kjörtímabil Ríkisráðs er fimm ár og geta menn ekki gegnt stöðum sínum lengur en tvö kjörtímabil í röð. Ríkisráð ber ábyrgð á að framkvæma stefnur Kínverska kommúnistaflokksins og að reglugerðum og lögum Alþýðupingsins sé framfylgt. Auk þess sér það um mál sem snúa að innanlands pólitík, ríkiserindrekstri (e. diplomacy), landvörnum, fjármálum, efnahag, menningu og menntun (*People's Daily Online, 2010*).

Forseti Alþýðulýðveldisins Kína er þjóðarleiðtogi (e. head of state) landsins. Forsetinn tekur í sjálfu sér ekki neinar ákvarðanir um málefni landsins heldur framkvæmir hann vald sitt í samræmi við ákvarðanir Alþýðupings og fastanefnd þess (China Internet Information Center, 2010a). Hvað varðar viðhafnarsíði (e. ceremonial) og táknrænan athafnir er forsetinn í æðstu stöðu ríkisins (China.org.cn, 2003h). Samkvæmt stjórnarskrá sinnir forseti Kína bæði innanlandsmálum og utanríkismálum (China.org.cn, 2003d) en hann kemur fram fyrir hönd Alþýðulýðveldisins Kína í utanríkismálum, tekur á móti erlendum diplómötum fyrir hönd Alþýðulýðveldisins Kína og staðfestir eða ógildir sáttmála og mikilvæga samninga við erlend lönd eftir ákvörðunum fastanefndar Alþýðupingsins (China.org.cn, 2003d). Forsetinn kunngerir lög, en almennt séð þá verða lög, sem Alþýðuping eða fastanefnd hafa tekið upp, ekki virk fyrir en forsetinn kunngerir þau, sem er síðasta ferlið í löggjafarferli Kína (China.org.cn, 2003d). Eins og áður kom fram skipar forsetinn m.a. forsætisráðherra, varaforsetisráðherra, ríkisráðgjafa, ráðherra, aðalendurskoðanda og aðalritara. Hann veitir orður og heiðurstíla, sakaruppgjöf, lýsir yfir herlögum og stríði og gefur út tilkynningu um liðssöfnun (e. mobilization) (China.org.cn, 2003d). Bæði forseti og varaforseti eru kosnir af Alþýðupinginu en framkvæmdanefnd (e. presidium / k. 主席团) Alþýðupingsins leggur til frambjóðendur fyrir fulltrúa til umhugsunar. Síðan velur framkvæmdanefndin opinberlega einn frambjóðenda til forseta og einn til varaforseta fyrir kosningar í Alþýðupingi. Með aukinni lýðræðisvæðingu má vænta þess að frambjóðendum fari fjölgandi í þessum kosningum Alþýðupingsins. Aðeins Alþýðupingið hefur vald til þess að víkja forseta úr embætti (China.org.cn, 2003c).

Staðbundnar stofnanir ríkisstjórnar þ.á.m. staðbundin alþýðuping eru stofnuð í sýslum, fylkjum, borgarsýslum, héraðsstjóraembættum, hreppum, borgum, bæjarumdæmum og bæjum. Kjörtímabil flestra þessara þinga er fimm ár en sum eru með þriggja ára kjörtímabil. Hlutverk þeirra er að taka upp og gefa út samþykktir, rannsaka og samþykkja áætlanir fyrir staðbundinn efnahag, menningarþróun og almannabjónustu. Alþýðuping í sýslum sjá einnig um að velja fulltrúa fyrir æðsta Alþýðupingið en alþýðuping í hreppum velja fulltrúa fyrir alþýðuping á sýslustigi (GlobalSecurity.org, 2005). Staðbundin alþýðuping fyrir ofan hreppsstig eiga að rannsaka og samþykkja plön um efnahags- og félagslega þróun og fjárhagsáætlanir tilsvareandi stjórnsýslusvæða og rannsaka og samþykkja skýrslur um framkvæmd þeirra. Þau hafa einnig vald til þess að breyta eða ógilda óhentugum ákvörðunum sem fastanefndir þeirra taka (China.org.cn, 2003e).



### 3.5 Stjórnarskrá Alþýðulýðveldisins Kína

Stjórnarskrá Alþýðulýðveldisins Kína<sup>17</sup> kveður á um frelsi til þess að halda friðsamlegar samkomur en í reynd skerðir ríkisstjórnin þennan rétt mjög. Stjórnarskráin setur þó sem skilyrði að slíkar samkomur megi ekki stríða gegn Kínverska kommúnistaflokknum eða brjóta í bága við hagsmuni Kína. Auk þess eru mótmæli gegn stjórnarkerfinu eða leiðtogum þess bönnuð (GlobalSecurity.org, 2005).

Stjórnarskráin kveður einnig á um félaga frelsi (e. freedom of association) en ríkisstjórnin hefur í raun skert þennan rétt líka. Stefna Kínverska kommúnistaflokksins og reglugerðir ríkisstjórnar krefjast þess að öll fag-, þjóðfélags- (e. social) og hagfræðilegar (e. economic) stofnanir skrái sig og fái samþykki ríkisstjórnar. Að því er virðist, til þess að takmarka leynifélög og glæpaklíkur. Þessar reglugerðir koma í veg fyrir stofnun sjálfstæðra pólitískra, mannréttinda, trúarlegra, andlegra, umhverfis, verkamanna og ungmennasambönd/stofnun, sem gætu ögrað valdi ríkisstjórnar. Síðan 1999 hafa allir tónleikar, íþróttaviðburðir, líkamsræktartímar eða aðrar samkomur, þar sem fleiri en 200 manns koma saman, þurft samþykki Almannaöryggis yfirvalda<sup>18</sup> (e. Public Security bureau - 公安局) (GlobalSecurity.org, 2005).

Stjórnarskráin kveður á um trúarfrelsi og frelsi til þess að trúa ekki. Ríkisstjórnin hefur hinsvegar leitast við að takmarka trúariðkun við trúarstofnanir samþykktar af ríkisstjórn og skráða tilbeiðslustaði og leitast við að stjórna vexti og umfangi trúariðkunar. Það eru fimm opinber trúarbrögð í Kína; Búddismi, Taóismi, Múhameðstrú, Mótmælendatrú og Kapólska. Félagafjöldi þessara trúarbragða hefur vaxið hratt og þó ríkisstjórnin vill almennt ekki stöðva þennan vöxt algerlega, reynir hún að hafa stjórn á trúarhópum til þess að koma í veg fyrir hærra yfirvald en ríkisstjórnina og Kínverska kommúnistaflokkinn (GlobalSecurity.org, 2005). Kínversk lög banna ekki trúuðu fólki að gegna opinberum embættum en valdamestu stöður í ríkisstjórninni eru frátekna fyrir flokksmeðlimi og flokksmeðlimir hafa tekið fram að flokksaðild og trú fara ekki saman. Flokksaðild er einnig skilyrði fyrir næstum allar háttsettar stöður í ríkisstjórninni og opinberum fyrirtækjum og stofnunum (GlobalSecurity.org, 2005). Orðrómur er um að flokkurinn gefið út tvö dreifibréf síðan 1995, sem skipa flokksmeðlimum að aðhyllast ekki trú. Reglugerð hersins (e. The Routine Service Regulations of the People's Liberation Army) segir beinlínis að hermenn megi ekki taka þátt í trúar eða hjátrúarfullri starfssemi. Flokksmeðlimir og hermenn hafa

<sup>17</sup> Stjórnarskrá Alþýðulýðveldisins Kína var tekin upp á 5. Alþýðuþingi þann 4. desember 1982. Henni var síðar breytt á 7., 8., 9. og 10. Alþýðuþingi (árin 1988, 1993, 1999 og 2004) (Gov.cn, 2006a).

<sup>18</sup> Almanna öryggis yfirvöld gegna starfi lögreglu í Kína en þau sjá meðal annars um fylgja eftir stefnum og reglugerðum ríkisstjórnar varðandi almanna öryggi, hindra, stöðva og rannsaka glæpi ásamt því að stjórna fjöldasamkomum (Beijing Municipal Public Security Bureau, 2011).

verið reknir fyrir að aðhyllast Falun Gong trú (Lipton, 2002). Þrátt fyrir að opinberar reglugerðir hvetji til trúleysis eru allt að 25% flokksmeðlima á sumum stöðum tengdir einhverskonar trúarlegri starfssemi. Flestir þessarar opinberu starfsmanna iðkuðu Búddisma. Forstjóri Stjórnar trúarlegra mála (e. State Administration for Religious Affairs / k. 国家宗教事务局), Ye Xiaowen, hefur opinberlega lagt áherslu á að það að styðja áróður og menntun um trúleysi og að styðja stefnur um trúfrelsi sé bæði rétt og nauðsynlegt (GlobalSecurity.org, 2005). Ríkisstjórnin kennir trúleysi í grunnskólum (Bureau of Democracy - Human Rights and Labor, 2000).

### 3.6 Kosningar innan Alþýðulýðveldisins Kína

Í Alþýðulýðveldinu Kína er lítil hefð fyrir lýðræði eða löggjöf (e. rule of law). Þó svo að þróun traustra lagasafna og uppbygging lögfræðilegra stofnana, sem koma á og framfylgja lögum, séu nauðsynleg til þess að koma á löggjöf (e. rule of law) skiptir einnig gífurlegu máli að ala upp þjóðfélag sem skilur réttindi og skyldur borgara í nútímaríki. Því er kynning lýðræðislegra kosninga, sjálfstjórnunar og gegnsæis í þorpum (e. village / k. 村), sem knýja fram ábyrgðarskyldu með afturköllun, kjörtímabilum og öðrum úrræðum, mikilvægur þáttur í úbreiðslu löggjafar, ábyrgrar stjórnunar og lýðræðis til herra settrar stjórnarsýslu og annarra sviða í kínversku þjóðfélagi (Horsley, 2001). Embættismaður í Qianxi hrepp í Hebei sýslu sagði að tilgangur kosninga í þorpum væri að kjósa góða embættismenn sem myndu þjóna almenningi, þróa efnahag og tryggja þjóðfélagslegan stöðugleika í samræmi við lög og bætti við að ekki væri hægt að aðskilja lýðræði og löggjöf, þar sem lýðræði sé grunnurinn sem tryggir að hlutir séu gerðir í samræmi við lög (Horsley, 2001).

Alþýðulýðveldið Kína hefur lengi haldið ýmsar kosningar en hefðbundið kosningafyrirkomulag t.d. fyrir stjórnendur samyrkjubúa (e. commune / k. 公社) var að Kínverski kommúnistaflokkurinn tilnefndi einn frambjóðanda fyrir hverja lausa stöðu sem kjósendur svo samþykktu eða höfnuðu, yfirleitt með því að rétta upp hönd á fjöldafundum (Horsley, 2001). Í dag skiptast kosningar í Alþýðulýðveldinu Kína í tvennt, beinar og óbeinar kosningar<sup>19</sup>. Beinar kosningar eru haldnar fyrir þorpsnefndir í sveitum eins og næsti kafli fjallar um og fyrir staðbundin alþýðuþing í bæjarumdæmum og hreppum. Óbeinar kosningar eiga sér stað t.d. við kosningu fulltrúa alþýðuþinga á hærri stjórnsýslustigum en hreppsstigi (Horsley, 2001) og í kosningum til sumra embætta t.d. forseta og varaforseta (China.org.cn, 2003c). Kosningar í Kína eru að miklu leyti tjáning trausts til fólks og prófun á áliti almennings á frambjóðendum (Hua & Guo, 2007).

---

<sup>19</sup> Einnig nefnt beint og óbeint lýðræði eða beint og fulltrúalýðræði. Með beinum kosningum er átt við að almenningur kys frambjóðanda eða um ákveðið málefni en í óbeinum (fulltrúa) kosningum kjósa þegar valdir fulltrúar.

Lögin um kosningar til alþýðuþinga kveða á um samkeppni margra frambjóðenda, að hægt sé að skrifa inn frambjóðendur og að atkvæðagreiðsla skuli vera leynileg. Tilnefning og val á frambjóðendum til alþýðuþings er hinsvegar ekki eins lýðræðisleg og opin eins og í kosningum til þorpsnefnda (e. village committee / k. 村委会) en Kínverski kommúnistaflokkurinn hefur mikil völd yfir frambjóðendalistum (Horsley, 2001). Þrátt fyrir það hafa staðbundin alþýðuþing (e. local People's Congress / k. 地方人民代表大会) varfærnislega byrjað að nýta sér vald kosninga en árið 1988, höfnuðu nokkur sýslu- og borgar alþýðuþing frambjóðendum Kínverska kommúnistaflokksins og kusu sína eigin frambjóðendur í stöðu varasýslumanns (e. vice governorship / k. 副省长) og varaborgarstjóra (e. vice mayorship / k. 副市长). Fimm árum síðar unnu svo nokkrir óháðir frambjóðendur frambjóðendur Kínverska kommúnistaflokksins í baráttu um stöðu sýslumanns (e. governor / k. 省长) í Guizhou og Zhejiang. Einnig hafa fulltrúar staðbundinna alþýðuþinga nokkrum sinnum kosið óháða frambjóðendur til hærra settra A alþýðuþinga (Horsley, 2001). Sumir telja að lýðræðislegar framfarir í lögunum um þorpsnefndir frá árinu 1998 hafi skapað skilyrði til þess að endurbæta lögin um kosningar til alþýðuþings frá árinu 1979, sem síðast var breytt árið 1995 (Horsley, 2001). Margar staðbundnar stjórnir (e. local government / k. 地方政府) hafa byrjað að hvetja staðbundin alþýðuþing til aukinna samskipta við kjósendur sína og hefur reglulegum fundum, þar sem fulltrúar alþýðuþinga skýra frá vinnu sinni, taka við spurningum almennings og mennta kjósendur um hlutverk alþýðuþinga og fulltrúa þeirra verið komið á (Horsley, 2001).

Hvað kosningar innan Kínverska kommúnistaflokksins varðar þá hefur flokkurinn byrjað að gera tilraunir með tvær atkvæðagreiðslur fyrir staðbundna ritara flokksútibúa (e. local party branch secretary / k. 支部部长). Fyrst heldur hann atkvæðagreiðslu fyrir almenning um mögulega frambjóðendur og svo atkvæðagreiðslu flokksmeðlima. Einnig hefur flokkurinn verið duglegur að nýta sér kosningar til þorpsnefnda til þess að finna vinsæla og hæfa meðlimi fyrir flokkinn, sem veldur því að fjöldi flokksmeðlima í þorpsnefndum er að aukast. Þó svo að flokkurinn nýti sér kosningakerfi þorpsnefnda, til þess að styrkja stöðu sína og trúverðugleika, dregur það ekki úr áhrifum sem reynslan af lýðræði hefur á kosningar fyrir önnur embætti en ríkisstjórnin hefur verið að auka tilraunastarfsemi með beinar kosningar fyrir embættismenn bæjarumdæma (Horsley, 2001). Samkvæmt 11. grein stjórnarskrár Kínverska kommúnistaflokksins skal kosning fulltrúa til flokksþinga og flokksnefnda á öllum stigum vera haldin leynileg (Communist Party of China, 2002).

Kínverski kommúnistaflokkurinn hefur sagt opinberlega að þeir vinni að því að bæta lýðræði og réttarkerfið þar sem endurbygging pólitíska kerfisins er nauðsynleg viðbót við áframhaldandi

efnahagslegar umbætur og sósíalíska nútímavæðingu. Á fimmta allsherjarfundi Miðstjórnar voru sett markmið um að styrkja stofnun lýðræðislegs pólitísku kerfis, kynna vísindalega og lýðræðislega ákvarðanatöku og auka þátttöku almennings í pólitískum málum á skipulagðan hátt. Þessar breytingar og tilraunir með lýðræði gefa til kynna að Kína er smám saman að nálgast að minnsta kosti einhverskonar takmarkað lýðræði með kínverskum einkennum. Kínverski kommúnistaflokkurinn hefur þó ekki haggast frá stöðu sinni um að Kína muni ekki taka upp vestrænt fjölflokkakerfi (Horsley, 2001). Deng Xiaoping, leiðtogi Kína sagði árið 1987 að það yrðu allsherjarkosningar (e. national elections) innan 50 ára, þ.e. fyrir 2037 (Luard, 2005). Deng Xiaoping sagði einnig við þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, George Schultz, í júlí 1988 að Mikhail Gorbachev væri að fara öfugt að málum þegar þeir ræddu umbætur Mikhail Gorbachevs í Sovétríkjunum.

... Hann opnaði stjórnmalakerfið án þess að vita neitt um hagkerfið, sem leiðir til ringulreiðar. Ég gerði þetta öfugt, byrja í landbúnaði og litlum fyrirtækjum, þar sem opnunin gekk upp, sem leiddi af sér eftirspurn af fleiru sem virkaði ...<sup>20</sup> (Rowen, Pei & Yang, 2007, bls. 47).

Þegar George spurði Deng hvenær pólitísk opnum myndi eiga sér stað svaraði Deng „Það mun gerast seinna og byrja smátt, alveg eins og efnahagurinn. Menn verða að vera þolinmóðir og hafa rétta röð á hlutunum.“<sup>21</sup> (Rowen o.fl., 2007, bls. 47). Wen Jiabao, forsætisráðherra sagði svo breska forsætisráðherranum Tony Blair árið 2005 að þorpskosningar yrðu færðar út til næsta stjórnsýslustigs (bæjarumdæma) á næstu árum (Luard, 2005) en tilraunir voru gerðar með beinar kosningar í bæjarumdæmum í Sichuan, Shaanxi, Shenzhen og Henan á árunum 1999 til 2001 (He, 2003). Sumir gagnrýnendur spyrja afhverju Kínverjar byrja á að kynna lýðræði fyrir fátækasta fólkinu þegar helsta ástæða Kína fyrir að kynna ekki lýðræði í Kína er sú að Kínverjar séu of gamaldags og ómenntaðir til að taka þátt í kosningum (Luard, 2005).

Eins og fyrr segir hefur Kínverska ríkisstjórnin einnig gert tilraunir með kosningar í bæjarumdæmum en árangursrík stjórnun bæjarumdæma er mikilvæg til þess að viðhalda þjóðfélagslegum stöðugleika en helstu andstæðingar þeirra eru núverandi embættismenn bæjarumdæmanna. Þjárfasta kosningatilaun í bæjarumdæmum átti sér stað í Buyun í Sichuan árið 1998 þar sem 6000 manns kusu embættismenn í beinum kappsfullum kosningum. Kosningarnar fengu mikla fjölmiðla umfjöllun og voru gagnrýndar fyrir að brjóta á stjórnarskránni en hún kveður á um rétt staðbundinna alþýðuþinga til þess að velja stjórnendur bæjarumdæma.

---

<sup>20</sup> „He opened up the political system without a clue about the economy. The result is chaos. I did it the other way around, starting in agriculture and small businesses, where opening up worked, so now I have a demand for more of what succeeds.“ (Rowen o.fl., 2007, bls. 47).

<sup>21</sup> „That will come later and will start small, just as in the economy. You have to be patient but you have to get the sequence right.“ (Rowen o.fl., 2007, bls. 47).

Kosinn bæjarstjóri Buyun, Tan Xiaoqi fékk þó að sitja. Miðstjórn Kínverska kommúnistflokksins staðfesti þó árið 2001 að það bryti gegn stjórnarskrá að kjósa leiðtoga bæjarumdæma í beinum kosningum. Buyun aðlagðist með því að finnstilla kosningaferlið í samræmi við lög en í næstu kosningu kaus almenningur frambjóðanda til stjórnunarstöðu í bæjarumdæmum, sem staðbundin flokksnefnd mælti svo með og staðbundið alþýðuþing staðfesti. Kannski vegna lögfræðilegra vandamála Buyun hafa flest bæjarumdæmi, sem gert hafa tilraunir með lýðræðislegar kosningar, valið ekki jafn róttækar aðgerðir sem kallaðar eru „opin meðmæli og val“ en í þeim geta allir fullorðnir íbúar boðið sig fram til stjórnenda, en ráð samfélagsleiðtoga (e. council og community leaders) þrengir frambjóðendahópin í tvo og staðbundið alþýðuþing velur svo. Árið 2002 var einhverskonar tegund samkeppniskosninga (e. competitive election) í næstum 2000 bæjarumdæmum eða um 5% af öllum bæjarumdæmum Kína. Bæjarumdæmiskosningar geta gefið leiðtogum bæjarumdæma aukið lögmæti, sem leiðir til samkeppni milli flokksmanna og manna sem standa fyrir utan flokkinn sem mögulega eykur gæði stjórnunar (Thornton, 2008). Kosningatilaunir hafa einnig verið gerðar í hreppum, sem eru eini stigi ofar en bæjarumdæmi. Frá árinu 2000 hafa 11 hreppir í Hubei og Jiangsu framkvæmt „opin meðmæli og val“ atkvæðagreiðslur fyrir stöðu varahreppsstjóra (e. county deputy chief / k. 县长). Takmarkaðar tilraunir hafa einnig verið gerðar í borgum. Árið 2003 buðu tólf óháðir frambjóðendur sig til hverfis-alþýðuþings í Shenzhen og náðu tveir þeirra sætum. Næstum allir óháðir frambjóðendur til alþýðuþinga komast ekki á þing en fjöldi slíkra frambjóðenda hefur margfaldast gífurlega, frá aðeins 100 á landsvísu árið 2003 til fleiri en 40.000 árið 2007. Spáð er að fjöldi óháðra frambjóðenda muni ná hundruðum þúsunda árið 2012 og að pólitísk þátttaka muni halda áfram að aukast á meðan kínverskt samfélag eykur fjölbreytni og opnast enn frekar. Kínversk yfirvöld fylgjast náið með kosningatilaunum á öllum stigum (Thornton, 2008).

### 3.7 Þorpsnefndakosningar

Kínverskir leiðtogar, undir stjórn Deng Xiaoping, settu þróun grasrótar lýðræðis í forgang í pólitískri þróun Alþýðulýðveldisins Kína í upphafi umbótanna árið 1978. Kosningalög alþýðuþinga (e. Electoral Law of the National People's Congress og Local Congresses), sem kváðu á um að fulltrúar alþýðuþinga á hreppsstigi og lægri stigum ættu að vera kosnir beint af almenningi, voru samþykkt árið 1979. Árið 1989 samþykkti Fastanefnd Alþýðuþingsins lög um skipulagningu og kosningu til þorpsnefnda, sem kváðu á um að allir meðlimir þorpsnefnda skuli vera kosnir á beinan og frjálstan hátt af þorpsbúum (Li, 2008). Upphaf þorpsnefnda á rætur að rekja til pólitískar og efnahagslegrar ringulreiðar sem Menningarbyltingin skildi eftir sig í sveitum (Horsley, 2001). Ríkisvaldið þurfti að vera endurbyggt eftir niðurrif samyrkjubúa<sup>22</sup> og kynningu

<sup>22</sup> Í Stóra stökkinu framávið árið 1958 voru nánast allir bændur skipulagðir í samyrkjubú til þess auka framleiðslu og framleiðni (Ragnar Baldursson, 1985).

„Skyldur heimilisins“ kerfisins<sup>23</sup> (e. household responsibility system / k. 家庭联产承包责任制) og taldi ríkisstjórnin þorpsbúa geta stjórnað sér betur og átt auðveldara með að framfylgja óvinsælum stefnum ríkisstjórnar t.d. hvað varðar barneignir og skatta (Saich, 2001). Ríkisstjórnin vonaðist til að þorpsnefndir myndu auka stöðugleika og velmegun í sveitum, með því að leyfa þorpsbúum að kjósa ábyrga leiðtoga sem þeir treystu. Einnig vonaði hún að þorpsnefndirnar myndu bæta samband almennings og ríkis, til þess að framfylgja stefnum ríkisins betur (Horsley, 2001).

Frá því snemma á 9. áratugnum hefur kínverska ríkisstjórnin unnið að því sem gæti kallast stærsta grasrótarlýðræðismentun í heimi, með stofnun og kosninga til þorpsnefnda, lægsta stigs stjórnunar í kínverskri stjórnsýslu. Samkvæmt lögum um þorpsnefndir frá árinu 1998 þurfa þorpsnefndir að stjórna á lýðræðislegan hátt og eru þær fjárhagslega ábyrgar (e. fiscal responsibility) en Ráðuneyti borgaralegra mála (e. Ministry of Civil Affairs / k. 民政部) hefur umsjón með þeim. Með því að lýðræðisvæða stjórnun þorpa er ríkisstjórnin að leggja grunn fyrir þróun löggjafar, meðal þeirra 900 milljón Kínverja sem búa í sveitum, með því að kenna þeim réttindi þeirra og skyldur samkvæmt þorpsnefndalögum og sýna þeim ávinning þess að hafa ábyrga stjórnendur sem þeir geta komið úr embætti með kosningu. Reynslan af þorpsnefndum hefur m.a. áhrif á kosningar og lýðræðislega stjórnun í borgum, bæjarumdæmum og innan flokksins (Horsley, 2001).

Stjórnarskrá alþýðulýðveldisins Kína frá árinu 1982 kveður á um að þorpsnefndir, sem kosnar eru af þorpsbúum, eigi að meðhöndla opinber mál og félagsþjónustu, sætta einkamál (e. mediate civil disputes), hjálpa til við að viðhalda stillingu almennings (e. maintain public order) og koma beiðnum og skoðunum íbúa til ríkisstjórnar. Kínverska ríkisstjórnin nær niður til bæjarumdæma, sem eru eini stigi ofar en þorp. Árið 1987 tók Alþýðuþing upp bráðabirgðalög, sem voru staðfest sem þorpsnefndalögin árið 1998, eftir áratugs reynslu, álit almennings og miklar umræður um hversu mikla sjálfstjórn þorpsbúar eigi að hafa (Horsley, 2001). Aðalmarkmið þorpsnefndarlaganna er að tryggja sjálfstjórnun þorpanna og efla grassrótar sósíalískt lýðræði. Þorpsnefndarlögin undirstrika skyldur þorpsnefnda sem stjórnarskráin kveður á um og bætir við skyldu til að mennta þorpsbúa um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt lögum. Lögin gefa þorpsnefndum einnig ákveðnar fjárhagslegar skyldur þ.á.m. stjórnun og úthlutun landssvæðis og sameiginlegra fasteigna (e. collective property matters) sem varðar alla þorpsbúa auk þess sem þær þurfa að styðja sameignar efnahagsleg verkefni (e. co-op economic projects) og

---

<sup>23</sup> „Skyldur heimilisins“ var landbúnaðar framleiðslukerfi, sem komið var á snemma á 9. áratugnum. Með „Skyldur heimilisins“ kerfinu gátu heimili gert leigusamninga um landssvæði, vélakost og aðra aðstöðu frá samvinnustofnunum (e. collective organisations). Bændur bjuggu kerfið til en það var notað um land allt með stuðningi ríkisstjórnarinnar (China.org.cn, 2009).

þorpsframleiðslu. Stjórn bæjarumdæma á að leiðbeina, aðstoða og styðja en ekki stjórna þorpsnefndum. Í staðinn aðstoða þorpsnefndirnar bæjarumdæmin t.d. í skatt og korn (e. grain) innheimtu, framkvæmd einbirtisstefnu (e. family planning) og hverkvaðningu. Hefðbundin vinna þorpsnefnda er að afla fjár til þess að byggja skóla, setja upp kapalsjónvarp eða sannfæra nærliggjandi þorp um að byggja betri vegi (Horsley, 2001).

Þorpsnefndir samanstanda af þremur til sjö meðlimum. Þar af er einn formaður, einn eða fleiri varaformenn og svo almennir meðlimir. Þorpsnefndir eiga að hafa viðeigandi fjölda þjóðernisminnihluta og kvenna. Hlutfall kvenna í þorpsnefndum er þó enn mjög lágt en ríkjandi skoðun þorpsbúa er að sveitakonur búi yfir lítilli menntun og reynslu. Staða þorpsnefndafulltrúa er ekki full vinna né launuð en meðlimir nefndarinnar fá þó almennt einhverja þóknun fyrir vinnu sína í nefndarstörfum. Þorpsnefndir standa þorpsfundi reikningsskil gjörða sinna (Horsley, 2001). Þorpsfundur er stofnun sem samanstendur af öllum 18. ára og eldri þorpsbúum. Þorpsfundur fer yfir ársskýrslu þorpsnefndarinnar, leggur mat á meðlimi hennar, heldur aukakosningar ef þess þarf og getur lagt fram tillögur að stefnum (Saich, 2001). Þorpsfundurinn tekur einnig endanlegar ákvarðanir í mikilvægum málum þorpsnefndar sem varða alla þorpsbúa en þorpsfundur er annað hvort kallaður saman af þorpsnefnd eða að kröfu 10% þorpsbúa (Horsley, 2001). Þorpsnefndar kjörseðlar eru oft hannaðir með það markmið að kjósendur gefi til kynna samþykki eða höfnun fyrir hvern frambjóðenda, eins og venjan var í ýmsum kosningum Alþýðulýðveldisins Kína áður fyrr, í stað þess að kjósendur velji sér frambjóðenda. Hinsvegar hefur þorpsnefndakosningaferlið þróast mjög á síðustu árum (Horsley, 2001).

Kosningakerfi getur ekki talist lýðræðislegt ef einn hópur eða flokkur getur valið alla frambjóðendurna. Því innihalda þorpsnefndalögin frá 1998 mikilvæg lýðræðisleg atriði til þess að tryggja að þorpsbúar hafi sannarlega val á stjórnendum þeirra. Meðal þeirra eru að tilnefningar skuli gerðar beint og opinskátt af einstaklingum frekar en hópum, frambjóðendur skulu vera margir, atkvæðagreiðsla leynileg<sup>24</sup>, talning atkvæða opinber, úrslit tafarlaust tilkynnt og ferli til afturköllunar til staðar. Lögin taka einnig skýrt fram að engri stofnun eða einstaklingi er heimilt að útnefna, skipa í embætti eða fjarlægja og skipta um meðlimi þorpsnefnda, nema í samræmi við kosninga og afturköllunarferli laganna (Horsley, 2001). Þorpin sjálf ákveða hvernig tilnefningarferlið og val á frambjóðendum fari fram og hvort eigi að halda forkosningar. Vinsæl leið er kölluð sjávarkosning (e. sea election / k. 海选), sem bændur í Jilin fundu upp á. Sjávarkosning fer fram eins og opin forkosning, þar sem allir kjósendur hafa rétt á að tilnefna frambjóðendur fyrir öll laus embætti. Frambjóðendum er svo oft leyft að halda framboðsræður og svara spurningum þorpsbúa. Frambjóðendur sem fá flest atkvæði keppa svo í lokakosningunni

<sup>24</sup> Skylda er að nota kosningabása til þess að tryggja réttmæti atkvæða (Horsley, 2001)

(Horsley, 2001). Allir þorpsbúar, 18 ára og eldri, hafa kosningar- og framboðsrétt án tillits til kynþáttar, kyns, atvinnu, fjölskyldutengsla, trúar, menntunar, fátæktar eða lengd búsetu (ACE Electoral Knowledge Network, 2010). Þorpsnefndalögin styrkja einnig aðgerðir sem auka gegnsæi og ábyrgð, til þess að tryggja lýðræðislega sjálfstjórnun í svokölluðum „fjórum lýðræðum“: lýðræðislegar kosningar (e. democratic election), lýðræðisleg ákvarðanatöku (e. democratic decisionmaking), lýðræðisleg stjórnun (e. democratic management) og lýðræðislegt eftirlit (e. democratic supervision). Þorpsnefndir verða að fara eftir meirihluta í ákvarðanatöku, fá samþykki þorpsfunda fyrir sérstök mál, birta fjárhagsmál á sex mánaða fresti og gera öll mikilvæg mál sem tengjast samfélaginu opinber eins fljótt og auðið er. Þorpsbúar geta kvartað til herra settra stjórnunar ef þorpsnefnd birtir ekki efni innan viðeigandi tíma auk þess sem þorpsfundur fer yfir ársskýrslur þorpsnefndar og má því segja að þorpsnefnd sé ábyrg gagnvart þorpsbúum (Horsley, 2001).

Þorpsbúar skildu fljótt mikilvægi réttinda þeirra í þorpsnefndarlögunum og hafa verið duglegir að kvarta og nýta sér möguleikann á að afturkalla meðlimi þorpsnefndar til þess að koma spilltum og óhæfum fulltrúum frá völdum. Ráðuneyti borgaralega mála sér um kvartanir þorpsbúa en flestar kvartanir hafa verið vegna sviksamlegra fjárhagsskýrslna, kosninga sem ekki eru haldnar á réttum tíma og erfiðleika við að rétt kjörnir þorpsnefndar meðlimir komist í embætti en þorpsnefndalögin eru ekki nógu ítarleg þegar kemur að framkvæmdarákvæðum þorpsnefnda (Horsley, 2001). Kosnar þorpsnefndir eru vinsælar og eru mögulega að koma á smá stöðugleika í sveitum Kína. Þrátt fyrir þorpsnefndir hafa þúsundir mótmæla og uppböta í sveitum verið tilkynnt í fjölmiðlum síðustu ár, sem bendir til að þorpsnefndir séu ekki allra meina bót fyrir ótal vandamál sem þjaka kínverska bændur. Oftast eru umkvörtunarefni í sveitum spilling, rukkun óhóflegra og ólöglegra gjalda og önnur valdriðsla bæjarumdæma og herra settra stofnana, sem búa yfir mun meira valdi en þorpsnefndir og eru ekki ábyrg gagnvart meintum kjósendum sínum (Horsley, 2001). Kínverskri kommúnistaflokkurinn er yfirleitt mjög viðriðin daglegan rekstur þorpa og keppir því við formann þorpsnefndar um stjórnun þorpsins í þeim tilvikum þar sem formaðurinn er ekki flokksmeðlimur.

Beinar kosningar staðbundinna embættismanna í næstum milljón þorpum víðsvegar í Kína hefur verið tekið sem mögulegu fyrsta skrefi í átt að fjölflokkaríki (e. multi party state) og er mikilvægasta pólitíska breyting í Kína þegar Kína einbeitti sér aðallega að efnahagslegri þróun. Í dag lítur það hinsvegar út sem að ríkisstjórninni sé ekki frekari alvara með grasrótar lýðræði eins



og aðrar pólitískar umbætur<sup>25</sup>. Samkvæmt lögum eru afturkallanir embætta leyfðar en það virðist vera að færast í aukana að sá réttur sé hunsaður vegna þess að margir þeirra sem kosnir eru í þorpsnefndir eru ekki í Kínverska kommúnistaflokknum og telur Kínverski kommúnistaflokkurinn að sér sé ógnað. Sumir segja að kosningum til þorpsnefnda sé oft hagrætt þar sem meðlimir Kínverska kommúnistaflokksins reyna að viðhalda alvöru valdi á öllum stigum. Reynsla fólks af skipulagningu og þáttöku í kosningunum hinsvegar gæti verið mikill ávinningur og vegið þungt í leit Kína að lýðræði (Luard, 2005).

The Carter Center<sup>26</sup> sem hefur rannsakað þorpskosningar í Kína telur þorpin sem þeir heimsóttu skilja vel meginreglur lýðræðislegra kosninga eins og t.d. leynileg atkvæðagreiðsla, margir frambjóðendur og beinar kosningar, það þarf þó ekki að vera raunin í öllum þorpum. The Carter Center kom m.a. fram með eftirfarandi tillögur til að bæta kosningaferlið:

- Að staðla og samstilla þorpsnefndakosningar milli hreppa og sýslna.
- Gæta hlutleysis þeirra sem sjá um kosningarnar.
- Gæta þess að kosningar séu í raun og veru leynilegar.
- Bera skilríki kjósenda saman við kjörskrá.
- Auka fjölda framboða.
- Leyfa og hvetja þorpsbúa til að spyrja frambjóðendur spurninga.
- Bæta myndum og númerum við nöfn frambjóðenda í kjörklefum, til þess að auðvelda ólæsum þorpsbúum að kjósa (The Carter Center Delegation, 1997).

Þorpsnefndakosningar eru líklega ekki að grafa undan stjórn Kínverska kommúnistaflokksins og gætu jafnvel verið að styrkja yfirráð hans, þar sem sumir flokksleiðtogar öðlast lögmæti með kosningunum. Á sama tíma hinsvegar, eru þorpskosningar að ryðja veginn fyrir lýðræði þar sem kosningaferlið er að venja almenning við lýðræðislega starfshætti og styrkja fulltrúastofnanir (e. representative institutions). Margt bendir til þess að Kínverski kommúnistaflokkurinn sé að ganga í gegnum miklar breytingar en þó hann sé mjög stjórnsamur (e. authoritarian) á landsvísu virðist hann vilja deila valdi sínu á staðbundnum stigum en ákveðin þorp eru með beinar kosningar fyrir flokksritara. Ef litið er á flokkinn í heild virðist hann klofinn, þar sem flokkurinn á landsvísu neitar

---

<sup>25</sup> Sem dæmi má nefna að fjöldi þorpsbúa og lögfræðingar þeirra voru handteknir vegna beiðni þeirra um að reka formann þorpsnefndar í Taishi í Guangdong sýslu fyrir spillingu en staðbundnir embættismenn og lögregla hafa neitað að fjarlægja hann og halda nýja kosningar. Ríkisstjórnin brást við beiðninni á ofbeldishneigðan og ófyrirleitinn hátt en eftir að hafa treglega leyft beiðnina réðust eitt þúsund lögreglumenn inn í þorpið og spúluðu bændur með vatni, handtóku 48 íbúa, þar á meðal aldraðar konur og gerðu bókhaldið, sem var sönnunargagn mótmælendanna, upptækt. Flestum var sleppt eftir að hafa samþykkt að draga kröfu sína um nýjar kosningar tilbaka (Luard, 2005).

<sup>26</sup> The Carter Center eru góðgerðarsamtök sem stuðla að friði og heilsu með því að leysa deilur, stuðla að lýðræði og mannréttindum, koma í veg fyrir sjúkdóma, bæta geðheilbrigðismál og kenna bændum að auka uppskeru sína (The Carter Center, 2011).

að deila valdi en þorpshluti flokksins er móttækilegur fyrir fulltrúastofnunum og lýðræðislegum starfsháttum (He, 2003).

Sumir halda því fram að það sé mikið samband á milli efnahagslegrar þróunar og þorpsnefndakosninga þ.e. að þorpsnefndakosningar séu líklegri til þess að ganga vel í ríkum þorpum. Aðrir halda því að fram að héruð með miðlungs efnahagslega þróun og tiltölulega sterk landbúnaðar- og iðnaðarsvið hafi þróað kosningaferlið sitt best. Þjóðfélagslega liðssöfnunarkenningin (e. Social mobilisation theory) segir að efnahagsleg þróun auki þrá og getu fólks til þess að taka þátt í ákvörðunum, sem ryður veginn fyrir lýðræði, þar sem efnahagsleg þróun í fyrsta lagi eykur samskipti milli einstaklinga og ríkis sem hvetur fólk til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku ríkisstjórnar. Í öðru lagi breytir efnahagsleg þróun samsetningu þjóðarinnar þ.e. fleiri borgarar verða menntaðir sem leiðir til þess að millistétt verður stærsta stéttin. Í þriðja og síðasta lagi breytir efnahagsleg þróun afstöðu fólks gagnvart pólitík þar sem fólk lærir meira um pólitík og hefur meira að segja í ákvörðunarferli þjóðfélagsins (Zhao, 2000). Þessi kenning getur þó ekki útskýrt kosningaumbætur í sveitum Kína.

## 4. Kína á 20. öld

### 4.1 Stofnanavæðing og breyttar áherslur

Frá upphafi Deng Xiaoping tímabilsins hefur Kínverski kommúnistaflokkurinn og Alþýðulýðveldið Kína gengist undir úthugsaða og stigvaxandi stofnanavæðingu. Upptök stofnanavæðingarinnar má rekja til endurskoðunar á grundvallar verkefnum Kínverska kommúnistaflokksins á þriðja allsherjarfundi elleftu Miðstjórnarinnar árið 1978. Á þeim allsherjarfundi var áhersla flokksins færð frá stéttabaráttu og félagslegum breytingum yfir í nútímavæðingu (Li, 2008). Deng Xiaoping og bandamenn hans studdu stofnanavæðingu vegna þess að hefðbundnir og fyrirsjáanlegir stjórnsmálstarfshættir og ákvarðanatökufæri var nauðsynlegt svo Kína gæti nútímavæðst. Einnig vildu þeir koma í veg fyrir samsöfnun valds eins manns og fyrirvaralausar byltingarkenndar hugmyndir eins og hugmyndir Mao, sem leitt höfðu kínversku þjóðina í áratug af óróa. Undir stjórn Mao komu flokksþing og allsherjarfundir aðeins saman öðru hverju eftir árið 1949, þrátt fyrir ákvæði frá 1956 um að flokksþing ættu að koma saman á fimm ára fresti og allsherjarfundir tvisvar á ári. Undir stjórn Deng byrjuðu flokksþing og allsherjarfundir Miðstjórnar að koma saman reglulega eins og stjórnarskrá Kínverska kommúnistaflokksins frá 1982 segir til um. Alþýðuþing og Pólítíska ráðgjafarþingið byrjuðu að koma saman aftur árið 1979 og hafa haldið áfram án truflunar til dagsins í dag (Li, 2008).

Samkvæmt kínverskum fjölmiðlum fara nú skýrslur sem aðalritari færir flokksþingum og úrlausnir mála sem allsherjarfundir hafa samþykkt nú eftir ákveðnu ferli ráðgjafar, endurskoðunar og endurbóta. Stofnanavæðing í háttsettum flokks- og ríkisstofnun hefur leitt af sér stofnanavæðingu og hefðbundna verkefnaferla í lægra settum flokks- og ríkisstofnunum. Leiðtogaskipti voru stofnanavædd þegar stjórnarskrá Alþýðulýðveldisins Kína tók upp ákveðin kjörtímabil fyrir æðstu leiðtogastöður árið 1982 og kom á eftirlaunaaldri fyrir ýmsar aðrar stöður. Þótt Kínverski kommúnistaflokkurinn hafi ekki komið á kjörtímabilum þá kvað hann á um að leiðtogar væru ekki æviráðnir. Síðan þá virðast hafa verið gerðar óopinberar starfslokareglur fyrir ýmsar stöður á fjölmörgum stigum innan flokksins (Li, 2008).

Stofnanavæðing kínverska stjórnmalakerfisins og Kínverska kommúnistaflokksins sást best þegar Hu Jintao tók við af Jiang Zemin sem aðalritara flokksins á 16. Flokksþingi árið 2002, forseta Alþýðulýðveldisins Kína á 10. Alþýðuþinginu árið 2003 og sem formaður Hermálaráðs flokks og ríkis árin 2004-5. Embættisskiptin milli Jiang Zemin til Hu Jintao voru skipulögðustu og snurðulausustu í sögu Alþýðulýðveldisins Kína. Embættistaka Hu Jintao kom í kjölfar tíu ára undirbúnings þar sem hann var hækkaður í stöðu, árið 1992, til fastanefndar Stjórnmalaráðs og í stöðu aðalritara Stjórnardeildar Miðstjórnar (e. executive secretary of the Secretariat of the Central Committee / k. 中国共产党中央委员会书记处书记) ásamt því að vera skipaður varaforseti Alþýðulýðveldisins árið 1998 og varaformaður Hermálaráðs árið 1999 (Li, 2008) (Li, 2008).

Stofnanavæðing í stjórnmalakerfi Kína og Kínverska Kommúnistaflokknum auk samstarfs leiðtoga Kína (e. collective leadership system) hafa reynst heilladrjúg við að halda Kínversku kommúnistastjórninni við völd og gert flokknum kleift að stjórna án stórvandræða í líkingu við mótmælin á Torgi hins himneska friðar 1989. Aukin stofnanavæðing undir stjórn Hu Jintao, sem hefur síðustu ár aukið kosningar í innanflokksmálum og tíðni flokksþinga á fjölmörgum stigum, sýna að leiðtogar flokksins átta sig á nauðsyn endurbóta á stjórnmalakerfinu ef flokkurinn á að viðhalda völdum (Li, 2008).

Með stofnanavæðingu hafa átt sér stað stigvaxandi og óafturkallanlegar breytingar í uppbyggingu og starfsferlum kínverskra stjórnála og flokksins. Málamiðlanir í ákvarðanatöku, stöðug og að mestu leyti fyrirsjáanleg leiðtogaskipti og samræmi í stefnumótun hafa komið í stað hreinsana, óstöðugra og ófyrirsjáanlegra leiðtoga og róttækra breytinga í stefnumótun. Allar þessar breytingar eru jákvæð skref í þróun Kína í átt að opnara fjölflokka stjórnmalakerfi (Li, 2008).

## 4.2 Kínversk þjóðerniskennd og valdboðshneigð

Þjóðerniskennd, sem nútímahugtak, er skilgreint sem kenningar eða hugmyndir sem segja til um pólitískar aðgerðir eða hreyfingar. Hefðbundin kínversk sjálfsímynd var almennt skilgreind sem menningarleg (e. culturalism) og byggð á sameiginlegri sögulegri arfleidd og viðurkenningu á sameiginlegum skoðunum en ekki sem þjóðerniskennd. Kínverjar aðhylltust ekki þjóðerniskennd fyrir en á 19. öld en vegna kínverskrar menningar og áherslu á tryggð var þjóðerniskennd ekki til í gamla hefðbundna Kína. Það var ekki einu sinni til nytsamlegt orð fyrir sögulegt og siðferðilegt samfélag Kína þ.e. kínversku þjóðina fyrir 19. öld. John Fitzgerald, prófessor í kínverskri nútímasögu, hefur bent á venju Kínverja að vísa til ættarvelda í stað lands þegar þeir töluðu um samfélagið sitt, sem gaf til kynna að það væri í raun engin kínversk þjóð. „Kínverska þjóðin“ (k. 中华民族) er tiltölulega nýtt og nútímalegt hugtak sem kom aðeins í ljós við upphaf 20. aldar (Zhao, 2000).

Liah Greenfeld, prófessor í stjórn málafræði og félagsfræði, skilur á milli tveggja tegunda þjóðerniskennda, einstaklings- og frjálshyggju þjóðerniskenndar (e. individualistic libertarian nationalism) og valdboðshneigðrar sameignarstefnuþjóðerniskenndar (collectivistic-authoritarian nationalism) eða einfaldlega frjálslynd (e. liberal) og valdboðshneigð þjóðerniskennd. Frjálshyggju þjóðerniskennd getur ýtt undir lýðræði vegna þeirrar hugmyndar að ríkið er eign borgaranna en valdboðshneigð þjóðerniskennd gæti hamlað lýðræði vegna þess að hagsmunir borgara skipa skör lægra en hagsmunir ríkisins. Eftir mótmælin á Torgi hins himneska friðar vorið 1989 notaði kínverska ríkisstjórnin þjóðerniskennd til þess að loka á vestræn áhrif, en lýðræðishreyfing 9. áratugarins var talin eiga rætur að rekja til frjálslegra vestrænna hugmynda (Zhao, 2000).

Menntamenn töluðu einnig fyrir þjóðerniskennd vegna áhyggja um að Kína stæði frammi fyrir þjóðarsundrun (e. national disintegration) eins og hefði átt sér stað í fyrrverandi Sovétríkjunum og Júgóslavíu, eftir skyndilegt fall kommúnisma í þessum ríkjum. Undir þessum kringumstæðum, enduruppgötvuðu kínverskir menntamenn, sem eitt sinn notfærðu sér hugmyndir vesturlanda og algerlega höfnuðu sínum eigin hefðum, gildi fortíðarinnar og urðu tortryggir í garð vestræns hugarsfars. Margir ungir menntamenn fóru að þróa með sér þjóðarstolt og sjálfstraust vegna efnahagslegs uppgangs. Sameiginlegt markmið ríkisstjórnar og menntamanna að halda kínversku þjóðinni saman á ólgutímum færði ríkisstjórnina og menntamennina saman undir merkjum þjóðerniskenndar. Kínversk þjóðerniskennd er því árangur hviklyndrar blöndu af auknu stolti og langvarandi óöryggi vegna mikilla innanlands átaka. Kínverskri þjóðerniskennd svipar mjög til valdboðshneigðar sameignarstefnuþjóðerniskenndar Liah Greenfeld, sem vekur upp spurningar

um hvernig kínversk þjóðerniskennd eigi eftir að samrýmast væntingum heimsins til lýðræðis í Kína þegar Kína nútímavæðist enn frekar (Zhao, 2000).

### 4.3 Fjölmiðlar og ritskoðun

Kínverskir fjölmiðlar sæta mikilli ritskoðun og eru aðeins opnir fyrir afar takmarkaðri mótstöðu (e. resistance) (Hua & Guo, 2007). Á lista Fréttamanna án landamæra (e. Reporters without Borders) yfir fjölmiðlafrelsi í löndum er Kína í 168. sæti af 175. Stjórnarskrá Alþýðulýðveldisins Kína kveður á um mál- og fjölmiðlafrelsi en hefur þann fyrirvara á að Kínverjar verði þó að verja öryggi, heiður og hagsmuni Kína. Reglugerðir um fjölmiðla í kínverskum lögum eru óljóst orðaðar en segja að fréttir og greinar geti stefnt Kína í hættu með því að ljóstra upp ríkisleyndarmálum. Eftirlitskerfi Kína byggist að sumu leyti upp á sjálfsritskoðun en ef að efni er talið ógna öryggi ríkis eftir að það birtist í fjölmiðlum geta fréttamenn og höfundar efnisins verið sóttir til saka (Bhattacharji, Zissis, & Baldwin, 2010).

Það eru nokkrar stofnanir sem sjá um ritskoðun en þær helstu eru Allsherjarstjórn á fjölmiðlun og útgáfu (e. General Administration of Press and Publication - GAPP) og Ríkisstjórnun á útvarpi, kvikmyndum og sjónvarpi (e. State Administration of Radio, Film, and Television - SARFT). GAPP veitir útgefendum starfsleyfi, fer yfir efni, hvort sem það er prentað eða á netinu og hefur vald til þess að banna ákveðið efni og loka fjölmiðlum. SARFT hefur svipaðar skyldur og völd yfir útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndum og útsendingum á netinu. Helsta eftirlitsstofnunin er hinsvegar Áróðursdeild Kínverska kommúnistaflokksins (e. Communist Party's Central Propaganda Department - CPD / k. 中央宣传部) sem vinnur með GAPP og SARFT til þess að fylgjast með að útgefið efni sé í samræmi við kenningar Kínverska kommúnistaflokksins. CPD gefur út tilskipanir til fjölmiðla sem takmarka umfjöllun um viðkvæm pólitísk mál, sem CPD telur ógna ríkisstjórninni og stjórn flokksins, eins og til dæmis mótmæli, umhverfisslys, Tíbet og Taívan. Stjórnendur fjölmiðla framfylgja tilskipunum CPD með því að birta ekki umdeildar fréttir og fara eftir fyrirmælum þeirra um hvernig taka eigi á viðkvæmum málum (Bhattacharji o.fl., 2010).

Helsta aðferð Kínversku ríkisstjórnarinnar til þess að hafa hemil á fjölmiðlum er að ógna þeim og fá þannig fréttamennina til þess að ritskoða sjálfa sig. Meðal refsinga eru stöðulækkningar, brottrekstur, ásökun um ærumeiðingar, lokun fjölmiðla og fangelsisvist. Árið 2009 var Kína með að minnsta kosti 24 fréttamenn í fangelsi. Til þess að stjórna áhrifum erlendra fjölmiðla krefst Kína að erlendir fréttaritarar fái leyfi áður en þeir fara í fréttavafnarferðir til Kína en erlendir fréttamenn eru oft áreittir af yfirvöldum ef þeir fjalla um viðkvæm málefni. Kína sagðist ætla að slaka örlítið á þessum hömlum vegna Ólympíuleikanna 2008 og leyfa erlendum fréttamönnum að

skýra frá fréttum án leyfa frá 1. janúar 2007 til 27. október 2008. Hinsvegar skýrðu Samtök erlendra fréttamanna í Kína (e. The Foreign Correspondents Club of China) frá því að kínversk yfirvöld hefðu 178 sinnum haft afskipti af erlendum fjölmiðlum árið 2008 og 180 sinnum árið 2007, þrátt fyrir meinta slökun á reglugerðum (Bhattacharji o.fl., 2010).

Eftirlits-, áróðurs-, og öryggisstofnanir Kínverska kommúnistaflokksins og Alþýðulýðveldisins Kína hafa fylgt vel eftir gífurlegum vexti og auknum fjölbreytileika fjölmiðla án þess að sýna á sér bilbug (Li, 2008). Nýi Kínamúrinn, Hinn mikli eldveggur Kína (e. The Great Firewall of China) takmarkar aðgang að ákveðnum erlendum vefsíðum. Háþróuð tækni er notuð til þess að kanna efni á netinu og banna sendingu tölvupósta, vefsíðna eða jafnvel spjallskilaboða sem innihalda ákveðnar samsetningar af orðum. Þótt sumir notendur finni alltaf leiðir til þess að komast hjá þessum takmörkunum hefur þessi tækni reynst árangursríkari en margir bjuggust við (Hua & Guo, 2007).


#### 4.4 Internetið og pólitísk þátttaka

Fjöldi kínverskra netnotenda hefur aukist gríðarlega síðustu ár (sjá mynd 4.1) en samkvæmt skýrslu um internetnotkun í Kína, frá Upplýsingamiðstöð Kína um Internetið (e. China Internet Network Information Center - CNNIC), voru þeir orðnir 384 milljónir eða um 29% þjóðarinnar árið 2009<sup>27</sup> (Internet World Stats, 2010). Líklegt er að fjöldi kínverskra notenda muni halda áfram að aukast gífurlega á næstu fimm til tíu árum (Law, 2010).

Internetið hefur leitt kínverskt þjóðfélag inn í nýtt tímabil. Með netaðgangi geta Kínverjar nálgast fréttir frá fjölbreyttum miðlum, lært um pólitík, myndað sér upplýstar skoðanir og átt samskipti við aðra á nýjan hátt. Auk þess er netið áhrifamikill vettvangur fyrir pólitíska umræðu og öflugt tæki fyrir Kínverja til þess að standa fast á sínu og láta skoðun sína í ljós. Kínverskir netverjar hafa verið duglegir að nota netið til þess að koma skoðunum sínum og hagsmunum á framfæri og hafa áhrif á stefnur ríkisstjórnarinnar. Dæmi eru um að þrýstihópum á netinu hafi tekist að breyta stefnu ríkisstjórnar og hegðun embættismanna og hefur það hvatt Kínverja til frekari þátttöku í pólitískri starfssemi á netinu. Pólitísk þátttaka er skilgreind sem starfssemi, sem stjórnað er af almenningi, með það markmið að hafa áhrif á ákvarðanir ríkisstjórnar, stefnur eða embættismenn eða sem sjálfstæð starfssemi sem ætlað er að breyta eða hafa áhrif á núverandi ástand. Milljónir Kínverja nota netið til þess að láta skoðanir sínar í ljós, sem þeir annars gætu ekki gert, en fyrir flesta Kínverja er engin markviss leið til þess að tjá skoðanir sínar opinberlega og flestir möguleikar almennings til þess að hafa áhrif á pólitík ekki löglegir. Kínverjar koma því

<sup>27</sup> Í lok júní 2010 voru netnotendur í Kína orðnir 420 milljónir eða um 31,6% þjóðarinnar (China Internet Network Information Center, 2010).

skoðunum sínum og hagsmunum á framfæri í gegnum óformlega miðla og forðast að standa beint andspænis ríkisstjórninni. Oft gagnrýna skoðanir á netinu ríkisstjórnina, stefnur hennar og opinbera starfsmenn á öllum stigum. Sumar skoðanir á netinu stinga þó upp á mögulegum lausnum vandamála og nýjum stefnum (Hua & Guo, 2007).



Mynd 4.1: Fjöldi kínverskra netnotenda, frá árinu 2000 til ársins 2009 (Internet World Stats, 2010).

Talið er er að efnahagsleg þróun ýti undir pólitískar skoðanir almennings þar sem efnahagsleg þróun eykur möguleika ríkisstjórnar til þess að hafa áhrif á líf fólks sem neyðir einstaklinga að einhverju marki til að taka þátt í pólitík til þess að verja og auka réttindi sín. Einnig verður líklegra með aukinni menntun að almenningur komi hagsmunum sínum á framfæri með þátttöku í pólitík. (Hua & Guo, 2007)

Með netaðgangi geta Kínverjar skoðað erlendar vefsíður, sem skýra frá kínverskum fréttum og málefnum á vafningalausán hátt og sýna heiminn í öðru ljósi en ríkisreknir fjölmiðlar. Tilkoma spjallsvæða, athugasemda á vefsíðum og skráarbanka (e. Bulletin Board System) hefur netið orðið að nýrri tegund pólitískrar þátttöku í Kína en fréttir og skoðanir á netinu stangast oft á við áróður Kínverska kommúnistaflokksins. Í dag leyfa stórar kínverskar fréttavefsíður eins og tom.com og sina.com athugasemdir og eru mörg hundruð þúsundir athugasemda skrifaðar á hverjum degi á þessum vefsíðum. Margar þeirra eru gagnrýnar en takmörkin virðast vera að ekki er leyfilegt að gagnrýna ráðandi stöðu kínverska kommúnistaflokksins né embættismenn með nafni. Kínverjar geta einnig birt greinar í skráarsöfnum og blómstra umræðufundir (e. forum) á netinu. Pólitísk þátttaka á netinu er ef til vill ekki jafn öflug og mótmæli fyrir utan byggingu

ríkisstjórnar eða kosningar en hún gefur fjölda fólks tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri, fá útrás fyrir reiði og krefjast lausnar á vandamálum. Pólitísk þátttaka í gegnum netið er einnig talin öruggari vegna nafnleysis en það getur reynst hættulegt að gagnrýna kínversku ríkisstjórnina opinberlega (Hua & Guo, 2007).

Eins og áður hefur komið fram eru Kínverjar byrjaðir að mynda þrýstihópa á netinu og beita ríkisstjórnina þrýstingi til þess að laga ýmis vandamál og koma skoðunum sínum á framfæri. Ríkisstjórnin er talin líklegri til þess að bregðast við þrýstingi almennings á netinu en annars staðar, þar sem upplýsingar ferðast langt og hratt á netinu og erfitt er að hunsa það. Það reynist ríkisstjórninni líka erfitt að tvístra þessum nethópum en hún vill ekki banna athugasemdir algerlega á netinu. Nethópar hafa aðallega beitt ríkisstjórnina þrýstingi vegna illrar meðferðar lögreglu, spillingar, glæpa og þjóðfélagslegs óréttlætis<sup>28</sup> (Hua & Guo, 2007) .

Í raun má segja að netið sé eimreið (e. locomotive) fjölmiðlafrelsis í Kína en þegar netumræða um ákveðin efni er samþykkt af ríkisstjórn taka opinberir fjölmiðlar þátt í umræðunni. Án spjallrása og skráarbanka væru opinberir fjölmiðlar ekki líklegir til þess að minnst á viðkvæm mál (Hua & Guo, 2007).

Kínverska ríkisstjórnin er á báðum áttum hvernig hún eigi að taka á internetinu. Netið er orðið ómissandi hluti kínversks hagskerfis og leikur stórt hlutverk í áframhaldandi hagvexti Kína, þar sem það tengir kínverska hagkerfið við heimsbúskap (e. world economy). Kínverska ríkisstjórnin sækist einnig eftir þekkingarhagkerfi (e. knowledge based economy) og býður því nýja tækni velkomna. Netið getur líka veitt pólitískan ávinning, sem þjónar hagsmunum ríkisstjórnarinnar, en netið leyfir fólki að fá útrás fyrir reiði sem er mun hættuminna en mótmæli á götu úti. Auk þess veitir netið staðbundnum vandamálum, sem embættismenn gætu hylmt yfir, athygli. Að lokum nýtir kínverska ríkisstjórnin sér sjálf netið en ríkisstjórnin starfrækir opinberar vefsíður til þess að kynna stefnur og reka áróður hugmyndafræði þeirra. Hinsvegar fá opinberar síður eins og People's Daily ekki eins marga lesendur og óopinberar vefsíður. Á hinn bóginn lítur kínverska ríkisstjórnin á netið sem alvarlega ógn við strangt taumhald þeirra á fjölmiðlum og óttast að það grafi undan valdi Kínverska kommúnistaflokksins. Kínverska ríkisstjórnin framfylgir því ströngum

---

<sup>28</sup> Dæmi um að þrýstingur nethóps hafi borið árangur er mál ungs nemanda, Sun Zhigang. Í apríl 2003 fjallaði vel þekkt dagblað í Kína um dauða Sun Zhigang en Sun dó í gæsluvarðhaldi vegna pyntinga lögreglu. Sun hafði verið stöðvaður af lögreglunni í Shenzhen og beðinn um persónuskilríki og tímabundið dvalarleyfi. Þar sem Sun var ekki með skjölin á sér var honum haldið á lögreglustöðinni, þar sem hann reyndi að sannfæra lögregluna um að hann væri löglegur íbúi og fékk yfirmann sinn til þess að reyna að fá hann lausan. Allt kom þó fyrir ekki og dó Sun næsta dag úr hjartaáfalli en skv. krufningu kom í ljós að hann hefði verið barinn til óbóta og dáið úr sjokki. Frétt dagblaðsins fór eins og eldur í sinu um netið og skrifuðu hundruðir þúsunda Kínverja athugasemdir þar sem þeir báðu ríkisstjórnina um að rannsaka málið. Þrýstingur almennings leiddi til þess að ríkisstjórnin felldi tímabundin dvalarleyfi úr gildi og voru aðilar sem áttu beinan þátt í dauða Sun annað hvort dæmdir til dauða eða lífstíðarfangelsis. Þetta mál sýnir hversu öflugt netið getur verið í að hafa áhrif á stefnur ríkisstjórnar og hegðun embættismanna (Hua & Guo, 2007).



lögum og reglugerðum um innihald netsins, fylgist grannt með og stjórnar netaðgangi auk þess sem hún byggir háa eldveggi til þess að loka fyrir óæskilegar vefsíður. Ríkisstjórnin lætur einnig loka síðum sem sakaðar eru um að tengjast pólitískri starfssemi, hafa samúð með pólitískum andófsmönnum eða gagnrýna stefnu ríkisstjórnar. Margar vefsíður sem álitnar eru innihalda viðkvæmar upplýsingar, t.d. um mannréttindi eða Falun Gong, eru allar lokaðar í Kína. Einnig stjórnar ríkisstjórnin leitarvélum og lætur alla netþjóna (e. internet service providers) nota síunarhugbúnað sem lokar fyrir ákveðnar erlendar vefsíður. Google var t.d. lokað um tíma árið 2002 vegna þess að þeir heimiluðu netverjum að leita að pólitískt viðkvæmu efni og vefsíðum (Hua & Guo, 2007).

Kínverska ríkisstjórnin byrjaði að reyna setja hömlur á netið árið 1995 en að minnsta kosti átta aðskildar stofnanir fylgjast með og stjórna netinu í Kína<sup>29</sup>. Frá árinu 1997 hafa öll internetþjónustufyrirtæki þurft að skýra Almannaöryggis yfirvöldum (e. Public security bureau / k. 公安局) mánaðarlega frá fjölda notenda, hvaða síður séu skoðaðar og notendaupplýsingum (e. user profile). Auk þess þurfa þeir að aðstoða Almannaöryggis yfirvöld við rannsókn á brotum gegn lögum og reglugerðum. Sum internetþjónustu fyrirtæki hafa því tekið upp sjálfsritskoðun og ráðið vefstjóra til þess að fylgjast með spjallsvæðum og skráarbönkum. Árið 2000 voru sett lög sem banna óheimila birtingu, umræðu um og útbreiðslu ríkisleyndarmála á netinu og eru internetþjónustufyrirtæki skyldug til þess að skýra frá skaðlegu efni til staðbundinna skrifstofa almannaöryggis. Viðurlög þessara laga eru fangelsi, pyntingar, tölvubúnaður gerður upptækur og miklar sektir. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til þess að stjórna netinu hafa verið árangursríkar upp að vissu marki en lokaniðurstaða á hinsvegar eftir að koma í ljós (Hua & Guo, 2007).

## 4.5 Super Girl

Lokapáttur Super Girl árið 2005 setti nýtt met í kínverskri sjónvarpssögu þegar hann mældist með 400 milljón manna áhorf en 8 milljón manns kusu uppáhalds söngkonuna sína í stærstu almennu kosningu sem farið hefur fram í Alþýðulýðveldinu Kína (Duong, 2009). Mongolian Cow Sour Yogurt Super Girl Voice Contest eða Super Girl var gífurlega vinsæl söngkeppni í anda American Idol, sem gaf áhorfendum möguleika á að kjósa uppáhalds keppanda sinn með

---

<sup>29</sup> Þar á meðal eru: Almannaöryggisráðuneyti (e. Ministry of public security / k. 公安部), Upplýsingatækniráðuneyti (e. Ministry of industry and information technology / k. 工信部), Fastanefnd Alþýðuþingsins, Ríkisráð, Hæstiréttur, Stjórnstöð verndunar ríkisleyndarmála (e. National Administration for the Protection of State Secrets / k. 中共中央保密委员会办公室), Allsherjarstjórn á fjölmiðlun og útgáfu (GAPP) og Höfundarréttarskrifstofa (e. National Copyright Administration / k. 国家版权局) (Hua & Guo, 2007).

smáskilaboðum. Kapitalstöðin í Hunan (e. Hunan Satellite Television) framleiddi Super Girl árin 2004 til 2006<sup>30</sup> (Duong, 2009).

Jonathan Gray, prófessor í fjölmiðla- og menningarfræði, segir afþreyingarþætti meðal annars geta ógnað menningu, pólitík og lýðræði og heldur því fram að afþreyingarþættir séu jafn öflugir og áhrifamiklir í því að mennta fólk og fréttir. Jonathan segir afþreyingarþætti eins og Super Girl laði svo marga áhorfendur að vegna þess að þeir búa til ímyndaðan heim og höfða til tilfinninga fólks (Duong, 2009).

Í landi þar sem almenningur getur ekki kosið æðstu leiðtoga sína eru mjög skiptar skoðanir um lýðræðislega kosningaferlið í Super Girl, sem gaf áhorfendum vald til þess að kjósa uppáhalds söngkonuna sína. Sumir telja að kosningaferli þáttanna og ákvörðunarvald áhorfenda hafi gert sjónvarpsáhorfendur meðvitaðri um raunverulegan heim pólitíkur. Mörg dagblöð Kína, sem fjölluðu um lýðræðislegt kosningakerfi Super Girl, sögðu að það endurspegladi löngun fólks eftir raunverulegu pólitísku lýðræði (Duong, 2009) og hefði fengið kínverska menntamenn til þess að ímynda sér hvernig lýðræðislegar kosningar gætu farið fram í Kína (The Economist, 2005). Super Girl þátturinn forðaðist þó að tala um kosningu og talaði aðeins um að senda stuðnings smáskilaboð (Duong, 2009). China Daily var tryggt eiganda sínum, Kínverska kommúnistaflokknum, í umfjöllun um Super Girl og spurði í grein sinni hvernig eftirlíking lýðræðiskerfis hafi endað á að velja versta söngvarann? (The Economist, 2005). Super Girl var líka sakað um að vera ekki í raun lýðræðislegt þar sem það rúkaði fyrir smáskilaboðakosningu, en ef það væri í alvöru lýðræðislegt ættu allir að geta kosið (Duong, 2009). Kínasérfræðingurinn Kenneth Foster benti einnig á að þó Super Girl hefði sumar reglur lýðræðis eins og kosningar væri það langt frá því að vera fyrirmynd lýðræðis þar sem fólk hafi kosið eftir tilfinningum sínum en ekki samkvæmt pólitík hins hugsandi manns (Yang, 2006).

„Lýðræðisskemmtun“ (e. democrainment) vísar til hlutverks afþreyingarmiðla í kynningu pólitískra gilda og hegðunar sem tengjast lýðræði (Duong, 2009). Super Girl getur upp að vissu marki bætt lýðræði í Kína með því að auka vitund almennings um lýðræði í pólitík þar sem Super Girl veitti aðdáendum sínum kosningavald og var auk þess með jöfn tækifæri fyrir alla þátttakendur og áhorfendur. Hinsvegar verður að taka tillit til þess að Kína er einræðislegt land en eftirköst Super Girl hafa ekki haft nein teljandi áhrif á einræði Kínverska kommúnistaflokksins

---

<sup>30</sup> Fyrsti sjónvarpsþáttur Hunan Kapitalstöðvarinnar, sem bjó til stjórnur var Super Boy Voice keppnin árið 2003, sem breyttist í Super Girl árin 2004, 2005 og 2006 en Happy Boy var látinn koma í stað Super Girl árið 2007. Árið 2008 sjónvarpaði Kapitalstöð Hunan engum hæfileikaþætti vegna skelfilegu jarðskjálftanna í Sichuan í maí, þar sem það væri óviðeigandi að sjónvarpa skemmtiþætti þegar Kínverjar syrgðu fórnarlömb skjálftanna (Duong, 2009).

þó kosningar Super Girl 2005 hafi verið stærsta almenna kosning sem fram hefur farið í Kína (Duong, 2009).

Kínverska ríkisstjórnin dæmdi Super Girl þáttaröðina of grófa í ágúst 2007 en árið 2006 samþykkti hún reglugerðir sem takmörkuðu göngu slíkra þátta við tvo og hálfan mánuð og geta aðeins þrjár kapalsjónvarpsstöðvar sjónvarpað svona þáttum á sama tíma. Í september 2007 bannaði ríkisstjórnin svo kosningar með farsímum í vinsældarþáttum. SARFT sagði aðgerðirnar gerðar vegna hnignandi gæða sjónvarpsefnis sem skaði ímynd sjónvarpsútsendinga en margir telja ástæðuna vera áhyggjur ríkisstjórnar um að vinsældakosning í sjónvarpi gæti leitt til eftirspurnar eftir lýðræði (Hays, 2010).

## 5. Möguleikar á lýðræði í Alþýðulýðveldinu Kína

### 5.1 Líkur á lýðræði í Alþýðulýðveldinu Kína

Margir Kínverjar og utanaðkomandi aðilar eru vantrúaðir á pólitískar umbætur í Kína. Margt er hinsvegar að gerast í ríkisstjórninni, Kínverska kommúnistaflokknum, efnahagnum og þjóðfélaginu í heild, sem gæti breytt því hvernig Kínverjar hugsa um lýðræði og mótað pólitíska framtíð Kína. Leiðtogar Kína eru bæði opinberlega og í einrúmi að tala um lýðræði en Hu Jintao, forseti Kína, hefur látið hafa eftir sér að lýðræði sé sameiginlegt takmark mannkyns. Hu Jintao talaði einnig margsinnis um lýðræði í heimsókn sinni til Bandaríkjanna árið 2006. Forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, talaði tvisvar sinnum meira um lýðræði og löggjöf en hann hafði gert áður, í ávarpi sínu á Alþýðuþinginu 2007 og sagði að grunnþarfir sósíalísks kerfis væru þróun lýðræðis og endurbætur réttarkerfisins. Lýðræðið sem núverandi stjórnendur Kína hafa í huga er þó ólíkt skilgreiningu vestrænna þjóða á lýðræði en æðstu leiðtogar Kína leggja mikla áherslu á að forysta Kínverska kommúnistaflokksins haldist og telja að „umræðu“ (e. deliberative) pólitík, sem leyfir einstaklingum og hópum að koma skoðunum sínum á framfæri í ákvarðanatökufæri henti Kína betur en opnar og fjölflokka kosningar fyrir ríkisstjórn. Þeir eru þó hlyntir kosningum á lægri stigum stjórnsýslu og tala oft um veldi hæfileikamanna (e. meritocracy) og notkun prófa til þess að athuga hæfi frambjóðenda sem bjóða sig fram til opinberra embætta. Veldi hæfileikamanna endurspeglar gamlar hefðir Kínverja um að ríkisstjórnin eigi að samanstanda af fremsta og hæfileikaríkasta fólki landsins. Kínverskir leiðtogar fagna ekki málfrelsi, fjölmiðlafrelsi né fundafrelsi. Þeir segjast hinsvegar styðja skipulagða aukningu þessara réttinda þó þeir einblíni meira á þjóðfélagslegan samhljóm (e. social harmony) sem þeir telja vera almenningi til heilla. Embættismenn neðar í stjórnsýslustiga ríkisstjórnar eru almennt ekki sammála um hvort stýrt lýðræði (e. guided democracy) sé líkleg endastöð pólitískrar þróunar í

Kína eða hvort það sé aðeins ein stöð í átt að viðurkenndu frjálsu lýðræðislegu ríki (Thornton, 2008).

Þegar Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, var eitt sinn spurður hvað hann og aðrir kínverskir leiðtogar ættu við með lýðræði, hvaða mynd lýðræði myndi líklega taka í Kína og hvað það myndi taka langan tíma svaraði hann að þeir ættu við þrjá hluti: kosningar, réttarfarslegt sjálfstæði (e. judicial independence) og eftirlit með skiptingu valds (e. checks and balances). Með öðrum orðum þeir sjá fyrir sér beinar og óbeinar kosningar færast í aukana frá þorpum, til bæjarumdæma, hreppa og jafnvel sýslna en minntist ekki á efri stjórnsýslustig. Hvað réttarkerfi Kína, sem er undirlagt af spillingu, varðar lagði Wen áherslu á þörf á umbótum til þess að fullvissa almenning um virðuleika, réttlæti og sjálfsstæði réttarkerfisins. Eftirlitið sagði hann nauðsynlegt til þess að halda aftur af misnotkun opinbers valds og tók fram að fjölmiðlar og netnotendur Kína ættu að taka viðeigandi þátt í eftirlitinu. Niðurstaða Wen var: „Við verðum að stefna í átt að lýðræði. Við glímum við mörg vandamál en við vitum í hvaða átt við erum að stefna.“<sup>31</sup> (Thornton, 2008, bls. 5). Kosningarnar, sem hann talaði um að myndu smám saman færast í aukana til bæjarumdæma, hreppa og jafnvel sýslna, er hinsvegar stranglega stjórnað af Kínverska kommúnistaflokknum en eins áður sagði minntist hann ekki á æðsta stjórnsýslustig ríkisstjórnar, þar sem æðsta ákvörðunarvald liggur. Hann tók heldur ekki fram til hvaða embætta yrði kosið í bæjarumdæmum, hreppum og sýslum en líklegt er að það verði í staðbundnum alþýðupingum eða jafnvel stjórnsýsluskrifstofum (e. government administrative office / k. 政府行政公署) en ekki fyrir stöður staðbundinna flokksritara sem raunverulega hafa valdið (Li, 2008). Í grein sem Wen Jiabao skrifaði í People's Daily sagði hann að:

„Kína ætti að fara sína eigin leiðir í innleiðingu lýðræðis. Við höfum aldrei litið svo á að sósíalismi og lýðræði útiloki hvort annað. Í raun teljum við hátt stig lýðræðis og vel þróað réttarkerfi sem eðlislæg skilyrði sósíalisma og mikilvægan þátt í fullmótuðu sósíalísku kerfi. Við erum vel færir um að gera Kína að ríki með lýðræði og löggjöf í sósíalískum aðstæðum. Við ætlum að kanna leiðir til þess að þróa lýðræði með kínverskum einkennum í ljósi sérstakra aðstæðna Kína. Við ættum að einblína á að efla efnahagslega þróun, vernda lögmæt réttindi og hagsmuni almennings, berjast gegn spillingu, auka traust

<sup>31</sup> „We have to move toward democracy. We have many problems, but we know the direction in which we are going.“ (Thornton, 2008, bls. 5)

almennings á ríkisstjórninni, styrkja hlutverk ríkisstjórnar og bæta þjóðfélagslegan samhljóm."<sup>32</sup> (Li, 2008, bls. 28).

Þótt hugmyndir Wen megi vera góðar eru þær hvorki nýjar í sögu Kínverska kommúnistaflokksins né stefna þær að opnum, samkeppniskosningum fyrir þjóðarleiðtoga (Li, 2008).

Eins og fram hefur komið hefur kínverskur almenningur ekki rétt á að kjósa þjóðarleiðtoga sína, en í yfir 20 ár hafa bændur um allt land kosið leiðtoga sína í þorpsnefndir og eiga sér stað beinar kosningar í yfir 700,000 þorpum Kína. Þorpskosningar hinsvegar eiga við ýmis vandamál að stríða, t.d. vegna klíkna, (e. neopotismi), keyþra atkvæða og fjölda óhæfra og spilltra leiðtoga. Stuðningsmenn þorpsnefndakosningana segja þó að kosningarnar séu grasrótarpjálfun í lýðræðislegum starfsháttum. Kínverska ríkisstjórnin hefur einnig gert tilraunir með kosningar í bæjarumdæmum en árangursrík stjórnun bæjarumdæma er mikilvæg til þess að viðhalda þjóðfélagslegum stöðugleika en helstu andstæðingar þeirra eru núverandi embættismenn bæjarumdæmanna. Ekki skal gera of mikið úr mikilvægi bæjarumdæmakosninga en bæjarumdæmi eru lægsta stig opinberar stjórnsýslu í Kína og tilraunir með kosningar enn á byrjunarstigi. Kosningatilaunir hafa einnig verið gerðar í hreppum, sem eru eini stigi ofar en bæjarumdæmi í stjórnsýslu og takmarkaðar tilraunir hafa verið gerðar í beinum kosningum til staðbundinna alþýðuþinga í borgum. Kínversk yfirvöld fylgjast náið með kosningatilaunum á öllum stigum (Thornton, 2008).

Á síðustu árum hafa kínverskir leiðtogar unnið markvisst að því að auka samkeppniskosningar innan Kínverska kommúnistaflokksins. Sumir sérfræðingar telja þróun innra flokks lýðræðis mikilvægari fyrir langtíma pólitískar umbætur Kína en tilraunir með lýðræði og sjálfstjórnun á lægri stigum stjórnsýslu. Með öðrum orðum ef Kínverski kommúnistaflokkurinn leyfir opnar umræður, kosningar fyrir háttsettar stöður og atkvæðagreiðslu í mikilvægum ákvarðanatökum væri það forsenda fyrir lýðræði í öllu landinu (Thornton, 2008). Hu Jintao forseti Kína og Wen Jiabao forsætisráðherra kalla reglulega eftir meiri umræðu, ráðgjöf og hópákvörðunartöku innan flokksins og var innanflokkslýðræði aðalræðuefni stefnuræðu Hu Jintao á 17. Flokksþingi Kínverska kommúnistaflokksins. Ein af aðferðum Kínverska kommúnistaflokksins til þess að kynna innanflokkslýðræði er að velja marga frambjóðendur fyrir lausar stöður innan flokksins, sem síðar er kosið um. Opinberir kínverskir fjölmiðlar sögðu frá því að árið 2007 hefðu 296

---

<sup>32</sup> „China should take its own path in enhancing democracy. We never view socialism and democracy as ... mutually exclusive. As a matter of fact, we see a high degree of democracy and [a] well-developed legal system as the inherent requirement of socialism and a key important feature of a mature socialist system. We are fully capable of building China into a country of democracy and rule of law under socialist conditions. We should explore ways to develop democracy with Chinese characteristics in light of China's particular conditions. We should focus on efforts to promote economic development, protect lawful rights and interests of the people, fight corruption, increase public trust in government, strengthen government functions and enhance social harmony." (Li, 2008, bls. 28)

bæjarumdæmi í 16 sýslum valið staðbundna flokksleiðtoga með beinum kosningum flokksmeðlima en einnig hafa flokksritarar í örfáum hreppum verið kosnir í beinum kosningum. Því er spáð að ef innanflokkslýðræði nær að festast í sessi, munu sama sinnis flokksmeðlimir sameinast og mynda hagsmunahópa innan flokksins en hagsmunahópar eru ekki lengur bannaðir þó skipulagðar flokksklíkur séu ekki leyfðar. Í ræðu Hu Jintao í Flokkskólanum (e. Central Party School / k. 中央党校) árið 2007 hvatti hann æðstu leiðtoga Kínverska kommúnistaflokksins til þess að fullkomna innanflokkslýðræðið og virkja skapandi kraft flokksins. Hu hélt svo óskuldbindandi skoðanakönnun meðal mörg hundruð yfirmanna flokksins til þess að sjá hverja þeir vilja sjá sem frambjóðendur til næsta Stjórnsmálaráðs (e. Politburo) og fastanefndar þess, þ.e. hverjir ættu að stjórna Kína næstu 5 ár. (Thornton, 2008)

Efnahags- og iðnaðarþættir vega þungt í breytingu einræðisstjórnar til lýðræðis samkvæmt nútímavæðingarkenningum (e. modernisation theories). Stjórnsmálafræðingar eru hinsvegar ekki allir sammála því að hagvöxtur og þjóðfélagslegar breytingar leiði beint til lýðræðis. Sumir þeirra telja að einhverskonar valdajafnvægi hafi myndast milli pólitískra, viðskipta- og menntayfirstétta Kína og að einræðisleg einsflokkestjórn Kínverska kommúnistaflokksins muni haldast. Enn aðrir telja að fjölbreytileiki stétta í Kína og síbreytilegt eðli ríkisstjórnarinnar (e. regime) greiði leiðina fyrir stýrðri breytingu yfir í lýðræði (Wang, 2007).

Stærstur hluti umræðu um lýðræði í Kína virðist ekki lengur snúast um hvort Kínverjar muni taka upp lýðræði heldur hvenær og hvernig þeir munu gera það. Það er skiljanlegt að Kínverjar vilji fara sér hægt í þessum málum en þeir hafa aftur og aftur orðið vitni að misheppnuðum tilraunum til lýðræðis<sup>33</sup>. Gagnrýndur segja ríkisstjórnina tala varfærnislega um lýðræði í dag vegna þess að henni er ekki alvara með pólitískum umbótum en bjartsýnismenn trúu að smám saman muni núverandi frelsisvæðing (e. liberalisation) endast lengur en misheppnaðar tilraunir fortíðarinnar. Það eru mjög skiptar skoðanir á því hversu langan tíma það mun taka Kína að taka upp lýðræði. Einn kínverskur embættismaður orðaði það svo að enginn spáir fimm árum, sumir segja 10 til 15 ár, aðrir 30 til 35 ár en enginn segir 60 ár (Thornton, 2008).


## 5.2 Hvað finnst Kínverjum um lýðræði?

Almennt virðast Kínverjar líta á lýðræði sem lúxus frekar en grunnþörf en alþjóðavæðing og nútímavæðing eru þó að gera Kínverjum mikilvægi einstaklingsfrelsis og mannréttinda ljósari.

<sup>33</sup> Til dæmis þegar keisaraynjan Cixi bældi niður hundrað daga umbættunar árið 1898 og þegar Yuan Shikai kæfði hugmyndir Kínverja um lýðræði, þegar hann reyndi að endurreisa keisaraveldið. Einnig má nefna meðlimi Guomindang og Kínverska kommúnistaflokksins sem aðhylltust lýðræðislega ríkisstjórn á 4. áratugnum, fyrir stríðið við Japani og hvoru aðra. Auk þess má nefna stofnun Alþýðulýðveldisins Kína árið 1949, sem boðaði tíma sjálfsákvörðunar, velmegunar og lýðræðis en Mao Zedong braut þá von niður með sífelldum átökum, sem náðu hámarki í Menningarbyltingunni. Síðast en ekki síst má nefna harmleik mótmælana á Torgi hins himneska friðar árið 1989 (Zhao, 2000).

Skoðanakönnun á almenningsáliti leiddi í ljós að 90% Kínverja halda að lýðræði sé til hins betra en ef þeir þyrftu að velja milli hagvaxtar og þjóðfélagslegs stöðugleika annarsvegar og pólitískrar þátttöku og rétti einstaklinga hinsvegar setur meirihluti þeirra hagvöxt og þjóðfélagslegan stöðugleika í forgang. Margir Kínverjar eru ósáttir með núverandi réttindi sín en trúa að núverandi valdboðsstefnustjórn geti fært þeim þjóðfélagslegan stöðugleika sem muni leiða til aukinnar velmegunar (Duong, 2009).

Gögn um álit kínversks almennings á lýðræði eru af skornum skammti en samkvæmt könnun í Beijing frá árinu 1995 (Zhao, 2000) töldu 56% að friður, stöðugleiki og velmegun skipti þá mestu (sjá mynd 5.1). Aðeins 5,8% töldu pólitískt lýðræði skipta þá mestu en 13% völdu sanngjarna framkvæmd réttlætis (e. fair administration of justice), 10% völdu þjóðfélagslegt jafnrétti (e. social equality), 4,7% völdu allsherjarreglu (e. public order) og 6,3% völdu einstaklingsfrelsi.



Mynd 5.1: Könnun á því sem kínverskur almenningur telur skipta mestu máli (Zhao, 2000).

Rannsóknin leiddi í ljós að eldra fólk valdi frekar pólitískt lýðræði en aðeins 5% 18-25 ára sögðu að pólitískt lýðræði skipti þá mestu miðað við 10,4% 45-54 ára og 9% 65-74 ára. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að áhersla á einstaklingsfrelsi fór minnkandi með auknum aldri en 13,3% 18-25 ára sögðu það skipta sig mestu máli miðað við 8,5% 25-34 ára, 4,2% 55-64 ára og 4,5% 65-74 ára. 13,1% fólks með grunnskólamenntun valdi pólitískt lýðræði. Flestir þeirra sem völdu að svara „veit það ekki“ voru ómenntaðir eða aðeins með grunnskólamenntun. Athyglisvert var að tekjur virtust með öllu óskildar svörum fólks um hvað skipti það mestu en þó er vert að taka fram að fólk með lágar tekjur var líklegra til þess að velja „veit það ekki“ en fólk með háar

tekjur. Karlar voru örlítið líklegri til þess að velja pólitískt lýðræði (7,7%) en konur (4,1%) (Zhao, 2000).

Aðferð minnstu kvaðrata sýnir að fyrir utan aldur og kyn hefur enginn annar þáttur veruleg áhrif á hvort almenningur styðji lýðræði en eins og fram hefur komið eru karlmenn og eldra fólk líklegra til þess að styðja lýðræði (Wang, 2007). Vert er að taka fram að niðurstöður þessarar könnunar í Beijing endurspeгла ekki skoðanir alls Kína. Til dæmis er áreiðanlega mikill munur á íbúum Beijing og þeirra 800 milljón bænda sem búa í sveitum Kína, auk þess sem þessar niðurstöður eru 15 ára gamlar (Zhao, 2000).

Önnur rannsókn á skoðunum kínversk almennings, sem byggð er á gögnum dæmigerðs 1.000 manna lagskipts slembiúrtaks frá 2001 og 2002 frá Könnun á gildum heimsins (e. The World Values Survey - WVS), gögnum úr East Asia Barometer (EAB) frá 2002 og gögnum frá 1992 og 1993 til samanburðar, segir viðhorf (e. perception) Kínverja til lýðræðis almennt jákvætt. Í könnuninni frá 1992 sögðust 94% það vera nauðsynlegt að auka lýðræði í Kína. Í könnun WVS árið 2001 sögðust 96% telja það að hafa lýðræði vera tiltölulega eða mjög gott og voru 90% sammála og mjög sammála yfirlýsingunni að „Lýðræði hefur sína galla en er samt betra en aðrar tegundir stjórnunar“. Í könnun EAB frá 2002 sögðust 74% frekar vilja lýðræði en aðrar tegundir stjórnunar. Aðeins 5% sögðust frekar vilja einræðisstjórn (e. authoritarianism) og 20% sögðu það ekki skipta máli. Þegar fólk var spurt hvort það teldi lýðræði henta Kína, á skalanum 1 til 10, 10 = mjög tilbúið, svöruðu 76% 7, 8, 9 og 10 en aðeins 2% svarenda svöruðu 5 eða lægra sem sýnir að kínverskur almenningur telur að lýðræði henti Kína vel (Wang, 2007).

Hinsvegar verður að taka tillit til þess að allir Kínverjar leggja ekki endilega sömu merkingu í hugtakið lýðræði. Til þess að taka tillit til þess spurðu rannsakendur WVS og EAB kannana almenning um viðhorf þeirra til þriggja annarra stjórnkerfa: ríkisstjórnar með sterkan leiðtoga sem hvorki þing né kosningar hafa áhrif á, kerfi þar sem sérfræðingar en ekki ríkisstjórn taka mikilvægar ákvarðanir eða herstjórn. Ekkert þessara kerfa fékk fylgi á við lýðræði og hafnaði meirihluti svarenda ólýðræðislegum tegundum stjórnar eins og t.d. ríkisstjórn með sterkan leiðtoga sem hvorki þing né kosningar hafa áhrif á og kerfi sem sérfræðingar taka mikilvægar ákvarðanir. Það er því ljóst að kínverskur almenningur styður lýðræði og hafnar ólýðræðislegum ríkisstjórnnum. Hinsvegar sýna rannsóknir frá 1993 að 45% óttast að aukið lýðræði valdi óstöðugleika og 60% töldu að ef það væru of margir pólitískir flokkar yrði ringulreið í pólitík. 40% töldu að of margir hagsmunahópar í lands eða staðbundinni pólitík myndu skaða hagsmuni allra (Wang, 2007).



Samkvæmt könnun EAB frá 2002 töldu 63% aðspurðra að ríkisstjórnin ætti að ákveða hvort megi ræða ákveðnar hugmyndir og mál. Fólk virðist hafa meiri trú á lýðræði þegar það er aðskilið frá neikvæðum hlutum sem það tengist eins og t.d. þjóðfélagslegri ringulreið (e. social chaos), óreglu, óákveðni og skorti á efnahagslegum styrk (e. economic strength). Í könnun WVS frá 2001 sögðust 26% vera sammála og mjög sammála því að í lýðræðislegu ríki, gengur efnahagurinn illa (e. economic system runs badly), 35% voru sammála og mjög sammála því að lýðræðisleg ríki eru óákveðin og með of mikla útúrsnúninga og 18% voru sammála og mjög sammála að lýðræðisríki væru ekki góð í að viðhalda röð og reglu (e. order). Í könnun EAB frá 2002 sögðust 12% telja að lýðræði gæti ekki leyst vandamál þjóðfélagsins á meðan 61% töldu lýðræði geta leyst vandamál þjóðfélagsins. Í ljósi þessara niðurstaðna má áætla að Kínverjum finnst það mega bæta eða breyta núverandi einsflokka ríkisstjórn Kína og að þeir séu tilbúnir til þess að krefjast lýðræðislegrar ríkisstjórnar. Hinsvegar sögðust 79% vera frekar sáttir og 9% mjög sáttir með þróun lýðræðis í Kína. Í spurningu WVS um hvort fólk væri ánægt eða óánægt með hvernig lýðræði virkar í Kína sögðust 55% vera frekar sátt og 12% mjög sátt. Í öðrum orðum ánægja með virkni lýðræðis í Kína stendur í 67% og ánægja með þróun lýðræðis í Kína stendur í 88% (Wang, 2007).

Rannsóknir á pólitísku trausti í Kína sýna að kínverskur almenningur er tiltölulega ánægður með afköst ríkisstjórnarinnar. Þeir tveir þættir sem útskýra mótsögnina í miklum stuðningi við lýðræði og samþykki (e. acceptance) núverandi ríkisstjórnar eru einna helst að efnahagslegt og persónulegt öryggi ásamt áframhaldandi hagvexti og þjóðfélagslegum stöðugleika er enn efst á forgangslista almennings og núverandi ríkisstjórn sér fólki fyrir því. Í öðru lagi vegna lýðræðislegra umbóta ríkisstjórnarinnar finnst fólki að Kínverski kommúnistaflokkurinn og ríkisstjórnin séu að byggja upp sósíalískt lýðræði og er fólk tiltölulega ánægt með hvernig það gengur (Wang, 2007).

Grein eftir fræðimanninn Yu Keping, sem heitir „Lýðræði er gott“ lýsir ágætlega viðhorfum núverandi æðstu stjórnenda Kína til lýðræðis en í greininni talar Yu um að lýðræði sé gott til þess að hafa eftirlit með embættismönnum og til þess að ýta undir þjóðfélagslega þróun en ef það á ekki að valda óstöðugleika telur hann það þurfa að vera framkvæmt af embættismönnum ríkisstjórnar, sem gæta hagsmuna almennings. Yu telur einnig að lýðræði ætti aðeins að vera innleitt þegar efnahagur, menning og pólitík eru tilbúnir og telur að lýðræðislegt kerfi þurfi að vera verndað með lögum, valdi (e. authority) og jafnvel ofbeldi. Með öðrum orðum, Kína ætti að búa til sósíalískt lýðræði með sérstökum kínverskum einkennum en ekki taka upp lýðræði að erlendri fyrirmynd, sem krefjast samkeppniskosninga fyrir æðstu stöður (Li, 2008). Erfitt er að átta sig á viðhorfum tilvonandi fimmtu kynslóðar stjórnenda Kína, sem tekur við árið 2012 en

yfirlýsingar þeirra eiga það til að samræmast hugmyndum flokksleiðtoga, til þess að eiga möguleika á að gegna háttsettum embættum. Þótt það sé mögulegt að fimmta kynslóð stjórnenda komi á óvart með stefnum sínum í pólitískum umbótum bendir allt til þess að skoðanir þeirra á pólitískum umbótum séu mjög líkar skoðunum núverandi stjórnenda auk þess sem líklegt er að þegar þeir komist til valda vinni þeir að því að styrkja þau í stað þess að grafa undan þeim (Li, 2008).

Wang Juntao segir meginstraum umræðu og álita áhrifamikilla menntamanna í Kína hafa snúist gegn lýðræði og sé nú það sem kallist ný-íhaldsstefna (e. neoconservatism). Ný-íhaldsstefna nær yfir fjöldann allan af skoðunum og viðhorfum m.a. miðstýringu hagkerfis (e. statism), nývaldboðshneigð (e. neoauthoritarianism), þjóðerniskennd, póstmódernisma, þriðju leiðina (e. the third way), sérstaða Kína (e. China exceptionalism), ný konfúsismi og ný vinstri hreyfing (e. new leftism). Þrátt fyrir að allar þessar skoðanir og einstaklingar þeirra séu mjög fjölbreyttir hafna þeir allir lýðræði og vilja frekar valdboðsstefnu (e. authoritarianism) í Kína í náinni framtíð. Ástæður þeirra fyrir að hafna lýðræði eru margar m.a. að Kína sé ekki nógu stöðugt til þess að vera stjórnað á lýðræðislegan hátt að minnsta kosti þar til umbótum og nútímavæðingu er lokið, að lýðræðislegt kerfi myndi auka ósanngjarna dreifingu auðs og að hefðbundin kínversk menning henti ekki fyrir samkeppnispolítík. Þeir sem aðhyllast ný-íhaldssemi leggja áherslu á frelsi, sanngirni, lögmæti (e. legality) og ábyrgðarskyldu en telja lýðræði í hefðbundnum skilningi of róttækt og vestrænt fyrir Kína. Þeir telja Kína þurfa pólitíska þróun sem þróast smám saman bæði menningarlega og stofnanalega (e. institutionally) (Li, 2008).

Þrátt fyrir að hugmyndir ný-íhaldsmanna virðist ráða ríkjum eru líka nokkrar frjálsslyndar skoðanir vinsælar meðal flokksmeðlima sem hættir eru störfum og prófessora í kínverskum háskólum. Þessi hópur hefur þó lítil áhrif á polítík, sérstaklega vegna þess að flestir meðlima hans eru sestir í helgan stein og gefur ríkisstjórnin þeim lítið rúm til þess að gefa út og halda ræður auk þess sem ríkisstjórnin hefur lítinn áhuga á skoðunum þeirra. Frjálsslyndir hafa mestar áhyggjur af valdniðslu Mao Zedong og skaðanum sem hann olli og telja það eðlislægan galla einræðislegrar (e. authoritarian) stjórnunar að geta ekki haft hemil á valdniðslu stjórnenda. Ennfremur vilja frjálsslyndir að stofnaðar séu frjálssar og lýðræðislegar stofnanir, sem reynst hafa árangursríkar til þess að hafa hemil á valdi, í stað sérstakra kínverskra stofnana sem hafa hemil á valdi og taka á sérstökum vandamálum. Þeir eru hinsvegar ekki sammála um hvernig skuli að málum staðið, á hve löngum tíma og tala sjaldan opinberlega um samkeppniskosningar fyrir æðstu valdastöður né stofnun annarra pólitískra flokka. Sumir þeirra leggja m.a. til málfrelsi innan Kínverska kommúnistaflokksins, samkeppniskosningar fyrir æðstu stöður flokksins og sæti í staðbundnum alþýðuþingum en leggja þó aldrei til að Kínverski kommúnistaflokkurinn ætti að taka þátt í

kosningum sem gætu sett yferráð hans í hættu. Aðrir leggja til að lýðræðisvæða flokkinn að innan til þess að æðstu stjórnendur flokksins heyri og taki tillit til mismunandi skoðana og enn aðrir vilja sjá fjölmiðla, dómstóla, almenning eða ríkisstofnanir hafa hemil á Kínverska kommúnistaflokknum. Örfáir berjast fyrir að Kínverski kommúnistaflokkurinn taki þátt í fjölflokka kosningum (Li, 2008).

### 5.3 Hvaða úrræði eru til staðar fyrir breytingar?

Vaxandi miðstétt, aukin löggjöf, mikil samskipti við umheiminn, innanflokks umræður Kínverska kommúnistaflokksins um lýðræði, nýjir leiðtogar, ópólitískur her, sterkur markaðsbúskapur (e. market economy), aukid frelsi þjóðfélagsins, fjölbreyttir fjölmiðlar, kosningar og jafnvel lýðræði í lágt settum stjórnsýslueiningum stuðlar allt að sterkum grunni fyrir framtíðar lýðræði í Kína (Gilley, 2004).

Hagvöxtur síðustu ára hefur eflt þjóðfélagið og búið til öfluga áróðursmenn sem krefjast breytinga. Brot á reglum í Kína er orðin svo algeng að fyrirtækjæigendur eru farnir að krefjast þess að ríkisstjórnin bæti lögreglustarf og markaðsreglugerðir og telja að það þurfi sjálfstæða dómstóla og ríkiseftirlitsmenn til þess að berjast gegn afglöpum, sama hver stendur á bakvið þau, en fyrst og fremst þurfi Kína pólitískar umbætur. Markaðsbúskapur (e. market economy) gerði pólitískar umbætur mögulegar og er í raun æfingavöllur fyrir lýðræði. Líflægur markaður er talin vera áhrifamesta leiðin til þess að hafa áhrif á einræðisvald Kínverska kommúnistaflokksins sem er ófús til þess að gefa eftir völd. Einræðisstjórn Kínverska kommúnistaflokksins fær auðvitað aukid lögmæti (e. legitimacy) og völd vegna hagvaxtar síðustu ára en alþjóðleg dæmi minna okkur á að það er mikil fylgni á milli auðs og lýðræðis. Sumir halda því fram að við ákveðna verga landsframleiðsla á íbúa fari ríkið í ákveðið „breytingatímabil“ þar sem lýðræðislegur þrýstingur vegna efnahags og tengdrar þjóðfélagslegrar þróunar eykst. Mismunandi skoðanir eru á hvað verg landsframleiðsla á íbúa þurfi að vera há, sumir segja 3.200 dollarar og aðrir segja 4.500 dollarar. Árið 2003 var Kína með 4.500 dollara verga landsframleiðslu á íbúa með verðleiðréttingu<sup>34</sup> og því þrýstingur um lýðræði farinn að aukast verulega. Miðstétt Kína fer stækkandi og eykur líkur á lýðræði í Kína en hún vill viðurkenningu og verndun hagsmuna sinna frá ríkinu, þá aðallega með aukinni ábyrgð (e. guarantees) og hreinskilni. Miðstéttin er hinsvegar ekki ýkja hrifin af lýðræði vegna áhrifa fjölda atkvæða bænda. Erlendir fjárfestar eru líka farnir að nota aðstöðu sína til þess að sækjast eftir gagnsæi, hreinskilni og ábyrgðarskyldu en með því koma áhrif eðlilegra lýðræðislegra viðskipta, sem styðja veldi hæfileikamanna (e. meritocracy), gagnsæi, aðgang að upplýsingum, verklagsreglum, samkeppni og kerfi sem byggist á reglum.

<sup>34</sup> Verðleiðrétting er aðferð til þess að bera saman kaupmátt milli landa.

Einn pólitískur umbótasinni í Kína komst svo að orði að ný kynslóð erlendra stjórnenda í Kína kunni ekki að tala kínversku né viti að þeir eigi að bjóða staðbundnum flokksmeðlimum (e. cadre) út að borða í hádeginu. Það á eftir að breyta öllu.

Innganga Kína í World Trade Organisation (WTO) hefur einnig haft mikil áhrif en samkvæmt hálfopinberri pólitískri skýrslu frá árinu 2001 var launung og fálæti ríkisstjórnarinnar á öllu stigum í Kína ekki í samræmi við skilyrði þess að ganga í WTO. Í skýrslunni stóð einnig „Við þurfum að gera allar upplýsingar opinberar, láta leiðtoga bjóða sig fram til embætta og auka þátttöku almennings í pólitískum málum til þess að auka skilvirkni ríkisstjórnar“<sup>35</sup> (Gilley, 2004, bls. 68).

Fjölmiðlar, löggjöf og opin mótmæli (e. open protest) eru dæmi um ný úrræði sem geta hjálpað til við lýðræðisvæðingu. Þótt þau séu mjög heft af Kínverska kommúnistaflokknum hefur myndast gagnrýninn hópur sem hefur sett Kínverska kommúnistaflokkinn í varnarstöðu. Gífurleg fjölgun fjölmiðla í Kína er dæmi um að flokkurinn er smám saman að missa tókin á að stjórna hugmyndum og almenningsáliti (Gilley, 2004).

## 5.4 Hugsanleg breyting yfir í lýðræði

Bruce Gilley lýsir mögulegri röð atburða sem gætu komið á varanlegu lýðræði í Kína í bók sinni *China's Democratic Future: How it will happen and where it will lead*. Bruce telur ekki að leiðtogar Kínverska kommúnistaflokksins muni setja af stað stigvaxandi lýðræðisumbætur heldur muni þeir forðast breytingar, sem munu öðlast sjálfstætt líf, til þess að vernda flokkinn. Bruce segir að ef Kínverski kommúnistaflokkurinn myndi virkilega berjast gegn pólitískri spillingu með því að gefa fjölmiðlum frelsi eða með stofnun óháðra stofnana yrðu áhrif þess of mikil þar sem það myndi fletta ofan af hræsni og þvættingi í flokknum (Gilley, 2004). Bruce J. Dickson, prófessor í stjórn málafræði og alþjóðamálum komst svo að orði að:

„Kínverski kommúnistaflokkurinn væri nú í þeirri stöðu að vera svo vansæmandi og óvinsæll að tilraunir hans til þess að aðlagast, t.d. með kosningum, myndu aðeins flýta dauða hans frekar en að styrkja hann ... Flokkurinn væri ólíklegur til þess að styðja lýðræðisvæðingu í stjórnarkerfi

---

<sup>35</sup> „We need to make all information public, make leaders compete for office, and increase public participation in political affairs in order to improve the efficiency of government to meet this challenge.“ (Gilley, 2004, bls. 68)

Kína og ólíklegur til þess að lifa af þó hann reyndi.<sup>36</sup>

"(Gilley, 2004, bls. 101)

Bruce telur aðeins að þjóðaráfall (e. national trauma), sem valdi liðssöfnun almennings (e. mass mobilisation), geti hafið lýðræðisvæðingu þar sem Kínverski kommúnistaflokkurinn mun að öllum líkindum ekki hefja alvöru lýðræðisumbætur. Bruce telur að lýðræðisvæðing Kína muni eiga sér stað í þremur hlutum og byrji með hættuástandi (e. crisis), vegna þess að þrátt fyrir tvo áratugi tiltölulegrar velmegunar og stöðugleika hafa leiðtogar Kína færst undan breytingum. Með hættuástandi á hann við mikil stjórnunarvandamál á landsvísi sem þjóðfélagið kennir núverandi stjórnarfari um. Þetta hættuástand getur t.d. skapast vegna efnahagslegra, pólitískra, þjóðfélagslegra eða jafnvel umhverfisvandamála sem jafnvel líta út fyrir að vera tiltölulega hættulaus í byrjun ef þau byrja langt í burtu frá ríkisstjórn. Ómögulegt er að spá um hvað muni valda hættuástandinu sem mun vera hvati lýðræðisvæðingar í Kína. Hvað sem hættuástandið kann að vera, telur hann að það muni það breiðast hratt út (Gilley, 2004).

Þegar einræðislegri stjórn mistekst að taka á langvarandi vandamálum með pólitískum umbótum, verður liðssöfnun (e. mobilisation) almennings líkleg. Liðssöfnun er annar hluti mögulegrar lýðræðisvæðingar Kína samkvæmt Bruce en hann telur að sá tími muni koma að kínverskt þjóðfélag bregðist við krísunni og skipuleggi fjölda mótmæli. Umfang og eðli mótmælanna geta verið mjög breytileg. Þau gætu t.d. verið leidd af umbótasinnuðum nemendum, atvinnulausum verkamönnum og óánægðum bændum en liðssöfnun almennings þarf ekki að vera mjög víðtæk til þess að hafa áhrif (Gilley, 2004). Meðlimir Kínverska kommúnistaflokksins gera sér vel grein fyrir þessu en í harðlínubók<sup>37</sup> þeirra segir:

„Ef vinna okkar mistekst, getum við ekki útilokað að í náninni framtíð muni sum svæði upplifa takmarkaða ókyrrð eða jafnvel ringulreið ... Þau öfl sem eru á móti stjórn Kínverska kommúnistaflokksins munu styðjast við einkunnarorð lýðræðis og frelsis til þess að svíkja fólk og gera mikið mál úr göllum vinnu okkar. Þau munu vilja steypa Kínverska kommúnistaflokki af stóli eða að hann afsali sér pólitískum völdum af fúsum vilja. Við

---

<sup>36</sup> „The CCP may now be in a position where it is so discredited and so unpopular that attempts at adaptation, such as meaningful elections, would hasten its demise rather than strengthen its support . . . It is unlikely to sponsor the democratization of China 's political system, and unlikely to survive even if it tried.” (Gilley, 2004, bls. 101)

<sup>37</sup> Harðlínubók er bók sem tíundar stífstu hugmyndir og stefnur Kínverska kommúnistaflokksins.

verðum að vera viðbúnir að takast á við þessa stöðu."<sup>38</sup>

(Gilley, 2004, bls. 108).

Liðssöfnun almennings er oft tengd við ofbeldi en lýðræðisbyltingar hafa yfirleitt ekki verið eins ofbeldismiklar og aðrar byltingar, vegna hugmynda um umburðarlyndi og málamiðlun. Friðsamlegar venjur og orðspor lýðræðisbyltinga auka stuðning almennings og hjálpa lýðræði að lifa af, á meðan ofbeldisfullar lýðræðisbyltingar stuðla að óstöðugum lýðræðum. Ofbeldi getur hinsvegar reynst nauðsynlegt í sumum tilvikum t.d. til þess að reka einræðislega stjórnendur burt (Gilley, 2004). Ríkið gæti líka beitt ofbeldi t.d. ef Kínverski kommúnistaflokkurinn telur umbótasinnaða embættismenn innan flokksins of veikburða til þess að ná yfirhöndinni og mótmælendur of veikburða til þess að steypa stjórninni af stóli, eins og gerðist í mótmælunum á Torgi hins himneska friðar árið 1989. Það er hinsvegar talið afar ólíklegt þar sem þjóðfélagið er mun sterkara núna og mótmæli eru betur skipulögð og þrálátari auk þess sem umbótasinna er að finna á öllum stigum þjóðfélags og ríkisstjórnar. Ólíklegt er talið að herinn (e. People's Liberation Army - PLA / k. 人民解放军) muni koma í veg fyrir pólitíska breytingu en Kínverski kommúnistaflokkurinn hefur nú kennt meðlimum sínum að það er ekki ráðlegt að nota vald til þess að bæla niður ókyrrð. Jafnvel þó að stjórnin myndi fyrirskipa bælingu mótmæla er vafi á hvort herinn myndi fylgja þeim eftir vegna atburða ársins 1989 en 150 hermenn hallmæltu notkun ofbeldis á Torgi hins himneska friðar með opnu bréfi til leiðtoga flokksins og sögðu að framkvæmd herlaga gerði lítið úr siðferði hersins sem er að þjóna fólkinu (Gilley, 2004).

Það eru tvær útgönguleiðir fyrir leiðtoga Kínverska kommúnistaflokksins, sem standa frammi fyrir mótmælum sem þeir geta hvorki bælt niður né fagnað. Þeim getur verið steipt af stóli af leiðtogum mótmælanna eða þeir geta verið leystir frá embættum af umbótasinum innan flokksins. Bruce telur líklegast að umbótasinnar innan flokksins leysi leiðtoga Kínverska kommúnistaflokksins úr embættum og komi á bráðabirgðastjórn sem lofi kosningum og nýrri stjórnarskrá og er það þriðji og síðasti þáttur í mögulegri lýðræðisvæðingu Kína. Sumir pólitískir umbótasinnar í Kína t.d. Liu Xiaobo<sup>39</sup> og Zhao Ziyang, sem löngum vonuðust eftir ofbeldisfullri byltingu sem myndi steypa Kínverska kommúnistaflokknum af stóli, hafa skipt um skoðun og berjast nú fyrir því að umbótasinnar innan flokksins leiði breytingarnar vegna þess að sé stjórn steipt af stóli, myndist óstöðugra umhverfi en ef umbótasinnar innan stjórnar leiði breytingarnar auk þess sem það er líklegra að umbótasinnar innan stjórnar leiði breytingarnar. Þegar kosningar

---

<sup>38</sup> „If our work fails, we cannot rule out that in the near future some regions will experience limited disturbances or even turmoil. . . . The forces which oppose CCP rule will use slogans of democracy and freedom to cheat people and make a great fuss about short-comings in our work. They will want the CCP either to be overthrown or to voluntarily hand over political power to them. We must be prepared to deal with this situation.“ (Gilley, 2004, bls. 108).

<sup>39</sup> Liu Xiaobo hlaut friðarverðlaun Nóbels í október 2010 en hann afplánar nú 11 ára fangelsisdóm fyrir að hvetja til undirróðurs gegn ríkisvaldinu (Morgunblaðið, 2010).

hafa verið haldnar er ferlinu lokið (Gilley, 2004). Með öðrum orðum þjóðfélagið hefur lýðræðisvæðst. Bruce nefndi nokkra núverandi háttsetta meðlimi flokksins sem gætu mögulega leitt lýðræðisvæðingu þar á meðal Wen Jiabao, forsætisráðherra og meðlim fastanefndar Stjórnmálaráðs, vegna þess að hann er raunsær, vísindalega þenkjandi (e. scientific) og lýðræðislegur (Gunde, 2004).

Bruce telur að lýðræði eigi blendna möguleika á að lifa af í Kína og segir litla en mikilvæga miðstétt, markaðsbúskap, ekki miðstýrða ríkisstjórn, ópólitískan her, tilkomu löggjafar, sögu lýðræðis í Kína og stjórnkerfi sem virkar vera lýðræði í hag. Á meðan þjóðernisminnihlutar (e. ethnic divisions), spilling, ójöfn dreifing auðs, efnahagslegur veikleiki (e. fiscal weakness), engin skipulögð stjórnarandstaða og and-lýðræðisleg menning eru lýðræði í óhag. Einkenni lýðræðislegs Kína velta á ákvörðunum ný-lýðræðislegra yfirmanna en þau geta verið mjög ólík einkennum Kína í dag. Til dæmis ef Kína tekur upp þing með hlutfallslegan fjölda þingmanna í samræmi við íbúafjölda sýslna mun pólitískt vald færast frá þeim ríku til fjölmennari og fátækari miðheruðum Kína. Einnig er ekki útilokað að Kínverski kommúnistaflokkurinn gæti unnið frjálsar kosningar en hann hefur gríðarmikinn styrk (e. organisational resources) (Gunde, 2004).

## **6. Hvað stendur í vegi fyrir lýðræði í Kína?**

### **6.1 Konfúsismi**

Konfúsismi getur þýtt margt en hægt er að skipta honum í þrennt, kenningar Konfúsíusar sem þróuðust áfram í tvær greinar sem tengdar eru Mencius og Xunzi, Konfúsisma sem ríkishugmyndafræði og Konfúsisma sem lýsir hefðbundinni kínverskri siðmenningu. Konfúsíus leitaði lausna í siðferði en hann lifði á tímum hinna stríðandi ríkja, sem einkenndust af siðleysi, stjórnleysi og stríði. Kenningar hans voru settar fram í Orðræðunum (e. The Analects), löngu eftir lát hans. Mencius hélt því fram að mannseðli væri í raun gott og að fólk væri mikilvægara en stjórnendur en Xunzi hélt því fram að mannseðli væri í raun illt og að menn væru aðeins góðir vegna vísvitandi hegðunar. Konfúsismi sem ríkishugmyndafræði var ríkjandi í meir en 2.000 ár í Kína og því er Konfúsismi notaður til þess að lýsa hefðbundinni kínverskri siðmenningu (Zhao, 2000). Vestrænt lýðræði má rekja til forn Grikkja þegar Cleisthenes leyfði íbúum Attica að taka þátt í almenningsfundum og gagnrýna ríkisstjórnina opinberlega fyrir 2.500 árum síðan. Lýðræði byggist á vinsældarvali forystumanna (e. popular sovereignty) og einstaklingsfrelsi en uppruni orðsins „democracy“ er „stjórn almennings“ (Zhao, 2000).

Sumir telja Konfúsisma vera andlýðræðislegan vegna þess að hann er hugmyndafræðilegur grunnur austurlensks einræðisvalds. Aðrir telja Konfúsisma mjög húanískan og langt því frá að vera ólýðræðislegur. Erfitt er að færa rök fyrir báðum skoðunum en báðar hliðar virðast velja sér mismunandi sjónarmið Konfúsisma og kínverskra pólitískra hefða til þess að styðja mál sitt í stað þess að skoða hvernig eða upp að hvaða marki Konfúsismi hefur áhrif á lýðræðisvæðingu í Kína (Zhao, 2000).

Það er margt sameiginlegt með Kenningum Konfúsíusar og Mencíusar og vestrænu lýðræði. Bæði eru til dæmis á móti einræðisvaldi (e. despotism) en Konfúsíus taldi hagsmuni stjórnenda og almennings nátengda og því mikilvægt fyrir stjórnendur að hafa stuðning almennings. Konfúsíus var ekki aðeins á móti einræði heldur varði hann réttindi og hagsmuni almennings. Mencíus hinsvegar fór lengra og sagði hagsmuni fólksins mikilvægari en hagsmuni stjórnenda og varði rétt fólks til uppreisna. Konfúsíus talaði einnig fyrir virkri þátttöku almennings í pólitík og sagði það vera skyldu heiðursmanna (e. gentlemen) að taka þátt í ríkisstjórn, til þess að gera stjórnendur góðlega og vitra. Mencíus talaði um þrjár tegundir þátttöku, fyrsta tegundin var Bi'e sem tekur þátt í stjórnárum þegar aðstæður voru góðar og dregur sig í hlé þegar aðstæður versna. Önnur tegundin var E Yin, sem þjónar ríkisstjórn bæði á góðum og slæmum tímum vegna þess að hann trúir að þátttaka hans geri stöðuna ekki verri og geti jafnvel gert hana betri. Þriðja tegundin er Hwuy, sem hefur samskipti við alls konar fólk, hvort sem það er dyggðugt, illgjarnt, gáfað eða fáfrótt, án þess að slaka til lífsreglum (e. principles) sínum (Zhao, 2000).

Bæði Konfúsismi og vestrænt lýðræði leggja áherslu á borgaralega dyggð (e. civic virtue) en Konfúsíus ráðlagði fólki að fylgja gullnu meðalreglunni, um að koma fram við aðra eins og þeir vilja að sé komið fram við sig, ef það reyndist of erfitt að lifa eftir helstu dyggðum hans, sem voru góðmennska (e. benevolence) og velsæmi (e. propriety). Á meðan lýðræði kallar eftir kurteisni (e. civility), umburðarlyndi og málamiðlunum. Vert að minnast á að Konfúsismi hneygist mjög til jafnréttis, sérstaklega í félagshagfræðilegum skilningi, en Konfúsíus sagði:

„Ég hef lært að trúa því að þeir sem eiga konungsdæmi og auð ættu ekki að hafa áhyggjur af því hvort þeir stjórni nægu fólki eða landssvæði, heldur ættu þeir að hafa áhyggjur af ójafnri dreifingu auðs; þeir ættu ekki að hafa áhyggjur af því að þeir séu fátækir, heldur ættu þeir að hafa áhyggjur af því að fólkið sé ekki ánægt. Með sanngjarnri dreifingu auðs, verður engin fátækt; með gagnkvæmum velvilja, verður engin skortur; og með



ánægju fólks, verður hvorki hrun né sundrung"<sup>40</sup> (Zhao, 2000, bls. 60).

Vestrænt lýðræði leggur meiri áherslu á pólitískt og borgarajafnrétti, en efnahagslegt og félagslegt jafnrétti hefur þó verið að draga að sér meiri athygli (Zhao, 2000).

Það er fjölmargt ólíkt með Konfúsisma og vestrænu lýðræði. Meðal annars skoðanir þeirra á eðli mannsins en Reinhold Niebuhr lýsti vestrænu lýðræði svo: „Réttlætiskennnd manna gerir lýðræði mögulegt, á meðan tilhneyging þeirra til óréttlætis gerir lýðræði nauðsynlegt"<sup>41</sup> (Zhao, 2000, bls. 60). Lýðræði grundvallast almennt á þeirri svartsýnu forsendu að menn séu hvorki alvitrir né almáttugir og að eigingirni þeirra gerir ágreining óumflýjanlegan. Konfúsismi er sammála vestrænu lýðræði að því leyti að menn séu skynsamir en er ósammála um að mannseðli sé í raun slæmt. Konfúsíus og Mencius gera lítið úr neikvæðu hliðum mannseðlis og segja að menn fæðist heiðarlegir og góðir, sem ýtir ekki undir innleiðingu lýðræðis, á meðan svartsýn skoðun á mannseðli styður frekar lýðræði, til þess að hafa hemil á stjórnendum. Annað sem er ólíkt með Konfúsisma og vestrænu lýðræði er að lýðræði er tengt einstaklingshyggju á meðan Konfúsismi leggur mikla áherslu á fjölskyldur, auðmýkt og tryggð gagnvart foreldrum og þjóðfélagslegan samhljóm (e. social harmony), sem hefur haft mikil áhrif á kínverskt þjóðfélag og pólitíska menningu. Viðhorf Konfúsisma og vestræns lýðræðis til stigveldis og jafnræðis eru líka ólík en á meðan vestrænt lýðræði boðar jafnræði samþykkja og fegra Konfúsíus og Mencius stigveldi. Mencius sagði að í þjóðfélagi ynnu sumir með huganum og aðrir með höndunum. Þeir sem ynnu með huganum stjórnuðu og þeir sem ynnu líkamlega vinnu væri stjórnað og Konfúsíus vildi að prins væri prins, faðir væri faðir og sonur væri sonur. Konfúsismi gerir líka mun á gömlum og ungum og körlum og konum og segir þá síðarnefndu eiga að hlýða fyrrnefndu. Annar munur á Konfúsisma og vestrænu lýðræði er að Konfúsismi kys frekar siðferði en lög á meðan vestrænt lýðræði einkennist af löggjöf. Einn mikilvægasti munur á Konfúsisma og vestrænu lýðræði er viðhorf þeirra til stjórnenda. Konfúsíus sagði að alþýdumaður gæti orðið forsætisráðherra á einni nóttu en tiltók ekki hvernig velja eigi stjórnendur né hvernig eigi að hafa hemil á einræðisvaldi á meðan undirstaða lýðræðis er að velja og hafa hemil á stjórnendum (Zhao, 2000).

---

<sup>40</sup> „I have been thought to believe that those who have kingdoms and possessions should not be concerned that they have not enough people or territories, but should be concerned that wealth is not equally distributed; they should not be concerned that they are poor, but should be concerned that the people are not contented. For with equal distribution, there will be no poverty; with mutual goodwill, there will be no want; and with contentment among the people, there can be no downfall and dissolution" (Zhao, 2000, bls. 60).

<sup>41</sup> „men's capacity for justice makes democracy possible; but men's inclination to injustice makes democracy necessary" (Zhao, 2000, bls. 60).

Þótt Konfúsismi sé andsnúin einræðisvaldi, verji réttindi og hagsmuni fólks, styðji pólitíska þátttöku fólks, leggi áherslu á borgaralega dyggð og hneygist til jafnræðis er ekki hægt að tala um að Konfúsismi sé lýðræðislegur, því hann talar ekki fyrir vinsældarvali forystumanna og einstaklingsfrelsi. Þó er ekki hægt að segja að Konfúsismi sé ólýðræðislegur m.a. vegna viðhorfa hans til mannseðlis, áherslu á fjölskyldu, þjóðfélagslegan samhljóm og virðingu fyrir yfirvaldi. Í raun er Konfúsismi hlutlaus þar sem hann hvorki talar fyrir né er á móti lýðræði (Zhao, 2000).

## 6.2 Pólitísk menning, spilling, þróun og bændur

Sumir telja lýðræði henta kínverskri pólitískri menningu afar illa en Lucian Pye, stjórn málafræðingur og sérfræðingur í kínverskri menningu, ásamt fjölmörgum kínverskum lýðræðissinum telja að kínversk pólitísk menning feli sér umburðarleysi fyrir ágreiningi, þrá eftir yfirvaldi og áherslu á tryggð sem leiðir til klíkuskapar. Það er þó ekki hægt að kenna eingöngu pólitískri menningu Kína um misheppnaðar lýðræðistilraunir. Pólitísk menning Kína hefur breyst síðustu ár vegna efnahags- og þjóðfélagslegrar þróunar, aukinnar menntunar og betra aðgengis að fjölmiðlum, sem hefur gert kínverskan almenning upplýstari og áhugasamari um pólitík (Zhao, 2000).

Misnotkun valds sér í hag eða spilling gegnsýrir nánast öll stig og deildir ríkisstjórnar en eftirlitsnefndir með spillingu hafa m.a. gómað embættismenn úr Stjórn málaráði, hershöfðingja, herforingja, flokksritara í sýslum, hátt setta bankamenn, forstjóra fyrirtækja í eigu ríkisins og þorpsleiðtoga fyrir spillingu. Spilling þeirra sem eru við völd, grefur undan lögmæti Kínverska kommúnistaflokksins og ríkisstjórnarinnar, hindrar skilvirka framkvæmd stefna ríkisstjórnar og ýtir undir gremju og reiði almennings í garð ríkisstjórnar. Spilling eykur líka viðskiptakostnað, dregur úr hagvexti og atvinnu auk þess sem hún eykur ójöfnuð, skaðar þá fátæku og valdalitlu og eykur þjóðfélagslegt óréttlæti. Ef Kínverska kommúnistaflokknum tekst ekki að draga úr spillingu mun líklega myndast einræðisleg vinarfyrirgreiðslufjármagnshyggja (e. authoritarian crony-capitalism) sem tengir óábyrgt pólitískt vald við peninga. Ef slíkt myndi eiga sér stað myndi það skapa gífurlega hindrun fyrir lýðræðisvæðingu Kína en félagshagfræðilegur ójöfnuður, í þjóðfélagi sem stjórnað er af vinarfyrirgreiðslukapítalístum, grefur undan lýðræðislegum starfsháttum (Li, 2008). Kínverska ríkisstjórnin hefur gefið út yfir 1.200 lög, reglur og reglugerðir til þess að berjast gegn spillingu en vandamálið liggur í veikri framkvæmd laganna. Þótt aukin spilling sé líkleg til þess að hindra lýðræðisvæðingu í Kína, með vinarfyrirgreiðslufjármagnshyggju, er möguleiki á að hún gæti hrint af stað lýðræðisvæðingu. Til dæmis ef Kínverski kommúnistaflokkurinn myndi smám saman auka hlutverk fjölmiðla og almennings til þess að stemma stigu við spillingu, sem myndi kynna til sögunnar aukna pólitíska frelsisvæðingu. Það myndi einnig hjálpa lýðræði í Kína ef

dómskerfið væri styrkt til þess að stemma stigu við spillingu. Stjórnlaus spilling kínverskra embættismanna gæti hraðað hnignun og leitt til falls Kínverska kommúnistaflokksins sem líklega myndi hrinda af stað lýðræðisvæðingu. Til dæmis gæti stjórnlaus spilling grafið undan lögmæti flokksins og ríkisstjórnar, sem gæti þess vegna valdið miklum efnahagslegum erfiðleikum sem ýtir undir óánægju og reiði almennings. Það er hinsvegar talið ólíklegt að lýðræði, sem verði til í slíkum aðstæðum, sé stöðugt og frjálst og líklegt er að nokkrir vellauðugir einstaklingar myndi fámennisstjórn (Li, 2008).

Þróun landa hefur mikið að segja um getu þeirra til þess að taka upp lýðræði. Augljósasta samband milli þróunar og lýðræðis er menntun en þjóð þarf að vera menntuð til þess að hafa áhuga á og vilja til þess að taka þátt í pólitík. Lýðræði krefst líka sjálfstæðra þjóðfélagslegra afla og hópa, sem vilja aðgang að stefnumótun og hafa næg úrræði til þess að neyða ríkið til þess að virða reglur, sem gefa þeim þennan aðgang. Í vanþróuðum löndum eru þjóðfélög oftast veikbyggð og þola illa ósamkomulag og hægagang lýðræðislegrar stefnumótunar. Gífurlega hröð félagshagfræðileg þróun hefur þó átt sér stað síðustu ár í Kína og er verg landsframleiðsla á íbúa vel yfir lágmarki sem talið er þurfa til þess að lýðræði virki (Zhao, 2000).

Sumir Kínverjar halda því fram að það sé erfitt eða jafnvel ómögulegt að byggja upp lýðræði í þjóðfélagi með mikinn fjölda bænda. Vegna þess að þeir telja bændur vera valdboðssinna, sem eru á móti borgum (e. anti-urban), útlendingum og menntamönnum og telja að þeir myndu kjósa gegn frjálsslyndi, heimsborgarisma (e. cosmopolitanism), samkeppnisstofnunum (e. competitive institutions) og nýta sér lýðræði til þess að endurreisa einræði. Raunin er hinsvegar sú að bændur hafa lítið haft að gera með misheppnaðar lýðræðistilraunir í nútímasögu Kína. Einnig eru kínverskir bændur í dag talsvert nútímavæddari en stuðningsmenn þessarar kenningar gera ráð fyrir. Þeir eru nú læsir og skrifandi, (e. literate), þéttbýlismenn, sveigjanlegir (e. mobile), iðnvæddir og heimsborgaralegir. Enn fremur hafa kínverskir bændur sýnt að þeir geta kosið í og starfrækt einfaldar lýðræðislegar stofnanir í þorpum og bæjarumdæmum. Líklegt er að ef kínverskir bændur fái tækifæri til þess að kjósa í mikilvægum kosningum myndu þeir komast að vel upplýstri ákvörðun, sem þjónar þeirra hagsmunum, en þeir hafa talsverðan aðgang að fjölmiðlum og skilja vel áhrif stefna ríkisstjórnar á hagsmuni þeirra. Það skal þó taka fram að talsverður munur er á milli Kínverja sem búa í borgum og þeirra sem búa í sveitum í efnahagslegum og pólitískum skilningi. Kínverskir lýðræðissinnar í borgum óttast að áhrif bænda á stefnur muni í sumum tilvikum hafa óhagstæð áhrif fyrir borgarbúa, sem líklegt er ef Kína tekur upp lýðræði. Lýðræðissinnar í borgum verða hinsvegar að vera tilbúnir að sjá aðra þjóðfélagshópa hagnast af frelsisvæðingu stjórnsmálakerfisins sem þeir ýta á eftir en það að bændur hafi mikilla hagsmuna að gæta býr til hagstætt umhverfi fyrir lýðræði (Zhao, 2000).

## 7. Lokaorð

Allt frá því að vestrænna áhrifa fór verulega að gæta í Kína eftir fyrsta Opíumstríðið hafa kínverskir menntamenn leitað vestrænna leiða til þess að bjarga Kína, sem hafði dregist verulega aftur úr vestrænum ríkjum. Í leit sinni að raunhæfu pólitísku stjórnmalakerfi hafa Kínverjar gert margar tilraunir til lýðræðis sem allar hafa mistekist. Afhverju? Vegna eðlis kínversks samfélags? Pólitískra hefða? Kínverskra pólitískra leiðtoga? Óþreyju menntamanna í að nútímavæða efnahag Kína? Þjóðfélagslegs samhljóms? Eða síðast en ekki síst vegna vanþekkingar og skilningsleysis á hvað lýðræði er? Sem á endanum hefur skapað mikið vantraust og tortryggni gagnvart lýðræði.

Hugtakið lýðræði fékk á sig jákvæða merkingu í hugum margra kínverskra menntamanna og varð að vinsælu slagorði í pólitískri umræðu í byrjun 19. aldar. Í ljósi þess hafa kínverskir pólitískir leiðtogar þurft að nota lýðræðislegt form ríkisstjórnar og stofnana þrátt fyrir að þeir væru að stofna einveldi. Hugmyndir um lýðveldi, stjórnarskrá, forseta, ríkisstjórn og þing voru aðeins tæki í augum margra kínverskra pólitískra leiðtoga. Kínverskum menntamönnum fannst lýðræði eftirsóknarvert þegar þeir sáu að lýðræði færði vestrænum löndum velmegun. Á sama hátt snéru þeir sér til kommúnisma þegar þeir sáu uppgang hans í Sovétríkjunum.

Það er sorglegt að sjá hvernig pólitísk saga Kína á 20. öld einkennist af hringrás byltinga og einveldis þar sem óánægðir byltingarsinnar hrifsa til sín völdin í nafni fólksins og stofna ný einveldi, sem skapa reiði og óánægju og leiðir til þess að þeir eru hraktir frá völdum af nýjum byltingarsinum, sem líka stofna einveldi. Allir byltingarsinnaðir andstæðingar valdboðsstjórnar í Kína hafa sagst vera lýðræðissinnar en um leið og þeir hafa komist til valda verða þeir valdboðssinnar. Af þessu er ljóst að lýðræði virkar ekki nema hjá velmenntaðri þjóð þar sem það tekur tíma að þróa og kenna lýðræði.

Í dag er alþjóðleg staða Kína mjög sterk en Hu Jintao, forseti Kína, var nýlega kosinn valdamesti maður heims af Forbes (Forbes, 2010). Stöðugur hagvöxtur síðustu ára ásamt stofnanavæðingu Deng Xiaoping og bandamanna hans á Kínverska kommúnistaflokknum og Alþýðulýðveldinu hafa leitt til þess að pólitískt ástand í Kína er nokkuð stöðugt. Leiðtogaskipti fara fram á friðsamlegan hátt eftir að kjörtímabilum leiðtoga lýkur og stefnumótun er friðsöm og tiltölulega fyrirsjáanleg. Einnig virðast eiga sér stað tilraunir til lýðræðis með beinum kosningum til nefnda í þorpum og jafnvel hærra settra stjórnsýslueininga. Hu Jintao hefur sagt að lýðræði sé sameiginlegt takmark mannkyns og Wen Jiabao, forsætisráðherra, sagði árið 2007 að grunnþarfir sósíalíks kerfis væru þróun lýðræðis og endurbætur réttarkerfisins. Lýðræðið sem Hu Jintao og Wen Jiabao stefna að er þó ólíkt skilgreiningu vestrænna þjóða á lýðræði þar sem

æðstu leiðtogar Kína leggja mikla áherslu á að forysta Kínverska kommúnistaflokksins haldist og telja umræðupólítík henta Kína betur en opnar og fjölflokka kosningar.

Þegar horft er til framtíðar er þó rétt að huga sérstaklega að Kínverjum sem fæddir eru eftir efnahagslegar umbætur Deng Xiaoping árið 1978. Þeir ólust upp í allt öðru þjóðfélagi en foreldrar þeirra sem nú eru við völd. Eftir tíu til tuttugu ár verður stærsti hluti kínversks þjóðfélags þessi kynslóð. Því þarf að átta sig á viðhorfum þeirra til þess að spá fyrir um lýðræðislega framtíð Kína. Ánægja með þegar fengið frelsi og áframhaldandi hagvöxt gæti leitt til þess að eftirspurn eftir örum breytingum í lýðræðisátt yrði ekki mikil. Einnig gæti óttinn við breytingar, þ.e. að missa stöðugleika og hagvöxt leitt til áframhaldandi einsflokka einræðis. Menningarlegir þættir hafa líka áhrif en konfúsísk þjóðfélög forðast átök og sækjast eftir jafnvægi. Fleiri og fleiri Kínverjar fæddir eftir 1980 alast upp við það að pólitísk réttindi og frelsi skipti meiru en efnahagsleg velferð og efnisleg verðmæti, sem þeir taka sem sjálfsögðum hlut. Þessi lýðræðislega þenkjandi kynslóð mun taka við valdastöðum í Kína á næstu tíu til tuttugu árum. Líklegt er að núverandi stjórnkerfi Kína haldi áfram hægfare en stigvaxandi þróun í lýðræðisátt, sem er nauðsynlegt ef það á að viðhalda völdum sínum. Takist það ekki gæti það leitt til átaka eins og í Suður-Kóreu árið 1987.

Lýðræðisvæðing Kína myndi í grundvallaratriðum breyta alþjóðastjórn málum á öllum stigum. Lýðræðisvætt Kína myndi vera mun öflugara hvað varðar mjúka forystu. Með öðrum orðum það hefði gilda kröfu til heimsáhrifa þar sem það væri stærsta lýðræðisríki heims, sem kemur fram fyrir hönd 20% jarðarbúa.

Eins og John L. Thornton sagði snýst spurningin um lýðræðisvæðingu í Kína ekki um hvort hún muni eiga sér stað heldur hvernig og hvenær ásamt því hvort heimurinn sé tilbúinn fyrir lýðræðislegt Kína. Ég tel líklegt að Kínverski kommúnistaflokkurinn muni halda áfram þróun á lýðræðisbraut í viðleitni sinni til þess að halda völdum og muni á endanum þurfa að innleiða fjölflokka kosningar. Kínverskt lýðræði verður þó líklega á kínverskum forsendum en ekki hrein eftiröpun á vestrænu lýðræði. Því forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, hefur sagt að þrátt fyrir að Kína stefni að öflugum markaðsbúskap stefni það að sósíalísku lýðræði með kínverskum einkennum. Hvaða mynd það mun endanlega taka á sig mun tíminn einn leiða í ljós. Ég spái því ekki að Kína taki upp lýðræði á næstu tíu árum en tek undir með kínverska embættismanninum sem sagði að enginn spáir því að það muni taka lengur en 60 ár.

## Heimildaskrá

ACE Electoral Knowledge Network. (2010). China: Village Committee Elections:

First Steps on a Long March? Sótt 16. nóvember, 2010, af [http://aceproject.org/ace-en/topics/es/esy/esy\\_cn](http://aceproject.org/ace-en/topics/es/esy/esy_cn)

Beijing Municipal Public Security Bureau. (2011). Introduction. Sótt 19. janúar

2011, af <http://www.bjgaj.gov.cn/eng/gajjjAction.do?methodName=gajjjIndex&cateCode=GAJJ>

Bhattacharji, P., Zissis, C., & Baldwin, C. (2010). Media Censorship in China. Sótt

5. janúar, 2011, af [http://www.cfr.org/publication/11515/media\\_censorship\\_in\\_china.html](http://www.cfr.org/publication/11515/media_censorship_in_china.html)

Brown, K. (2009). *Friends and enemies : the past, present and future of the*

*Communist Party of China*. London ; New York: Anthem Press.

Bureau of Democracy - Human Rights and Labor. (2000). 2000 Annual Report on

International Religious Freedom: China: Bureau of Democracy, Human Rights, and Labor.

Bureau of East Asian and Pacific Affairs. (2010). Background Note: China. Sótt 10.

nóvember 2010, af <http://www.state.gov/r/pa/ei/bgn/18902.htm>

China Internet Information Center. (2010a). The Head of the State. Sótt 9.

nóvember, 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64408.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64408.htm)

China Internet Information Center. (2010b). The Party in Power. Sótt 9. nóvember,

2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64404.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64404.htm)

China Internet Information Center. (2010c). The State Administrative Organ. Sótt

9. nóvember, 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64412.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64412.htm)

China Internet Network Information Center. (2010). Internet Fundamental Data (By June 30, 2010). Sótt 18. janúar, 2011, af <http://www.cnnic.net.cn/en/index/00/index.htm>

China.org.cn. (2003a). The Central Organizations of the CPC. Sótt 9. nóvember, 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64573.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64573.htm)

China.org.cn. (2003b). Chart of the Central Organizations of the CPC. Sótt 9. nóvember, 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64735.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64735.htm)

China.org.cn. (2003c). The Election of the President. Sótt 9. nóvember, 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64586.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64586.htm)

China.org.cn. (2003d). Functions of the President. Sótt 9. nóvember, 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64587.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64587.htm)

China.org.cn. (2003e). Local People's Congresses and Their Standing Committees. Sótt 9. nóvember, 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64767.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64767.htm)

China.org.cn. (2003f). Major Functions and Rights of the NPC. Sótt 9. nóvember, 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64769.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64769.htm)

China.org.cn. (2003g). The Organizational Structure of the NPC. Sótt 9. nóvember 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64763.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64763.htm)

China.org.cn. (2003h). Status of the president. Sótt 9. nóvember, 2010, af [http://www.china.org.cn/english/features/state\\_structure/64589.htm](http://www.china.org.cn/english/features/state_structure/64589.htm)

China.org.cn. (2009). 1983: Household Responsibility System. Sótt 15. janúar, 2011, af [http://www.china.org.cn/features/60years/2009-09/16/content\\_18534697.htm](http://www.china.org.cn/features/60years/2009-09/16/content_18534697.htm)

- ChinaToday.com. (2010). China Information: The Communist Party of China (CPC). Sótt 12. nóvember, 2010, af <http://www.chinatoday.com/org/cpc/>
- Communist Party of China. (2002). Constitution of the Communist Party of China. Sótt 4. janúar, 2011, af [http://www.chinatoday.com/org/cpc/china\\_communist\\_party\\_constitution.htm](http://www.chinatoday.com/org/cpc/china_communist_party_constitution.htm)
- Duong, T. N. (2009). *CHINA'S SUPER GIRL SHOW: DEMOCRACY AND FEMALE EMPOWERMENT AMONG CHINESE YOUTH*. Master's degree, Lund University, Lund. Sótt af <http://lup.lub.lu.se/luur/download?func=downloadFile&recordId=1474699&fileId=1474700>
- Encyclopædia Britannica. (2010a). China. Sótt 11. október, 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/111803/China>
- Encyclopædia Britannica. (2010b). Chinese Communist Party (CCP). Sótt 16. október, 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/112450/Chinese-Communist-Party>
- Encyclopædia Britannica. (2010c). Deng Xiaoping. Sótt 7. nóvember 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/157645/Deng-Xiaoping>
- Encyclopædia Britannica. (2010d). The Early Republican Period. Sótt 7. nóvember 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/111803/China/71792/The-early-republican-period>
- Encyclopædia Britannica. (2010e). Hu Jintao. Sótt 9. nóvember, 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/860778/Hu-Jintao>
- Encyclopædia Britannica. (2010f). Hu Yaobang. Sótt 9. nóvember 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/274138/Hu-Yaobang>
- Encyclopædia Britannica. (2010g). Jiang Zemin. Sótt 9. nóvember, 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/303755/Jiang-Zemin>
- Encyclopædia Britannica. (2010h). Liang Qichao. Sótt 11. október, 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/338795/Liang-Qichao>



Encyclopædia Britannica. (2010i). Long March. Sótt 18. október 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/347303/Long-March>

Encyclopædia Britannica. (2010j). May Fourth Movement. Sótt 18. október, 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/370739/May-Fourth-Movement>

Encyclopædia Britannica. (2010k). Tiananmen Square incident. Sótt 20. október, 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/594820/Tiananmen-Square-incident>

Encyclopædia Britannica. (2010l). Zhao Ziyang. Sótt 9. nóvember, 2010, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/656898/Zhao-Ziyang>

Encyclopædia Britannica. (2011a). Hong Kong. Sótt 12. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/270971/Hong-Kong>

Encyclopædia Britannica. (2011b). Hua Guofeng. Sótt 19. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/274147/Hua-Guofeng>

Encyclopædia Britannica. (2011c). Jiangxi Soviet. Sótt 3. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/317219/Jiangxi-Soviet>

Encyclopædia Britannica. (2011d). Lin Biao. Sótt 5. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/341601/Lin-Biao>

Encyclopædia Britannica. (2011e). Macau. Sótt 12. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/353700/Macau>

Encyclopædia Britannica. (2011f). Mao Zedong. Sótt 5. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/363395/Mao-Zedong>

Encyclopædia Britannica. (2011g). Opium Wars. Sótt 8. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/430163/Opium-Wars>

Encyclopædia Britannica. (2011h). Qing dynasty. Sótt 8. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/112846/Qing-dynasty>

Encyclopædia Britannica. (2011i). tianming. Sótt 2. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/595275/tianming>

- Encyclopædia Britannica. (2011j). Wuhan. Sótt 3. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/649812/Wuhan>
- Encyclopædia Britannica. (2011k). Zhou Enlai. Sótt 12. janúar, 2011, af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/656977/Zhou-Enlai>
- eNotes. (2011). Sun Fo. Sótt 19. janúar, 2011, af [http://www.enotes.com/topic/Sun\\_Fo](http://www.enotes.com/topic/Sun_Fo)
- Fifth National People's Congress. (1982). Constitution. Sótt 10. janúar, 2011, af [http://english.gov.cn/2005-08/05/content\\_20813.htm](http://english.gov.cn/2005-08/05/content_20813.htm)
- Forbes. (2010). World's Most Powerful People - Hu Jintao. Sótt 18. janúar, 2011, af <http://www.forbes.com/profile/jintao-hu>
- Gang, Q. (2009). How the next ten years will decide China's future. Sótt 5. október, 2010, af <http://cmp.hku.hk/2009/10/29/2550/>
- Gilley, B. (2004). *China's democratic future : how it will happen and where it will lead*. New York: Columbia University Press.
- GlobalSecurity.org. (2005). Chinese Communist Party (CCP). Sótt 9. nóvember, 2010, af <http://www.globalsecurity.org/military/world/china/ccp.htm>
- Gov.cn. (2006a). Constitution. Sótt 4. janúar, 2011, af [http://www.gov.cn/english/2005-08/05/content\\_20813.htm](http://www.gov.cn/english/2005-08/05/content_20813.htm)
- Gov.cn. (2006b). [Democratic parties] Multi-party Cooperation and the Political Consultative System. Sótt 3. janúar, 2011, af [http://english.gov.cn/2005-08/15/content\\_23058.htm](http://english.gov.cn/2005-08/15/content_23058.htm)
- Gov.cn. (2006c). An Introduction to Democratic Parties. Sótt 3. janúar, 2011, af [http://english.gov.cn/2005-08/15/content\\_23322.htm](http://english.gov.cn/2005-08/15/content_23322.htm)
- Guillermaz, J. (1972). *A history of the Chinese Communist Party*. London,: Methuen.
- Gunde, R. (2004). China's Democratic Future: How It Will Happen and Where It Will Lead - Bruce Gilley discusses his new book, China's Democratic Future.

- Sótt 20. nóvember, 2010, af <http://www.international.ucla.edu/news/article.asp?parentid=8710>
- Hays, J. (2010). Democracy in China. Sótt 18. nóvember 2010, af <http://factsanddetails.com/china.php?itemid=308&catid=8&subcatid=49>
- He, B. (2003). How Democratic are Village Elections in China? Sótt 17. nóvember, 2010, af <http://rangevoting.org/HePresentationSummary.pdf>
- Hilla University. (2004). What is Democracy? Sótt 10. janúar, 2011, af <http://www.stanford.edu/~ldiamond/iraq/WhalsDemocracy012004.htm>
- Hook, B. (1982). *The Cambridge encyclopedia of China*. Cambridge  
Cambridgeshire ; New York: Cambridge University Press.
- Horsley, J. P. (2001). Village Elections: Training Ground for Democratization. Sótt 16. nóvember 2010, af <http://www.chinabusinessreview.com/public/0103/horsley.html>
- Hrannar Baldvinsson. (2009). Hver er saga og menning hinna fornu kínversku ríkja?  
Sótt 4. október, 2010, af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=17042>
- Hua, S., & Guo, S. (2007). *China in the twenty-first century : challenges and opportunities* (1st ed.). New York: Palgrave Macmillan.
- Internet World Stats. (2010). China: Internet Usage Stats and Population Report.  
Sótt 15. nóvember, 2010, af <http://www.internetworldstats.com/asia/cn.htm>
- Kishlansky, M. A. (1995). *Sources of World History* (Vol. 2). New York:  
HarperCollins.
- Law, T. (2010). Chinese Internet Usage in 2010. Sótt 15. nóvember 2010, af <http://www.buzzle.com/articles/chinese-internet-usage-in2010.html>
- Li, C. (2008). *China's changing political landscape : prospects for democracy*.  
Washington, D.C.: Brookings Institution Press.
- Lieberthal, K. (2004). *Governing China : from revolution through reform* (2nd ed.).  
New York: W. W. Norton.

- Lipton, E. P. (2002). *Religious Freedom in Asia*. New York: Nova Science Publishers, Inc.
- Luard, T. (2005). China village democracy skin deep. Sótt 16. nóvember 2010, af <http://news.bbc.co.uk/2/hi/asia-pacific/4319954.stm>
- Morgunblaðið. (2010). Bróðir Liu Xiaobo fær ekki að heimsækja hann. Sótt 18. janúar, 2011, af [http://www.mbl.is/frettir/erlent/2010/10/19/brodur\\_liu\\_xiaobo\\_faer\\_ekki\\_ad\\_heimsaekja\\_hann/](http://www.mbl.is/frettir/erlent/2010/10/19/brodur_liu_xiaobo_faer_ekki_ad_heimsaekja_hann/)
- Mörður Árnason. (Ed.) (2007) ÍSLENSK ORÐABÓK. Mál og menning.
- People's Daily Online. (2010). The State Council. Sótt 12. nóvember, 2010, af <http://english.peopledaily.com.cn/data/organs/statecouncil.shtml>
- Ragnar Baldursson. (1985). *Kína - Frá keisaraveldi til kommúnisma*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Rowen, H. S., Pei, M., & Yang, D. L. (2007). When Will the Chinese People Be Free? *Journal of democracy*, 18(3).
- Saich, T. (2001). *Governance and politics of China*. Houndmills, Basingstoke, Hampshire ; New York: Palgrave.
- Sigrún Harðardóttir. (2006). Getið þið sagt mér allt um Kína, helst sem fyrst? Sótt 9. nóvember, 2010, af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=6165>
- The Carter Center. (2011). About Us. Sótt 4. janúar, 2011, af <http://www.cartercenter.org/about/index.html>
- The Carter Center Delegation. (1997). Carter Center Delegation Report: Village Elections in China. Sótt 16. nóvember 2010, af <http://aceproject.org/regions-en/countries-and-territories/CN/reports/Final%20Report%20China%20Village%20Elections-1997.pdf>
- The Economist. (2005). Democracy Idol: A television show challenges the authorities. Sótt 18. nóvember 2010, af <http://www.economist.com/node/4382469>

- Thornton, J. L. (2008). Long Time Coming: The Prospects for Democracy in China. *Foreign Affairs*, 87.
- Wang, Z. (2007). Public Support for Democracy in China. Sótt 19. nóvember, 2010, af <http://www.informaworld.com/smpp/content~content=a783424725~db=all~order=page>
- Wikipedia. (2010). People's Republic. Sótt 10. janúar, 2011, af [http://en.wikipedia.org/wiki/People's\\_Republic](http://en.wikipedia.org/wiki/People's_Republic)
- Yang, J. (2006). 'Chinese Idol' Slows Its Dance with Democracy. Sótt 18. nóvember, 2010, af <http://thetyee.ca/Life/2006/08/14/SuperGirl/>
- Zhao, S. (2000). *China and democracy : the prospect for a democratic China*. New York: Routledge.
- Zheng, Y. (2010). *The Chinese Communist party as organizational emperor : culture, reproduction and transformation*. London ; New York: Routledge.